












# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

HELGARÚTGÁFA

7. ágúst 2010 — 183. tölublað — 10. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000




**Aldrei allir ánægðir**

*Ásta Sigrún Helgadóttir, nýr umboðsmaður skuldara, tekin tali.*

**viðtal** 18

**Hver er Paul Allen?**



*Auðkýfingurinn í snekkjunni við höfnina.*

**ríkidæmi** 26

**Mislynd og máttug**

*Tækniklúður þjóðþekktra Íslendinga.*

**vandræði** 22



**Kvartað undan Erpi**

*FM 957 hafa borist kvartanir vegna nýs lags Erps og Emm Sjé Gauta.*

**tónlist** 58

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Ferðalög | Allt | Allt atvinna






**HÁTÍÐIN UNDIRBÚIN** Fjölmargir taka þátt í Gleðigöngu samkynhneigðra sem fram fer í dag. Hér má sjá Arngrím Þórhallsson og fleiri önnum kafna liðsmenn Q - Félags hinsegin stúdenta við Háskóla Íslands undirbúa sinn þátt í göngunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Alcoa sagt slegið út af borðinu

**Forstjóri Alcoa segir stjórnvöld ekki hafa haft samband við fyrirtækið síðan í maí þrátt fyrir fyrirheit um samvinnu. Tímafrestur ráðherra útiloki fyrirtækið. Enn vanti upplýsingar um orkugetu á Bakka og kostnað.**

**IÐNAÐUR** Standi yfirlýsingar Katrínar Júlíusdóttur iðnaðarráðherra um að tekin verði ákvörðun um uppbygginu á Bakka fyrir 1. október, er ljóst að Alcoa hefur verið útilokað frá henni. Katrín lýsti þessu yfir í Kastljósi á fimmtudag.

„Ég held að öllum sé ljóst að ef það á að taka ákvörðun 1. október er verið að slá okkur út af borðinu,“ segir Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa á Íslandi. Þá muni ekki liggja fyrir upplýsingar um hve mikil orka sé á svæðinu, hvað kosti að nýta hana og hvenær hægt sé að afhenda hana. Án þeirra upplýsinga sé ekki hægt að fara í verkefnið.

Alcoa hefur unnið að uppbyggingu álvers á Bakka í fimm ár og Tómas segir að fjárfesting fyrirtækisins vegna verkefnisins nemi um tveimur milljörðum króna. Hann segir nefnd um uppbyggingu iðnaðar á svæðinu hafa metið fyrirtækið hæfast um miðjan maí. „Þeir ætluðu að vinna með okkur, en síðan höfum við ekkert heyrt. Þeir sögðust ætla að vera í sambandi.“

Katrín sagði í Kastljósinu að hún teldi minni líkur en áður að álver Alcoa rísi á Bakka. Tiltók hún sérstaklega að forsvarsmenn fyrirtækisins hefðu ekki haft samband við ráðherra. Hún kvaðst þó hafa fundið fyrir áhuga fyrirtækisins hér innanlands. „En ég hef ekki fundið þennan áhuga frá hinu erlenda móðurfélagi,“ sagði hún.

Tómas segir ummælin á misskilningi byggð. „Verkefnið er alfarið í höndum Alcoa á Íslandi. Við berum ábyrgð á rekstri Fjarðaáls og annarri uppbyggingu á Íslandi.“

Tómas segir fyrirtækið enn hafa áhuga á verkefninu, þótt vanti upplýsingar sem nauðsynlegar séu til að taka ákvörðun. **- kóp**










**SPURNING DAGSINS**



*„Magnús, var við ramman reip að draga í keppninni?“*

„Nei, fyrir mér var þetta ekki keppni.“

Magnús Jónsson var valinn draggdrottning Íslands í annað skipti á fimmtudagskvöld. Keppnin var hörð í þetta skiptið og sagðist Magnús ekki hafa átt von á sigri.

Þingmaður VG segir ótímabært að tala um hvort og hvernig samstarf gæti orðið:

# Vill ekki útiloka Hreyfinguna

**STJÓRNMÁL** Lilja Mósesdóttir, þingmaður VG, segir „algjörlega ótímabært“ að tala um hvort hún sameinist að einhverju leyti Hreyfingunni. Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, bauð þá flokksmenn VG sem vildu velkomna í sinn flokk í blaðinu í gær. Lilja segist finna fyrir miklum stuðningi almennra kjósenda VG og vilji ekki bregðast þeim nema nauðbeygð.

„Það hafa margir, aðallega pólitískir andstæðingar, sagt að ég eigi betur heima þar. Margir sem kusu Hreyfinguna kusu áður VG og þetta er því svipaður kjósendahópur. Ég starfaði með Þór Saari í búsáhaldabyltingunni og hef þekkt hann lengur en marga í VG. Þannig að ég kann mjög vel við þau í Hreyfingunni. En mér líður ágætlega í VG og á þar mjög gott samstarf við marga,“ segir Lilja.



Spurð hvort hún útiloki slíkt samstarf, jafnvel með fleiri þingmönnum úr VG, en blaðið hefur haft veður af slíkum þreifingum, segist Lilja ekki vilja svara því, hún hafi ekki hugsað þau mál í þaula: „Við vinstrimenn viljum hafa gott samstarf, og hvort sem við enduðum í sama flokknum eða störfuðum saman á ólíkum sviðum, held ég að sé bara algjörlega ótímabært að segja um. Ég væri líka mjög ánægð með það ef Hreyfingin gengi í VG!“ **- kóþ**

Munur á frjókornamælingum:

# Metsumar í Reykjavík

**NÁTTÚRA** Heildarfjöldi frjókorna í Reykjavík í júlí var langt yfir meðaltali og sló út met sem sett var sumarið 1991, að því er fram kemur í samantekt Náttúrufræðistofnunar Íslands. Frjókorn á Akureyri voru hins vegar langt undir meðaltali.

Heildarfjöldi frjókorna í rúmmetra fór í 4000 frjó, en metið frá 1991 voru 2500 frjó. Á Akureyri fór heildarfjöldi frjóa í rúmmetra í 378, sem er langt undir meðaltali júlímánaðar, sem er um 770 frjó í hverjum rúmmetra. **- bj**



**HAFDÍS HULD** Söngkonan vildi verða forseti Íslands. MYND/ÚR EINKASAFNI

Ljósmyndir í Lundúnum:

# Hafdís Huld sem forseti

**FERÐIR** „Þeim tókst að finna kjól sem er líkur þeim sem Vigdís Finnbogadóttir var í á frægri mynd frá níunda áratugnum. Ég sé núna að það hæfir mér vel að vera forseti,“ segir söngkonan Hafdís Huld en mynd af henni í hlutverki forseta Íslands verður til sýnis á ljósmyndasýningu í miðborg Lundúna sem verður opnuð á fimmtudag.

Hinn hálfíslenski ljósmyndari Emilie Fjóla Sandy, og vinkona hennar, Kamilla Weinhardt, standa að sýningunni. „Við spurðum einstaklinga í skapandi greinum hvað þeir höfðu viljað verða þegar þeir voru börn,“ segir Emilie. **- mmf / sjá Ferðalög**

BBC um borgarstjóra:

# Greinir frá Gnarr í draggi

**FJÖLMIÐLAR** Fréttavefur BBC greindi frá því í gærdag að borgarstjóri Reykjavíkur, Jón Gnarr, hafi komið fram í draggi á setningarhátíð Gay Pride í Reykjavík á fimmtudagskvöld.

Fréttin segir stuttlega frá þeim aðdraganda sem kom Jóni í borgarstjórastólinn. Hún greinir meðal annars frá þeim slagorðum og uppátækjum sem Besti flokkurinn tamdi sér í sveitarstjórnarkosningunum og lýsir uppistandi Jóns á setningarhátíðinni.

„Þetta kallið þið yfir ykkur þegar þið kjósið trúð,“ sagði Jón í drottningargervinu. **- sv**

# Festir í sessi fákeppni á mjólkurmarkaði

**Alvarlegar athugasemdir eru gerðar við frumvarp landbúnaðarráðherra um breytingar á búvörulögum af Samkeppniseftirlitinu. Í umsögn þess segir að nái frumvarpið fram að ganga komi það bæði neytendum og bændum illa.**

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið gerir alvarlegar athugasemdir við frumvarp um breytingar á búvörulögum sem lagt hefur verið fram. Í fréttatilkynningu um málið segir að með frumvarpinu sé fyrirhugað að lögfesta refsifyrirkomulag gagnvart tilteknum rekstraraðilum sem hafi hug á að framleiða mjólkurvörur fyrir íslenska neytendur.



**PÁLL GUNNAR PÁLSSON**

„Eins og segir í umsögn okkar gerum við alvarlegar athugasemdir við þessi áform og teljum að gangi þau eftir séu allar líkur á því að það skaði bæði neytendur og bændur. Við leggjumst því gegn frumvarpinu,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, og bætir því við að samkeppni sé til þess fallin að halda keppinautum á tánum, lækka verð, auka gæði og hvetja til nýbreytni. Hann segir engum vafa undirorpið að samkeppni á þessum markaði komi neytendum og bændum til góða.

Frumvarpið er lagt fram af Jóni Bjarnasyni, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, en er til umfjöllunar í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. Sigurður Ingi Jóhannsson, nefndarmaður í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd, sagði nýverið í samtali við Ríkisútvarpið að samkeppni ætti ekki við á þessum markaði. Spurður um það sjónarmið segir Páll að Samkeppniseftirlitið hafi talsvert skoðað þennan markað á undanförnum árum og minnir á húsleit sem farið var í hjá Mjólkursamsölunni fyrir nokkru síðan. Hann segir að rannsóknir eftirlitsins sýni fram á með óyggjandi hætti að innkoma nýrra aðila inn á markaðinn, eins og gerðist þegar Mjólka hóf mjólkurframleiðslu, hafi mjög góð áhrif á þróun hans og það til góða fyrir neytendur og bændur líka.



**BÚVÖRUMARKAÐUR** Frumvarp landbúnaðarráðherra hefur töluvert verið gagnrýnt út frá samkeppnissjónarmiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Í umsögn Samkeppniseftirlitsins segir að um mikilvægan neytendamarkað sé að ræða. Með því frumvarpi sem um ræðir sé gengið enn lengra en áður í þá átt að takmarka samkeppni á umræddum markaði og þannig séu enn frekar festar í sessi samkeppnishömlur neytendum og bændum til tjóns.

Þar kemur enn fremur fram að íslenskur mjólkurmarkaður hafi mörg einkenni samráðshrings. Páll Gunnar segir að oft sé það þannig þegar fyrirtæki standa í ólögmætu samráði að þá grípi menn til þess ráðs að búa til einhvers konar viðurlagakerfi til þess að tryggja að aðilar samráðsins svíki það ekki. „Við erum að benda á að það eru ákveðin líkindi með slíku og því sem lagt er til í þessu frumvarpi; það er að koma upp viðurlagakerfi. Í þessu tilfelli á að nýta réttarkerfið til að passa upp á það að keppinautar komist ekki inn á markaðinn og það er auðvitað óviðunandi og getur varla komið til greina að eigi rétt á sér.“ **magnusl@frettabladid.is**

Runólfur svarar ráðuneytinu:

# Afþakkar laun eftir uppsögn

**STJÓRNSÝSLA** Runólfur Ágústsson afþakkaði laun á uppsagnarfresti í bréfi til félagsmálaráðuneytisins. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem Runólfur sendi frá sér í gær.



**RUNÓLFUR ÁGÚSTSSON**

Í yfirlýsingunni sagðist hann jafnframt hafa skilað inn til ráðuneytisins umbeðnum gögnum um fjármál sín og félaga tengdum honum.

Fréttablaðið óskaði eftir því við félagsmálaráðuneytið í gær að fá gögnin afhent og fékk það svar að málið yrði skoðað og að haft yrði samband síðar um daginn. Ekkert heyrðist hins vegar meira frá ráðuneytinu í gær. **- sh**

Úrskurður Skipulagsstofnunar:

# Snjóflóðavarnir fara ekki í mat

**SKIPULAGSMÁL** Skipulagsstofnun hefur úrskurðað að viðbót við snjóflóðavarnir í Bolungarvík skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Frá þessu greinir vestfirski miðillinn bb.is.

Skipulagsstofnun segir að viðbótin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og að miðað við núverandi aðstæður muni fyrirhugað snjóflóðavarnarvirki hafa jákvæð áhrif á öryggi íbúa. Neikvæð áhrif verði helst sjónræn, einkum meðan á framkvæmdum stendur. Það verði þó ekki veruleg áhrif. **- þeb**

**HÁLENDIÐ**

**Stika leið á Breiðbak**

Ferðaklúbburinn 4x4 ætlar með heimild Skaftárhrepps að stika hálendisleið á Breiðbak. Merkingum mun lítið hafa verið sinnt í áratugi.






Geitungastofninn að ná sér eftir hrun árið 2004:

# Geitungar áberandi þessa dagana

**NÁTTÚRA** Sá tími ársins þegar geitungar eru mest áberandi er nú runninn upp.

„Þetta gerist á svipuðum tíma á hverju ári. Þeir verða áberandi á þessum tíma þegar karldýr og nýjar drottningar myndast í búunum. Karldýrin frjóvga drottningarnar sem fljúga svo í burtu og dreifa sér,“ segir Þóra Hrafnsdóttir, sérfræðingur á Náttúrufræðistofu Kópavogs.



**ÞÓRA HRAFNSDÓTTIR**

Þóra segir enn eitthvað í að geitungunum fari að fækka aftur. „Almennt má segja að geitungar þurfi fjóra mánuði til að ljúka búskapnum svo þeim ætti að fara að fækka verulega í lok september.“

Íslenski geitungastofninn varð fyrir áfalli í ágúst árið 2004 þegar óvenjulegt veðurfar gekk nærri því af stofninum dauðum. „Það rigndi mikið í byrjun ágúst og í kjölfarið skall á hitabylgja sem stóð í nokkurn tíma. Ætli það hafi hreinlega ekki farið að mygla hjá þeim blessuðum sem drap þá bara og hjó stórt skarð í stofninn,“ segir Þóra en bætir því við að stofninn hafi verið að ná sér á strik aftur.

Þóra segir sumarið í ár hafa verið gott fyrir náttúruna. „Almennt hefur þetta sumar verið gott fyrir gróður- og dýralíf. Allt virðist vera um mánuði á undan því sem maður á að venjast.“

Spurð um hvað fólk sem finnur óvelkomið geitungabú í garðinum hjá sér á að gera mælti Þóra með því að hafa samband við Náttúrufræðistofnun Íslands. „Þar er skordýrafræðingur sem hefur mikinn áhuga á því að fá slík bú í hendurnar til að greina og telja úr.“ **- mþl**



**GEITUNGAR** Búast má við því að geitungar verði áfram áberandi næstu vikurnar haldist veðrið gott. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA


Kringlan
Opið 10–18 í dag
Útsölulok!
Götumarkaðnum líkur um helgina
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## GENGIÐ 06.08.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 117,75 | 118,31 |
| Sterlingspund | 186,77 | 187,67 |
| Evra | 154,98 | 155,84 |
| Dönsk króna | 20,797 | 20,919 |
| Norsk króna | 19,667 | 19,783 |
| Sænsk króna | 16,522 | 16,618 |
| Japanskt jen | 1,3683 | 1,3763 |
| SDR | 179,93 | 181,01 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
209,363

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Segir ekki nóg af hreindýrum á syðsta veiðisvæðinu til að ná veiðikvótanum:

# Vill setja veiðibann á svæðinu

**NÁTTÚRA** Mun færri hreindýr eru nú á syðsta veiðisvæðinu, svokölluðu svæði 9, en reiknað var með þegar ákveðið var hversu mörg dýr ætti að veiða á svæðinu, segir Sigurður Guðjónsson, hreindýraleiðsögumaður á svæðinu. Hann segir að banna ætti veiðar alfarið til að stofninn nái sér á strik.

„Ég myndi stöðva veiðarnar, það er það eina sem hægt er að gera,“ segir Sigurður. „Ef offjölgun verður í kjölfarið er hægt að bjarga því strax með veiðum, en það er útilokað að lífga við dýr sem hafa verið drepin.“

Svæði níu er syðsta veiðisvæðið, en undir það falla Hornafjörður, Mýrar og Suðursveit.

Hreindýr eru talin yfir vetrartímann og segir Sigurður að sig gruni að dýr sem talin séu að vetri færi sig á milli svæða í meira mæli en áður hafi verið talið. Það leiði til þess að færri dýr séu eftir á svæðinu til að veiða upp í kvótann. Við það bætist að landeigendur heimila sumir ekki veiði og þá verði enn meira álag á skepnur sem eftir séu á veiðisvæðum. Miðað við síðustu talningu sé nú því til kvóti á fleiri dýr en séu á svæðinu.



**VEIÐAR** Hreindýr sem talin eru á syðsta veiðisvæðinu að vetri halda ekki endilega til þar að sumri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sigurður sendi bæjarráði Hornafjarðar erindi um málið, en því var vísað til umhverfis- og skipulagsnefndar. - bj

Stöðvaður í annað sinn:

# Á 170 kílómetra hraða á Dalvík

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður mótorhjóls mældist á 170 kílómetra hraða skammt frá Dalvík seint á fimmtudagskvöld.

Maðurinn reyndi að stinga lögregluna af en náðist eftir stutta eftirför. Hann reyndist nýlega hafa verið sviptur ökuréttindum eftir að hafa ekið á tæplega 120 kílómetra hraða á Akureyri.

Nokkur erill hefur verið á Dalvík vegna ölvunar og fjöldi fólks er á svæðinu vegna Fiskidagsins mikla. Einn gisti fangageymslur aðfaranótt föstudags. - þeb

Áætlun í jafnréttismálum:

# Vill láta kanna þátttöku feðra

**STJÓRNSÝSLA** Áhrif fæðingarorlofs karla á verkaskiptingu ungra foreldra verður könnuð, samkvæmt þingályktunartillögu sem Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, hefur undirbúið. Tillagan er um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2010 til 2014.



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Áætlunin er unnin í samráði við einstök ráðuneyti, Jafnréttisstofu og Jafnréttisráð. Kanna á sérstaklega áhrif niðurskurðar á greiðslum úr fæðingarorlofssjóði á orlofstöku feðra. - sv

Pólland fær nýjan forseta:

# Forvera minnst með þögn

**PÓLLAND, AP** Bronislaw Komorowski tók við sem forseti Póllands í gær, rúmum mánuði eftir sigur á Jaroslaw Kaczinsky í seinni umferð forsetakosninga.



BRONISLAW KOMOROWSKI

Áður en Komorowski var settur inn í embættið við hátíðlega athöfn á þingi minntust þingmenn með stuttri þögn fyrri forseta, Lech Kaczinsky, sem fórst í flugslysi í Rússlandi í apríl ásamt mörgum helstu ráðamönnum landsins.

Komorowski er tæplega sextugur hægrimaður, ákafur talsmaður frjálsra viðskipta og Evrópusambandsins. - gb

## Umhverfis landið

### Stærsta stórlúða heims veidd?



**BOLUNGARVÍK** Þjóðverji í sjóstangveiði veiddi 219 kílóa stórlúðu við Bolungarvík í gær. Fiskurinn var 248 sentimetrar á lengd og er talið líklegt að lúðan gæti jafnvel verið sú stærsta sem nokkurn tímann hefur veiðst á sjóstöng. Það er haft eftir Hauki Vagnssyni á heimasíðunni vikari.is. Þó nokkrar lúður hafa veiðst á sjóstöng á Vestfjörðum í sumar.

### Skortur á húsnæði í Strandabyggð

**STRANDABYGGÐ** Ekki er til nægilegt húsnæði í sveitarfélaginu Strandabyggð að mati atvinnumálanefndar sveitarfélagsins. Nefndin hefur lýst yfir áhyggjum sínum af þessu og segir það standa samfélaginu þar fyrir þrifum þegar auglýst sé eftir fólki til starfa þar. Sveitarstjórn Strandabyggðar ætlar að leita lausna á málinu.





### Messað í Flateyjarkirkju

**FLATEY** Messað verður í Flateyjarkirkju í dag, eins og hefð er fyrir fyrsta laugardag í ágúst. Athöfnin í dag hefst klukkan tvö og ætla félagar úr kór Reykhólaprestakalls að syngja en undirspilið verður á harmonikku. Viðgerðum á kirkjunni lauk nýverið en viðgerðir á múr, þaki og turni hennar hafa staðið yfir í nokkur ár. Á döfinni er svo að gera við listaverk Baltasars Sampers sem prýða kirkjuna að innan.



### Fiskidagurinn 10 ára

**DALVÍK** Fiskidagurinn mikli verður haldinn í tíunda sinn í dag. Hátíðin er reyndar farin að teygja sig yfir heila viku, en var formlega sett í gær. Ýmis afmælisatriði munu einkenna hátíðina í ár og meðal annars gaf Aron Óskarsson hátíðinni frumsamið lag, „Kvöldið fyrir fiskidaginn mikla“ og frumflutti það í gær. Þá verða í boði ýmsir tónleikar og sýningar, auk þess sem götunöfnum Dalvíkur er öllum breytt svo fyrri hluti þeirra sé fiskanafn. Fiskisúpukvöldið vinsæla er svo í kvöld.



### Kunnugir þjófar brutust inn

**SANDGERÐI** Nokkuð hefur verið um innbrot í Sandgerði undanfarna daga. Um verslunarmannahelgina var brotist inn í Reynisheimilið og félagsheimili Golfklúbbs Sandgerðis, auk þess sem brotist var inn í tvö einbýlishús þar sem flatskjám, tölvum og fleiru var stolið. Talið er að við innbrotið í Reynisheimilið hafi þjófarnir notað stiga og verið kunnugir aðstæðum, því þeir fóru beint inn um glugga á skrifstofu á annarri hæð.

### Brekkusöngurinn vinsæll

**VESTMANNAEYJAR** Fimmtíu þúsund manns hlustuðu á kvölddagskrá Þjóðhátíðar í Eyjum síðastliðið sunnudagskvöld. Hápunktur útsendingarinnar er brekkusöngur undir stjórn Árna Johnsen sem stendur í klukkutíma og hefur hann lengi verið sendur út í beinni útsendingu á Rás 2, en í ár var ákveðið að senda alla kvölddagskrána út. Samkvæmt hlustunartölum Capacent stillti um fimmtungur Íslendinga á aldrinum tólf til 80 ára einhvern tímann á útsendinguna.




# ÞJÓÐHÁTÍÐARSJÓÐUR

**auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum 2010 vegna ársins 2011 sem jafnframt er síðasta úthlutun sjóðsins.**

Þjóðhátíðarsjóður minnir á að frestur til að senda umsóknir um styrki 2010 vegna ársins 2011 **er til og með 31. ágúst n.k.**

Nánari upplýsingar eru veittar í símum 569 9628 og 569 9781 eða á netfanginu: thjodhatidarsjodur@sedlabanki.is.

Að öðru leyti er vísað í ítarlegri auglýsingar sem birtust í stærstu dagblöðunum 19. júní sl., og finna má einnig m.a. á vefslóðinni http://www.sedlabanki.is/?PageID=28.

*Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs*


## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**BJARTVIÐRI Á MORGUN** Það verða skúrir suðvestan til fram á síðdegið svo það er best að grípa regnhlífina með í Gleðigönguna í dag. Það léttir hins vegar til í kvöld og á morgun lítur út fyrir sumarblíðu víða um land.



**Á MORGUN** Stíf A-átt suðaustast, annars mun hægari.

**MÁNUDAGUR** Hæglætis veður, líkur á þoku við V-ströndina.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 26° |
| Billund | 22° |
| Frankfurt | 26° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Gautaborg | 22° |
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 21° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 27° |
| Orlando | 35° |
| Ósló | 21° |
| París | 25° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 23° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*



SLÁTTUVÉL
22.490
29.990
ÚTSÖLU VERÐ 19.490
10%
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
af útsöluvörum
lýkur um helgina
JAKKI
3.999
5.999
ÚTSÖLU VERÐ 3.390
GRILL
39.900
49.900
ÚTSÖLU VERÐ 35.900
FRÁBÆRT VERÐ
Í HÚSASMIÐJUNNI
Electrolux
5 ára ábyrgð
GOTT VERÐ
89.900
tekur 6kg
1200 snúninga
Þvottavél
1200 snúninga, tekur 6 kg.
Orkunýting A, þvottahæfni A
vinduhæfni B
1805455
Berjagrind
2202089
1.299
Berjatína Járn
með poka.
2202102
2.999
2.499
Sultukrukkur
MIKIÐ ÚRVAL
verð frá
299
Berjatína Plast
2202088
10 lítrar
6.795
8.795
Húsa Útimálning
10L Hvitt
7207040
3 ltr.
2.290
GOTT VERÐ UM HELGINA
Jotun
pallaolía 3 ltr.
Vinsælasta
pallaolían á Íslandi.
7049123-33-37
JOTUN
Treolje
TRJÁPLÖNTUÚTSALA
ÖLL SUMARBLÓM & GARÐPLÖNTUR
60%
AFSLÁTTUR
Látum verkin tala!
Garðútsölulok
tilboð gilda aðeins um helgina
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
blómaval
HÚSASMIÐJAN

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú fundið fyrir skorti á kjúklingakjöti í verslunum?*

JÁ 9,9%

NEI 90,1%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú sátt(ur) við störf Jóns Gnarr sem borgarstjóra hingað til?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lagði til afnám lægri þrepa virðisaukaskattsins:

# Ekki hægt að útiloka neinar tillögur

**SKATTAMÁL** Huginn Freyr Þorsteinsson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, segir að fyrirfram sé ekki hægt að útiloka neinar tillögur í skattamálum.

Í skýrslu um íslenska skattkerfið, sem AGS vann að ósk fjármálaráðuneytisins, var lagt til að lægri skattþrep virðisaukaskattsins yrðu hækkuð upp í 25,5 prósent ef frá væru skildar matvörur sem yrðu með fjórtán prósenta virðisaukaskatt. Meðal vara sem eru í dag með lægri skattprósentu má nefna bækur og dagblöð en í Fréttablaðinu á mánudag lýstu bóksalar yfir þungum áhyggjum af þessum tillögum.



**HUGINN FREYR ÞORSTEINSSON**

„Ég held að við þær aðstæður sem eru uppi núna sé ekki hægt að útiloka neitt. Nefnd vinnur að tillögum í skattamálum og auðvitað reynum við að forgangsraða og velja tillögur sem skila mestu í framtíðartekjum án þess að hafa of neikvæð áhrif á hagkerfið,“ segir Huginn.

Að sögn bóksala myndi hækkun á virðisaukaskatti á bækur í 25,5 prósent öll fara út í verðlagið sem myndi þýða rúmlega sautján prósenta hækkun á verði bóka. Slík hækkun kæmi sérstaklega illa við háskólanema og fjölskyldur framhaldsskólanema.

Huginn segir að litið verði til slíkra sjónarmiða í skattavinnunni og að reynt verði að komast hjá því að leggjast í breytingar sem komi tekjulágum hópum illa. Hann segir þó að þessi tillaga AGS hafi ekki verið rædd sérstaklega í ráðuneytinu. **- mþl**



**BÓKSALAR UGGANDI** AGS hefur lagt til að hækka meðal annars virðisaukaskatt á bókum. Bóksalar óttast mjög afleiðingar slíkrar hækkunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ekki missa af

Lindu Pétursdóttur, Certified Holistic Health Counsellor sem er komin aftur til landsins.



SYKUR - Hversvegna erum við sjúk í hann og hvað er til ráða?

Þriðjudaginn 10. ágúst kl. 17:30-19:30.

Maður lifandi Borgartúni. Verð: 2.900 kr.

MATREIÐSLUNÁMSKEIÐ

Heilnæmt, grænt og gómsætt!

Fimmtudaginn 12. ágúst kl. 17:30-20:30.

Maður lifandi Borgartúni. Verð: 6.500 kr.

TBWA\REYKJAVÍK\ SÍA \ 101932

maður lifandi

Skráning er hafin
í síma 585-8701 eða
á gg@madurlifandi.is
Nánari upplýsingar
á madurlifandi.is

Borgartúni 24
105 Reykjavík

Hæðasmára 6
201 Kópavogi

Hafnarborg
220 Hafnarfjörður



**EKKI AFHENT** Seðlabankinn hafnaði því í gær að afhenda lögfræðiálitið þar sem bankinn hafi ekki heimild lögfræðistofunnar sem vann álitið til að afhenda það fjölmiðlum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# SÍ fékk lögfræðiálit um ólögmæti lána

**Lögfræðiálit sem Seðlabankinn lét vinna leiddi í ljós að gengistryggð lán væru ólögleg 13 mánuðum fyrir dóm Hæstaréttar. Bankinn ekki dómstóll og því óviðeigandi að upplýsa um álitið að mati bankans. Viðskiptaráðuneytið var upplýst.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvað kemur fram í lögfræðiáliti sem Seðlabankainn lét vinna um gengistryggð lán?

Óháð lögfræðiálit sem unnið var fyrir Seðlabanka Íslands (SÍ) í maí í fyrra leiddi í ljós að gengistryggð lán, sem viðgengist höfðu hér á landi um langt árabil, væru í raun ólögmæt. Stjórnendur Seðlabankans telja að það hefði verið í hæsta máta óviðeigandi að upplýsa almenning um álitið.

Þrettán mánuðum áður en Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að gengistryggð lán væru ólögmæt komst lögmaður Lex að sömu niðurstöðu í lögfræðiáliti sem unnið var fyrir Seðlabankann. Álitið var dagsett 12. maí 2009. Sex dögum síðar tók aðallögfræðingur Seðlabankans undir álitið á minnisblaði, með þeim fyrirvara að ekki væru allir lögfræðingar sammála um þá túlkun, og dómstólar muni eiga síðasta orðið.

Upplýst er um lögfræðiálitið í svörum Seðlabankans við fyrirspurn nefndarmanna í viðskiptanefnd Alþingis og efnahags- og skattanefnd Alþingis, sem funduðu nýverið sameiginlega um gengistryggðu lánin.

„Niðurstaða álitsins [...] var sú að það kynni að vera óheimilt að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla,“ segir meðal annars í svari Seðlabankans til þingnefndanna.

Aðallögfræðingur Seðlabankans upplýsti lögfræðinga viðskiptaráðuneytisins um efni lögfræðiálitsins, að því er fram kemur í yfirlýsingu sem Seðlabankinn sendi frá sér í gær. Þar er einnig bent á að allar stofnanir og ráðuneyti sem „véla um fjármálastöðugleika“ hafi vitað að hugsanlegt væri að dómstólar kæmust að þeirri niðurstöðu að þessi lán væru ólögleg.

Í yfirlýsingu Seðlabankans kemur fram að ekki sé hægt að fullyrða að bankinn hafi vitað að gengistryggð lán væru ólögleg. Eitt lögfræðiálit hafi bent í þá átt, en á móti hafi staðið álit ýmissa annarra lögfræðinga sem gengið hafi í aðra átt.

Þar segir enn fremur að Seðlabankinn sé ekki dómstóll og geti því ekki skorið úr um lögmæti lánanna. „Það væri því í hæsta máta óviðeigandi ef hann hefði á þessum tíma gefið frá sér einhverjar yfirlýsingar þar að lútandi,“ segir í yfirlýsingu bankans.

Lögfræðiálitið var ekki afhent efnahags- og viðskiptaráðuneytinu með formlegum hætti, en þar vissu menn vissulega af þessari niðurstöðu, segir Benedikt Stefánsson, aðstoðarmaður ráðherra.

Hann segir að álitið hafi í raun engin áhrif haft, enda dómstóla að úrskurða um lögmæti lánanna. Lögmæti þeirra hafi verið einn af mörgum óvissuþáttum í uppgjörinu milli nýju og gömlu bankanna, þar hafi verið borð fyrir báru vegna ýmissa óvissuþátta.

Seðlabankinn vildi ekki afhenda Fréttablaðinu lögfræðiálitið og minnisblað aðallögfræðings bankans þegar eftir því var óskað í gær. Í yfirlýsingu bankans kemur fram að bankinn hafi ekki heimild til að afhenda álitið án samþykkis viðkomandi lögfræðistofu. Ekki verði reynt að afla þess fyrr en eftir helgi.

Hvorki seðlabankastjóri né aðstoðarseðlabankastjóri gáfu kost á viðtölum vegna málsins í gær.

**brjann@frettabladid.is**

## Hefði átt að upplýsa almenning



**MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR**

Seðlabankinn hefði átt að upplýsa almenning um niðurstöðu lögfræðiálits um gengistryggð lán í stað þess að halda niðurstöðunni fyrir sig, segir Margrét Tryggvadóttir, þingmaður Hreyfingarinnar.

Upplýst var um lögfræðiálitið í svari Seðlabankans við spurningum sem fram komu á sameiginlegum fundi viðskiptanefndar Alþingis og efnahags- og skattanefndar Alþingis hinn 5. júlí síðastliðinn. Svar bankans er dagsett 30. júlí. Margrét hefur nú ásamt Þór Saari, þingmanni Hreyfingarinnar, óskað eftir því að fulltrúar Seðlabankans komi á ný á sameiginlegan fund þessara tveggja nefnda þingsins til að skýra nánar svörin.

„Við viljum vita hverjir fengu aðgang að þessu lögfræðiáliti,“ segir Margrét. „Ríkisstjórnin átti klárlega að fá þessar upplýsingar.“ Hún segir næsta víst að þing og ríkisstjórn hefðu hagað sínum málum öðruvísi sumarið 2009 hefði verið upplýst um þessa niðurstöðu Seðlabankans. Til dæmis hafi stjórnvöld verið að ljúka við uppgjörið milli gömlu og nýju bankanna á þessum tíma. Þá hefðu hugmyndir um almenna niðurfellingu skulda eflaust fengið víðtækari stuðning ef þessi niðurstaða hefði verið ljós.



ERTU AÐ FARA Í SUMARFRÍ?

Þú getur afpantað Fréttablaðið á meðan þú ert að heiman. Hafðu samband í grænt númer 800-1177 eða sendu póst á netfangið dreifing@posthusid.is





Pósthúsið

Pósthúsið ehf. annast dreifingu Fréttablaðsins, nánari upplýsingar á www.visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...




Gildir til 19. ágúst á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## VEISTU SVARIÐ?



*1. Af hverju verður Harpa ekki alveg tilbúin við opnun?*

*2. Um hvern skrifa blaðamennirnir Þórarinn Þórarinsson og Jakob Bjarnar Grétarsson bók?*

*3. Upp á hverju tók Jón Gnarr borgarstjóri við setningu Hinsegin daga?*

Seðlabanki og Byggðastofnun setja 390 milljónir króna í Sparisjóð Norðfjarðar:

# Sjóðurinn þolir myntkörfuskellinn

**VIÐSKIPTI** Fjárhagslegri endurskipulagningu Sparisjóðs Norðfjarðar er lokið. Seðlabankinn leggur honum til 150 milljóna króna stofnfé og Byggðastofnun 240 milljóna króna víkjandi lán í skiptum fyrir 49 prósenta eignarhlut. Við það verður stofnfé sparisjóðsins rúmar 620 milljónir króna og verður eiginfjárhlutfall hans 22 prósent.

Stofnfjárhlutir ríkisins hafa verið framseldir til Bankasýslu ríkisins sem fær tvö stjórnarsæti í sparisjóðnum að loknum aðalfundi í enda mánaðar. Bankasýslan auglýsti eftir tilnefningum í stjórnir þeirra sparisjóða sem fyrirséð er að komi í eigu hennar á næstunni.



**Í NESKAUPSTAÐ** Staða Sparisjóðs Norðfjarðar er sterk eftir endurskipulagningu, segir sparisjóðsstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/ELMA

Vilhjálmur G. Pálsson sparisjóðsstjóri segir sparisjóðinn hafa orðið fyrir miklu tjóni í bankahruninu haustið 2008 og stjórn hans óskað eftir eiginfjárframlagi frá ríkinu í janúar í fyrra. Um svipað leyti hafi einstaklingar og fyrirtæki í Fjarðabyggð lagt honum til nýtt stofnfé upp á 253 milljónir króna.

Vilhjálmur segir stöðu sparisjóðsins, sem er með útibú í Neskaupstað og Reyðarfirði, sterka eftir niðurstöðuna. „Við eigum að þola verstu hugsanlegu niðurstöðu er varða uppgjör á lánasamningum í erlendri mynt og vel það,“ segir hann. **- jab**

Ný bandarísk rannsókn:

# Spáð fyrir um hegðun seinna

**VÍSINDI** Hegðun og persónuleiki í æsku hefur mikið forspárgildi um hvernig einstaklingar hegða sér á fullorðinsárum, samkvæmt nýrri rannsókn við Kaliforníuháskóla.

Skoðaðir voru fjórir þættir persónuleikans; aðlögunarhæfni, hvatvísi, sjálfsmynd og málfærni. Mikil fylgni er sögð milli þess hvernig einstaklingar hegðuðu sér sem börn og svo sem fullorðnir einstaklingar. Þannig voru hvatvís börn líklegri til þess að tala hátt, hafa vítt áhugasvið og vera ræðin á fullorðinsárum. **- mþl**

Hörmungarnar í Rússlandi:

# Samúðarkveðja send frá Íslandi

**UTANRÍKISMÁL Ólafur Ragnar Grímsson forseti sendi í gær samúðarkveðju til Dmitrí Medvedevs Rússlandsforseta vegna hörmunganna sem orðið hafa í Rússlandi.**



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

**„Fjöldi landsmanna, bæði almennir borgarar og björgunarfólk, hefur látið lífið í kjölfar hinna hörmulegu elda sem herjað hafa á landið,“ segir í tilkynningu frá skrifstofu forseta.** **- gb**

Hirðin tjáir sig í fyrsta sinn:

# Sögð ganga með tvíbura

**DANMÖRK** Mary Elizabeth, krónprinsessa Danmerkur, ber tvíbura undir belti, samkvæmt upplýsingum sem Danska ríkisútvarpið hefur frá konungshirðinni.

Gert er ráð fyrir að Mary verði léttari í janúar. Danska ríkisútvarpið segir að undanfarna daga hafi Danir mikið velt vöngum yfir ástandi Mary en það var danska slúðurblaðið Se og Hør sem upplýsti um þungunina á miðvikudag. Konungshirðin hefur hins vegar neitað að tjá sig um málið, allt þar til í gær. **- jhh**

# Kæfandi reykjarmökkur liggur yfir Moskvuborg

**Moskvubúar þurftu að setja upp reykgrímur er þeir fóru út úr húsi. Jafnvel inni í húsum smaug reykur inn í hvern krók og kima. Eldar loguðu á fimm hundruð stöðum í vestanverðu Rússlandi. Yfir fimmtíu eru látnir.**

**RÚSSLAND, AP** Skyggni í Moskvuborg mældist ekki nema nokkrir tugir metra í gær vegna reykmengunar frá skógareldunum. Ferðafólki tókst að ná dulúðugum myndum af helstu kennileitum, en stækjan var römm og framkallaði þrálátan hósta.

Reykurinn kemur frá eldunum miklu sem herjað hafa á landið undanfarið. Spáð er kyrru veðri næstu daga í borginni þannig að reykmengunin er ekki á förum.

Heilbrigðisyfirvöld vara fólk við að fara mikið út úr húsi og vera þá með grímur fyrir vitum. Inni í húsunum er fólki ráðlagt að hengja upp vot handklæði til að taka í sig rykið og kæla loftið.

„Það er ekki nokkur leið að sinna vinnunni,“ sagði Mikhail Borodin, tæplega þrítugur Moskvubúi, sem kveikti sér í sígarettu og tók stundarkorn niður reykgrímuna til að geta fengið sér reyk. „Ég veit ekki hvað ríkisstjórnin er að gera, en þeir ættu bara að loka öllu.“

Hitarnir í Rússlandi hafa slegið öll met í sumar. Í næstu viku er spáð allt að 38 stiga hita í Moskvu, þar sem meðalhitinn á þessum árstíma er um 23 gráður.

Í gær brunnu eldar á 500 stöðum í Rússlandi, mest í vestanverðu landinu. Í nágrenni höfuðborgarinnar sást 31 skógareldur og fimmtán kjarreldar.

Stjórnvöld hafa viðurkennt að tíu þúsund manna slökkvilið landsins ráði engan veginn við vandann. Íbúar í mörgum smærri þorpum staðfesta það: eldarnir hafa farið á ógnarhraða yfir þorpin og skilið eftir sig auðn eina.

Í borginni Sarov, sem er töluvert fyrir austan Moskvu, börðust menn við að halda eldunum frá kjarnorkurannsóknarstöð. Í síðustu viku ollu eldarnir miklu tjóni á herflugvelli skammt fyrir utan Moskvu. Allt að 200 flugvélar skemmdust.

Eldarnir hafa orðið meira en fimmtíu manns að bana, meira en tvö þúsund hús eru eyðilögð. Vladimír Pútín forsætisráðherra hefur lofað því að ný hús verði reist fyrir veturinn og hver einstaklingur fái jafnvirði 800 þúsund króna í skaðabætur, sem er nokkuð há upphæð þegar haft er í huga að mánaðarlaun eru að meðaltali rétt innan við hundrað þúsund krónur. **gudsteinn@frettabladid.is**



**REYKUR Í MOSKVU** Varla var líft vegna reykmengunar í höfuðborg Rússlands í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is



**FORSETI Á FERÐ** Barack Obama Bandaríkjaforseti vinkar vegfarendum þar sem hann fór um í Washington í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stýrivöxtum haldið óbreyttum á evrusvæðinu fimmtánda mánuðinn í röð:

# Evruhagkerfið sagt komið fyrir horn

**EFNAHAGSMÁL** Efnahagsbatinn á evrusvæðinu var snarpari á þriðja ársfjórðungi en áætlanir gerðu ráð fyrir og stöðugleiki að færast yfir. Aðstæður eru að skapast til að draga úr aðstoð við fjármálafyrirtæki á efnahagssvæðinu.

Þetta er á meðal þess sem fram kom í máli Jean-Claude Trichet, aðalbankastjóra evrópska seðlabankans, á blaðamannafundi í Frankfurt í Þýskalandi í gær þegar hann tilkynnti um ákvörðun bankastjórnarinnar að halda stýrivöxtum á evrusvæðinu óbreyttum í 1,0 prósenti. Vextirnir hafa staðið óbreyttir frá því í maí í fyrra og hafa aldrei verið lægri. Hann telur þó ekki ástæðu til að hækka vexti á ný á allra næstu mánuðum.

Fjármálasérfræðingar taka undir orð seðlabankastjórans í samtali við Bloomberg-fréttaveituna í gær. Þá telja þeir verstu hremmingarnar yfirstaðnar á efnahagssvæðinu og vísa til þess að gengi evrunnar hefur styrkst um tíu prósent gagnvart bandaríkjadal síðastliðna tvo mánuði, evrópska hlutabréfavísitalan Stoxx 600 hækkað um ellefu prósent á einum mánuði og álag á ruslbréf lækkað verulega. - jab



**SEÐLABANKASTJÓRINN** Stýrivextir verða ekki hækkaðir á evrusvæðinu á allra næstu mánuðum þótt betur ári í efnahagslífinu, segir Trichet. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Serbneskt klaustur í Kosovo:

# Öryggisgæsla í hendur Albana

**KOSOVO, AP** Lögregla albanska meirihlutans í Kosovo tekur brátt við öryggisgæslu í serbneska klaustrinu Gracanica, sem er rétt fyrir utan höfuðborgina Pristina.

Markus Bentler, yfirmaður herafla NATO í Kosovo, skýrði frá þessu í gær. Til þessa hafa hermenn frá NATO gætt klaustursins, sem hefur mikla sögulega þýðingu fyrir Serba. Klaustrið hefur oft orðið fyrir árásum frá albönskum íbúum sem eru Serbum enn reiðir vegna ógnarstjórnar á tíunda áratugnum. - gb






**FYRSTA FARÞEGAFLUG VALLARINS Í TÍU ÁR** Fyrstu farþegar stíga út úr vél Flugfélags Íslands á flugvellinum á Húsavík. MYND/ÖRLYGUR

Bíll frá Slökkviliði Akureyrar sendur til Húsavíkur:

# Ekki farið eftir verkfallsvenjum

**SAMGÖNGUR** Ekki var hægt að taka á móti farþegaflugi á Akureyrarflugvelli í gærdag sökum verkfalls slökkviliðsmanna. Flugfélag Íslands notaði Húsavíkurflugvöll fyrir innanlandsflug meðan á verkfallinu stóð. Bíll Slökkviliðs Akureyrar á Akureyrarflugvelli var fluttur til Húsavíkur til að sinna þar öryggisstörfum á vellinum. Enginn slökkviliðsbíll var á Akureyrarflugvelli á meðan.

Sverrir Björn Björnsson, formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, segist halda að slíkt sé á skjön við verkfallsreglur.

„Ég held að þetta sé brot á öllum verkfallsvenjum og hefðum,“ segir hann.

Samningsfundur slökkviliðsmanna og launanefndar sveitarfélaganna stóð yfir í tæpar átta klukkustundir á fimmtudag án sáttar. „Ef menn hefðu náð að einbeita sér aðeins betur að verkefninu hefði þetta getað klárast,“ segir Sverrir.

Húsvíkingar tóku farþegum Flugfélags Íslands þó fagnandi. Buðu þeir meðal annars upp á kaffi og kleinur, afslátt í hvalaskoðun og bílferðir á milli staða.

„Við erum að fagna því að það sé flogið til Húsavíkur á ný og óskum þess að því verði haldið áfram,“ segir Gunnar Jóhannesson, starfsmaður hjá Fjallasýn Rúnars Óskarssonar á Húsavík.

„Ég er sannfærður um að fast áætlunarflug til Húsavíkur yfir sumartímann myndi fjölga farþegum hjá Flugfélagi Íslands.“ Gunnar segir óheppilegt að það þurfi verkfall til að hefja flug til Húsavíkur að nýju og vonast til að deilur leysist.

Ari Fossdal, stöðvarstjóri á Akureyrarflugvelli, segir breytingarnar á fluginu hafa gengið vel.

„Það eru góðir menn hér á Húsavík sem eru að gera þetta mögulegt í dag á meðan verkfallið stendur yfir,“ segir Ari. „Þó þykir mér ólíklegt að fast áætlunarflug til Húsavíkur yrði arðbært fyrir Flugfélag Íslands.“ - sv

BETRA VERÐ

Nýherji kynnir verðlækkun á Canon-prenturum fyrir skrifstofuna. Nú er rétti tíminn til að endurnýja tækjakostinn. Afkastamiklir prentarar á frábæru verði.




ENNEMM / SÍA / NM42910

Canon




MF8030CN
Fjölnota litalaserprentari og skanni fyrir minni skrifstofur.
- Skannar beint á minnislykil eða yfir í tölvu
- Innbyggð nettenging

Aðeins 69.900 kr.
Áður 89.900 kr.




LBP6650DN
Fullkominn laserprentari.
- 33 bls. á mínútu með PCL5e/6 stuðningi
- Innbyggð nettenging
- Tvíhliða prentun
- 250 bls. pappírsskúffa

Aðeins 64.900 kr.
Áður 84.900 kr.




LBP7750CDN
Afkastamikill litalaserprentari.
- 30 bls. á mín. í lit og 30 bls. í svarthvítu
- PCL5c/6 & UFR II stuðningur
- Innbyggð nettenging
- Tvíhliða prentun

Aðeins 119.900 kr.
Áður 154.900 kr.

NÝHERJI

Nýherji hf. Borgartún 37 Kaupangur, Akureyri Sími 569 7700 www.netverslun.is BETRI LAUSNIR




# iPad 3G er kominn!

Þú getur nælt þér í glænýjan iPad í verslun Símans í Kringlunni. Tryggðu þér eintak í dag því magnið er takmarkað.

Það er Síminn

800 7000 - siminn.is

*Gegn 6 mánaða bindingu í 3G Netinu 3: 1.590 kr. á mán., 3G Netinu 4: 3.090 kr. á mán. eða 3G Netinu 5: 5.090 kr. á mán.

ENNEMM / SÍA / NM43063

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Gleðigangan er óður til gleði og mannréttinda.

## Huglæga byltingin mest um verð

Í dag er mannréttindum fagnað í Gleðigöngu sem er þjóðhátíð samkynhneigðra og raunar þjóðhátíð allra Íslendinga. Það er enda ástæða til að fagna fjöldamörgum sigrum, stórum og smáum, á leiðinni til fullra mannréttinda samkynhneigðra.

Að þessu sinni er sérstök ástæða til að fagna nýju hjúskaparlögunum sem tóku gildi í sumar. Með þeim má segja að nánast öll vígi séu unnin í réttindalegum skilningi.

Sigrar í réttindalegum og lagalegum skilningi eru þó ekki nóg. Um það vitnar staða kvenna, sem þó er helmingur mannkyns. Enn er nefnilega langt í að raunverulegu jafnrétti kynjanna verði náð þrátt fyrir að í lögum sé ekki lengur að finna mismunun eftir kynferði.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Í Gleðigöngunni fagna samkynhneigðir og þorri þjóðarinnar ekki síst þeim huglæga sigri sem unnist hefur á ótrúlega skömmum tíma, hugarfarsbyltingu sem skilað hefur því að það er ekki lengur feimnismál að vera samkynhneigður. Ungt fólk þarf ekki lengur að óttast það að koma út úr skápnum, vera uggandi yfir því hvernig fjölskylda og vinir bregðast við.

Ungur samkynhneigður fótboltamaður, Steindór Sigurjónsson frá Hornafirði, lýsti þessu vel í viðtali við Fréttablaðið um síðustu helgi. Spurður um viðbrögð félaga sinna í boltanum við því þegar hann kom út úr skápnum fyrir tæpu ári segir hann að fyrirfram hafi hann ekki vitað við hverju hann ætti að búast: „En það breyttist ekki neitt. Allir hér í kring hafa tekið þessu mjög vel, enda breyttist ekkert í mínu fari við að koma út úr skápnum."

Þessi lýsing unga mannsins segir mikla sögu um hugarfarsbyltinguna. Þorra Íslendinga er nefnilega orðið sléttsama um kynhneigð fólks, ekki skeytingarlaust með neikvæðum hætti heldur á þann hátt að það hefur meiri áhuga á öðrum þáttum í lífi fólks en því hvort það kýs að lifa með og elska fólk af gagnstæðu eða sama kyni.

Þannig þurfti erlenda fjölmiðla sem slógu því upp að á Íslandi væri kominn samkynhneigður forsætisráðherra til þess að við áttuðum okkur á þeim tímamótum. Hér var bara verið að fagna því að kona hefði tekið við embættinu enda kærkomin tímamót.

Borgarstjórinn í Reykjavík, Jón Gnarr, braut einnig blað á fimmtudagskvöld þegar hann kom fram í draggi við setningu Hinsegin daga. Hvar annars staðar ætli slíkt myndi gerast? Framtak borgarstjórans var ekki bara glæsilegt heldur stórskemmtilegt líka.

Gleðigangan í dag er óður til lífsins og einnig fögnuður yfir fengnum mannréttindum undangenginna ára, bæði formlegum og huglægum. Á Hinsegin dögum og í Gleðigöngu fögnum við fjöldamörgum sigrum sem unnist hafa. Þannig vekur Gleðigangan einnig von og fyrirheit um sigra í mannréttindamálum sem ekki eru unnir enn en eiga eftir að vinnast í framtíðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Seta ráðherra á Alþingi



ÞORSTEINN PÁLSSON

Flokksstjórn Samfylkingarinnar samþykkti á dögunum ályktun um stöðu ráðherra á Alþingi. Þar voru ráðherrum flokksins gefin fyrirmæli um að kalla inn varaþingmenn meðan þeir gegna ráðherraembætti. Í raun er verið að tala um viðbótarþingmenn.

Í ályktuninni var mælst til þess að þetta skref yrði stigið hið bráðasta. Mjög orkar tvímælis hvort þessi ályktun samrýmist stjórnarskránni. Allir ráðherrar Samfylkingarinnar utan einn søgðust þó ætla að fara eftir henni. Enginn þeirra hefur þó gert það. Það athafnaleysi hefur ekki verið útskýrt og enginn um það spurt.

Siv Friðleifsdóttir alþingismaður hefur á mörgum þingum flutt tillögur um breytingar á stjórnarskránni þar sem ráð er fyrir því gert að ráðherrar kalli inn viðbótarþingmenn. Vilji menn stíga þetta skref er þetta rétt málsmeðferð.

Tvenns konar rök eru færð fyrir þessari breytingu skipan: Í fyrsta lagi að styrkja Alþingi. Í öðru lagi að skerpa á aðskilnaði framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Áður en hrapað er að niðurstöðu er þó að ýmsu að hyggja.

Þingræðisreglan sem hér hefur gilt í rétt rúmlega hundrað ár felur í sér að Alþingi ræður ekki aðeins öllu um löggjafarmál heldur einnig hinu hverjir fara með æðstu stjórn framkvæmdarvaldsins. Styrkur Alþingis getur því ekki verið meiri. Við fullan aðskilnað veikist Alþingi þar af leiðandi með því að framkvæmdarvaldið sækir þá umboð sitt beint til fólksins.

Þegar talað er um veikleika Alþingis nú um stundir er fyrst og fremst verið að skírskota til þess að minni hluti þess á hverjum tíma hefur of veika stöðu gagnvart stjórnarmeirihlutanum. Það eru þau innbyrðis valdahlutföll sem þarf að breyta ætli menn að efla aðhaldshlutverk Alþingis.

Tillöguflutning Sivjar Friðleifsdóttur og Samfylkingarinnar þarf að skoða í þessu ljósi.

## Styrkir stjórnarmeirihlutann

Þegar betur er að gáð kemur í ljós að tillögurnar stefna í þveröfuga átt við markmiðið. Í reynd þýðir þetta það eitt að stjórnarflokkar fá tólf þingmenn til viðbótar til þátttöku í umræðum og nefndarstörfum. Stjórnarmeirihlutinn fær þannig sterkari stöðu á þinginu og hlutfallslegur styrkur stjórnarandstöðunnar í málflutningi veikist að sama skapi.

Þingræðisreglan sem felur það í sér að meirihluti Alþingis ræður hverjir fara með framkvæmdavaldið stendur óbreytt. Ráðherrarnir sitja áfram á þingi og hafa þar málfrelsi. Þeir verða eftir sem áður pólitískir leiðtogar bæði á Alþingi og í ríkisstjórn enda er það eðli þingræðisreglunnar. Það er því beinlínis rangt að í þessu felist einhvers konar aðskilnaður þessara valdþátta og enn síður að hann sé skerptur með þessu móti.

Ráðherrarnir sleppa hins vegar við að mæta í atkvæðagreiðslur. Þeir sem til þekkja vita að verulegt hagræði getur falist í því fyrir þá. Þessi regla er sérstaklega hentug fyrir litla ríkisstjórnarflokka sem tilnefna fjölda ráðherra langt umfram það sem þingstyrkur þeirra segir til um og geta því ekki mannað þingnefndir.

Höfuðgalli við þessa tillögu er sem sagt sá að hlutfallslegt vægi stjórnarandstöðunnar í umræðum minnkar í sama mæli sem ríkisstjórnarliðið styrkist. Með öðrum orðum: Það sem hefst upp úr krafsinu er veikari staða minnihlutans á Alþingi til að gegna aðhaldshlutverki gagnvart stjórnarmeirihlutanum. Þingræðisreglan stendur óhögguð eftir sem áður.

## Tveir kostir

Stundum er til þess vitnað að þessi regla er í norsku stjórnarskránni. Þegar konungur var einráður um skipan ráðherra þar í landi máttu þeir ekki sitja á þingi. Við innleiðingu þingræðisreglunnar fengu ráðherrar valdir af þinginu að halda þessari stöðu og aukheldur rétt til að kalla á viðbótarþingmenn. Það var ekki gert til að efla aðhald stjórnarandstöðunnar. Þvert á móti.

Þetta ákvæði í norsku stjórnarskránni er því merki um leifar frá stjórnskipulagi sem horfið var frá fyrir meir en öld. Satt best að segja er fremur þörf á að eyða ruglingi milli ólíkra stjórnkerfa en auka á hann.

Margar leiðir eru til að styrkja stöðu stjórnarandstöðunnar á Alþingi innan þingræðisreglunnar. Það má gera með því að sameina embætti forseta Íslands og forseta Alþingis. Löggjafarsamkoman fengi þá stjórnanda sem kjörinn væri sjálfstætt og væri óháður stjórnarmeirihlutanum. Hann ætti síðan að undirrita lög án aðkomu ráðherra.

Þá má færa tilteknum minnihluta þingmanna vald til að skjóta frumvörpum til þjóðaratkvæðagreiðslu. Enn fremur má gera nefndir þingsins virkari í aðhaldshlutverkinu.

Raunverulegur aðskilnaður löggjafarvalds og framkvæmdarvalds er alveg gilt umræðuefni en er allt annar handleggur.

Niðurstaðan er þessi: Engin þörf er á að styrkja stöðu stjórnarmeirihlutans eins og tillögur Samfylkingarinnar og Sivjar Friðleifsdóttur leiða til. Valið er um að bæta stöðu minnihlutans eða afnema þingræðisregluna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


ILVA
einfaldlega betri kostur
30-80%
AFSLÁTTUR
RÝMINGAR-
SALA
RÝMUM FYRIR
HAUSTLÍNUNNI
VISA Lán
- VAXTALAUST
Bjóðum uppá
vaxtalaust
lán til 6 mánaða
ILVA
sendum um allt land
ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is - laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30
© ILVA Ísland 2010



GROHE

# ÁNÆGJA EÐA ENDURGREIÐSLA

# 30 DAGA SKILAFRESTUR

GROHE er með yfir 40 ára reynslu á Íslandi.
Með því að velja GROHE ert þú að fá gæðavöru sem hentar íslenska heita vatninu einstaklega vel.

Ef þú ert af einhverjum ástæðum ekki ánægð(ur) með tækið, þá bjóðum við þér að skila því og fá endurgreiðslu innan 30 daga.



GROHE

Vnr. 15332925

**Handlaugartæki**

GROHE Eurosmart handlaugartæki.

**10.900**



GROHE

Vnr. 15333202

**Eldhústæki**

GROHE eldhústæki.

**15.900**



GROHE

Vnr. 15334237

**Sturtusett**

GROHE PRECISION sturtusett, hitastýrt sturtutæki, sturtustöng, sturtubarki og handúðari.

**29.990**



Vnr. 0113520

**Plastparket** **1.490** kr./m²

Smelluplastparket, eik, 6x194x1290 mm.



Vnr. 0113745

**Parket** **4.490** kr./m²

NORDIC WOOD smelluparket eik, 15x189x2200 mm.



Vnr. 17850075

**Flísar** **1.990** kr./m²

IMEX rustic gólfflísar, beige, 30x30 cm.



Vnr. 16600100

**Flísar** **1.990** kr./m²

IDEA MIRROR, hvítar veggflísar 20x25 cm.



Vnr. 17850060/5

**Flísar** **2.390** kr./m²

Gegnheil, frostþolnar granít gólfflísar, 30x30 cm, dökkgráar eða milligráar.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. EXPO - www.expo.is

# ALLT FYRIR BAÐHERBERGIÐ!

ÓDÝRT



4.390

Vnr. 15400050
**Eldhústæki**
ARMATURA FERRYT eldhústæki.



3.990

Vnr. 15400045
**Handlaugartæki**
ARMATURA FERRYT handlaugartæki.



Vnr. 15400030
**Sturtutæki**
ARMATURA CLASS sturtutæki, hitastýrt.
**14.990**



Vnr. 15400025
**Baðtæki**
ARMATURA CLASS baðtæki, hitastýrt.
**17.990**



22.900

Með hæglokandi setu!

Vnr. 17851000
**Salerni**
IMEX salerni með innbyggðum S-stút og setu með dempara.



Vnr. 15720423
**Handúðari** **1.690**
ISA handúðari, ein stilling.



Vnr. 13609585
**Höfuðúðari** **4.990**
Höfuðúðari, 21 cm, silikon. Fæst í BYKO Breidd og kauptúni.



Vnr. 15726947
**Sturtusett**
ISA sturtustöng, sturtubarki og handúðari.
**3.990**



Vnr. 17851010
**Handlaug** **5.990**
IMEX handlaug í borð, 57,5x48 cm.

Opnunartíma og símanúmer verslana má finna á heimasíðu okkar, www.BYKO.is

BYKO

# Grjótkast úr glerkastala Björns Vals Gíslasonar

**Stjórnmál**



**Þórður Már Jónsson**
lögfræðingur og varaþingmaður Samfylkingar



**Finnbogi Vikar**
fulltrúi Hreyfingarinnar í endurskoðunarnefnd um stjórnun fiskveiða

Gagnrýni Björns Vals Gíslasonar, þingmanns VG og skipstjóra í leyfi á Alþingi frá Brim hf. á skipun Runólfs Ágústssonar í starf umboðsmanns skuldara er eftirtektarverð í meira lagi. Skipun Runólfs væri hluti af gamla valdatímanum, sem Björn Valur sagðist ekki vilja tilheyra.

Björn Valur er skipstjóri í leyfi frá Brim hf., og hefur þegið laun sem slíkur eftir að hann tók sæti á Alþingi. Hver gæti til dæmis gleymt því að Björn Valur skrapp á sjóinn hjá Brim hf. í miðri Icesave-deilu alþingismanna?

Þann 28. júlí síðastliðinn sagði Björn Valur í viðtali við fjölmiðla að hann væri þreyttur á þingmennsku og íhugaði að snúa aftur til sjós, þ.e. til starfa hjá Brim hf. eftir árs frí. Þar bíður hans skipstjórastaða er hann snýr til baka úr störfum sínum á Alþingi. Í ljósi ummæla hans um vinnubrögð hins gamla valdatíma þá hljóta spurningar að vakna hjá almenningi um hagsmunatengsl Björns Vals og LÍÚ-stórveldisins Brims hf.

Er það hluti af nýjum vinnubrögðum hins nýja valdatíma VG að skipa í nefnd aðila sem hefur beina og sameiginlega fjárhagslega hagsmuni ásamt sínum vinnuveitanda við endurskoðun á fiskveiðistjórnunarkerfinu? Björn Valur hefur þegið í það minnsta 2,5 milljónir króna í laun frá Brim hf. síðan hann tók sæti á Alþingi. Hvernig má það vera að starfsmaður Brims hf. sé skipaður í nefnd sem fjallar um endurskoðun fiskveiðistjórnkerfisins og þar af leiðandi um gífurlega fjárhagslega hagsmuni Brims hf., þaðan sem Björn er í leyfi á meðan hann sinnir þingstörfum? Myndi Björn Valur fórna skipstjórastöðu sinni hjá Brim með því að standa við kosningaloforð VG um innköllun kvótans gegn vilja Brims?

Eru það ásættanleg og góð vinnubrögð að skipa slíkan augljósan hagsmunaaðila undir fölskum forsendum í mikilvæga nefnd sem fjalla á um mannréttindi, samkeppnisumhverfi og að leita leiða til sátta um fiskveiðistjórnunarkerfið? Svarið er einfalt og svarið er nei.

Þessi vinnubrögð hefðu líklega þótt boðleg á hinum gamla valdatíma sem Björn Valur vill þó alls ekki tilheyra. Þau eru ekki boðleg því Björn Valur er vanhæfur sem varaformaður og nefndarmaður í starfshópi sem endurskoðar fiskveiðistjórnunarkerfið. Hann hefur ríkra fjárhagslegra hagsmuna að gæta sem starfsmaður Brims hf. og er í raun umboðslaus af hálfu VG í nefndinni þar sem hann hefur sjálfur sagt í fjölmiðlum að hann geti ekki stutt áform um innköllun kvótans og endurúthlutun á grundvelli jafnræðissjónarmiða, það verði að fara aðrar leiðir þegar kemur að endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins. Þar með segir Björn Valur að hann geti ekki fylgt eftir stefnu flokks síns í sjávarútvegsmálum og sínum eigin loforðum frá því fyrir kosningar. Hann fylgir aftur á móti stefnu og hagsmunum vinnuveitanda síns Brims hf. með sóma, enda fór hann inn í nefndina á forsendum VG en ákvað í miðri á að skipta um hest og þjóna hagsmunum LÍÚ og vinnuveitanda síns Brims hf. enda liggja fjárhagslegir hagsmunir hans og Brims hf. saman.

Björn Valur á að sjá sóma sinn í að segja af sér sem varaformaður endurskoðunarnefndar um stjórnun fiskveiða og víkja um leið sem nefndarmaður. Samhliða því ætti Björn Valur að íhuga alvarlega stöðu sína sem þingmaður. Nauðsynlegt er að byggja upp traust almennings á Alþingi og stjórnkerfinu í heild eftir efnahagshrunið. Skipun Björns Vals í umrædda nefnd er ekki til þess fallin að byggja upp traust, þvert á móti þá liggur af henni svo megn óþefur að jafnvel þeir dauðu myndu grípa fyrir vit sér. Það blasir við. Björn Valur vill ekki sjá þær aðferðir sem einkenna gamla valdatímann, nema þá auðvitað að hann stundi þær sjálfur. Björn Valur ætti að varast að kasta grjóthnullungum úr glerhúsi sínu.

# Feilnóta í umræðu

**Evrópumál**



**Anna Margrét Guðjónsdóttir**
fyrsti varaþingmaður Samfylkingar í Suðurkjördæmi

Minn ágæti samstarfsmaður, Ögmundur Jónasson, ritar grein í Morgunblaðið í gær sem vakið hefur hörð viðbrögð og ónotatilfinningu hjá mörgum enda var það trúlega markmiðið.

Greinin er ekki málefnaleg og kallar því ekki á málefnaleg viðbrögð. Hún lýsir hins vegar undarlegu viðhorfi sem hættulegt er að sá í viðkvæman svörð. Samlíkingar og orðaval það sem Ögmundur styðst við er ekki sú orðræða sem við þörfnumst nú um stundir þegar við stjórnmálamenn og landsmenn allir leggjast á árarnar við að byggja upp samfélagið eftir það skipbrot sem við höfum orðið fyrir.

Sú staðreynd blasir við að Alþingi Íslendinga samþykkti að óska eftir því við Evrópusambandið að hafnar yrðu viðræður um aðild Íslands að sambandinu. Sú beiðni var samþykkt. Við göngum keik til þeirra viðræðna enda höfum við ýmislegt fram að færa, eins og Ögmundur bendir réttilega á. Hvað Evrópusambandið býður á móti á eftir að koma í ljós. Margt af því þekkjum við nú þegar en úr öðru þarf að vinna eftir því sem viðræðum vindur fram. Á meðan höldum við Íslendingar áfram að sinna okkar viðfangsefnum og þiggjum þá aðstoð sem okkur býðst og okkur hentar í hverju tilviki.

Ég vona að sá tónn sem Ögmundur slær í grein sinni sé feilnóta sem ekki verður aftur slegin. Málefnaleg umræða, meðan á aðildarviðræðunum stendur, er bæði andstæðingum og fylgjendum aðildar til framdráttar. Þá getum við öll staðið upprétt þegar niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar liggja fyrir.

**AF NETINU**

### Árangurinn ekki jafnslæmur og af er látið

Ef maður skoðar árangurinn, blasir við að kreppan er ekki jafn slæm á Íslandi -- hvort sem mælt er í atvinnuleysi eða samdrætti -- en búist var við fyrirfram, og það sem kemur kannski meira á óvart er að þrátt fyrir hið gífurlega hrun bankanna kemur Ísland ekki verr undan vetri en mörg nágrannalönd okkar í Evrópu.

gautieggertsson.blogcentral.is/

**Gauti Eggertsson**

### Langdýrasti borgarstjórinn

Þá er Jón Gnarr kominn á langdýrasta bíl landsins undir því yfirskyni, að bíllinn eyði bara vetni. Bíllinn kostar tugi milljóna, slær út nýríku fjárglæframennina. Nýkominn frá Finnlandi, þar sem hann uppgötvaði, að Múmínpabbinn mælir með Evrópusambandinu.

jonas.is

**Jónas Kristjánsson**





ÍSLENSKA SIA.IS ICE 51002 08/10

STYRKIR VERÐA VEITTIR TIL BARNA Á ALDRINUM 6–16 ÁRA

Ferðasjóður Vildarbarna er sameiginlegt átak Icelandair og viðskiptavina félagsins til að gera langveikum börnum og fjölskyldum þeirra, og börnum sem búa við sérstakar aðstæður vegna veikinda, kleift að ferðast. Ferðasjóður Vildarbarna hefur gert yfir 250 börnum og fjölskyldum þeirra mögulegt að fara í ógleymanlega og uppbyggjandi fjölskylduferð.
Verndari Vildarbarna er frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands.

**Umsóknarfresturinn er til 1. september 2010.**
**Úthlutað verður úr sjóðnum fyrsta vetrardag 23. október 2010.**
Þeir umsækjendur sem ekki hafa fengið úthlutað úr sjóðnum áður ganga fyrir.

+ Umsóknareyðublöð eru á www.vildarborn.is

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS


# Dýrmæt orka

**Orkumál**



**Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir**
orkuverkfræðingur

Endurnýtanlegar orkuauðlindir eins og jarðvarmi og vatnsafl eru ekki á hverju strái og Ísland er afar einstakt varðandi hversu mikla endurnýtanlega orku hér er að finna.

Með sívaxandi orkuþörf í heiminum samhliða nauðsyn þess að draga úr notkun á jarðefnaeldsneyti er hrein orka alltaf að verða verðmætari og verðmætari. En aðgerðir vegna loftslagsbreytingar og síaukin orkuþörf eiga eftir að hafa mikil áhrif á orkumarkaðinn og orkuverð í nánustu framtíð.

Mikilvægt er að þjóðin geri sér grein fyrir hversu mikilvægar og verðmætar endurnýtanlegar orkuauðlindir eru. Sérstaklega vatnsafl og jarðvarmi. Þrátt fyrir að skuldastaða helstu orkufyrirtækjanna í dag sé erfið vegna mikilla framkvæmda síðustu ára er afar skammvinn lausn að fá erlendan gjaldeyri á þann hátt að selja sjálfan nýtingarréttinn. Ef einhver fyrirtæki eiga góða burði til þess að standa við skuldbindingar sínar eru það orkufyrirtæki sem nýta endurnýtanlega orku.

Slík fyrirtæki geta gengið að viðskiptavinum sínum með vissu, þar sem heimili, fyrirtæki og iðnaður þurfa alltaf á orku að halda.

Ný löggjöf þar sem tryggja verður meirihluta eign hins opinbera yfir orkuauðlindum og nýtingarrétti þeirra verður að vera skýr og einföld .

Það á ekki að vera hægt að komast undan henni með einhverjum klækindum. Við þurfum á slíkri löggjöf að halda sem fyrst til að tryggja að eignarhald á orkuauðlindum færist ekki á fáar hendur heldur haldist í almannaeigu.



Útsölur!
lokahelgi
60%
afsláttur af öllum vörum
herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN
568 9234
B&S
KONUR
B&S Kringlunni 553 4141
lokahelgi
60-70%
afsláttur af öllum vörum
BOSS
HUGO BOSS
HUGO
HUGO BOSS
SAND
RALPH LAUREN

# Þetta er engin vinsældakeppni

Eftir skrautlega atburðarás, sem náði hámarki með afsögn Runólfs Ágústssonar úr embætti umboðsmanns skuldara, hefur **Ásta Sigrún Helgadóttir** lagt ágreining sinn við félagsmálaráðherra til hliðar og tekið við starfinu. ***Stígur Helgason*** tók Ástu tali.



**HEFUR SÆST VIÐ RÁÐHERRA** „Ég lít í rauninni fram hjá þessu öllu," segir Ásta Sigrún um einkennilegan aðdraganda ráðningar sinnar. Nú horfir hún fram á veginn, enda ærin verkefni fram undan; uppbygging embættis umboðsmanns skuldara, fjölgun starfsfólks og stefnumótun. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

*Atburðarás síðustu daga og vikna í kringum þetta mál er búin að vera heilmikill sirkus. Hvað finnst þér um þetta ferli allt saman?*

Það sem mér finnst mikilvægast núna er að það skapist vinnufriður um þetta mikilvæga embætti og það er gífurleg vinna fram undan að byggja það upp þannig að ég held að það sé mikilvægast núna að horfa til framtíðar og hætta að einblína á fortíðina. Þetta er svo mikilvægt samfélagslegt verkefni og ef þetta á að takast þá verður að skapast ákveðinn vinnufriður þannig að þessi uppbygging takist sem hraðast. Það er númer eitt, tvö og þrjú.

*Var ekkert erfið ákvörðun að taka við þessu eftir allt sem á undan er gengið?*

Nei, ég sótti um þetta og síðan kemur til þess að mér er boðið starfið og ég hef áhugann og viljann. Þannig að ég lít í rauninni fram hjá þessu öllu.

*Það mátti skilja á þér að þú hefðir alltaf búist við því að fá þetta starf. Var það svo?*

Nei, alls ekki. Ég sótti bara um eins og hver annar. Það kom mér í rauninni á óvart hversu fáir sóttu um. Síðan var ég metin hæf ásamt Runólfi og það voru ekki fleiri sem komu til greina og ég vissi ekkert hvort ég fengi þetta eða ekki.

*Nú sagði Runólfur Ágústsson af sér vegna umræðunnar sem fór í gang, finnst þér það, í ljósi þess sem gerðist, hafa verið rétt ákvörðun hjá honum?*

Já, mér finnst það hafa verið mjög skynsamlegt hjá honum.

*Hvers vegna?*

Það eru auðvitað fjárhagsmálin. Ég held að það hefði verið honum mjög þungur baggi að vinna sem umboðsmaður skuldara með þetta mál á bakinu.

**Það verða aldrei allir ánægðir**

*Það bárust fregnir af því úr ráðuneytinu að mikið væri af ókláruðum málum hjá Ráðgjafarstofunni og að óánægja með þín störf innan ráðuneytisins hefði verið helsta ástæðan fyrir skipan Runólfs.*

Ég veit ekkert hvaðan þetta er komið.

*En þú hefur ekki orðið vör við svona raddir?*

Það liggur fyrir að það hefur verið gífurlegur málafjöldi hjá Ráðgjafarstofunni og mikið álag þar. Nú þarf bara að bretta upp ermar og fara að byggja upp. Þetta er svipað og að fara úr handverkstæði í verksmiðju. Það þarf klárlega að auka mannafla og slípa þetta allt til. Það liggur alveg fyrir. Þetta er líka þannig starf að maður þarf að þola gagnrýni en maður svarar auðvitað fyrir hana ef hún er ósanngjörn.

*En umræðan um að þarna væru 850 ókláruð mál og að þú hefðir ekki sinnt þínu starfi nægilega vel? Átti hún ekki rétt á sér?*

Alls ekki. Ég vísa því bara til föðurhúsanna. En auðvitað er þetta þannig starf að það verða ekki alltaf allir ánægðir. Þetta er engin vinsældakeppni. Það er bara eins og lífið er

*En þessi fjöldi, 850 mál, er hann rangur?*

Nú er ég búin að vera í vikufríi frá Ráðgjafarstofunni en það hefur orðið einhver sprenging ef þessi málafjöldi er réttur – og hann er ekki réttur. Ég byrja ekki fyrr en eftir helgi þannig að ég þarf að ganga í þetta með málafjöldann þá, því þetta flyst auðvitað allt yfir.

**Huglægt mat að baki ráðningunni**

*Runólfur hætti með þeim orðum að verkefni stofnunarinnar væru það mikilvæg að umboðsmaður þyrfti að njóta fulls trausts ráðherra. Telurðu þig njóta þess?*

Já, ég tel það. Hann hefði ekki boðið mér starfið nema hann treysti mér. Það liggur alveg fyrir.

*En þú varst nú býsna harðorð í garð hans og þeirra ákvarðana sem hann tók þegar þetta mál kom upp.*

Ég, eins og aðrir borgarar landsins og umsækjandi um þetta starf, gat krafist skriflegs rökstuðnings. Auðvitað var ég ósátt. Eru það ekki bara eðlileg viðbrögð?

*Þú gerðir nú meira en að krefjast rökstuðnings. Þú hótaðir að kæra málið til kærunefndar jafnréttismála og að kvartað yrði yfir þessu til umboðsmanns Alþingis.*

Já, já.

*Heldurðu að þessi viðbrögð þín hafi hugsanlega skipt sköpum um það hvernig þetta endaði allt saman?*

Nei, það held ég ekki. Við Runólfur vorum auðvitað bæði metin hæf, þannig að ég tel það ekki hafa áhrif.

*Það hafi ekki verið þannig að ráðherrann hafi óttast einhverjar aðgerðir af þinni hálfu?*

Nei, þetta er það mikilvægt verkefni að það tel ég ekki vera.

*Nú ertu búin að sjá þessi gögn sem lágu að baki upprunalegu ákvörðuninni. Þar skorar Runólfur aðeins hærra en þú á hæfnisprófi. Ertu ósammála því mati?*

Það liggur í augum uppi. En þessi möt eru auðvitað huglæg. Hver og einn getur skoðað þetta og metið sjálfur hvað hann telur vera rétt.

*Það var talað um að þessi skipan Runólfs hefði verið vinargreiði ráðherra við pólitískan samherja sinn. Var það þitt mat að það hefði ráðið miklu?*

Ég kýs að tjá mig ekkert um það. Ég veit ekkert meira um það en hver annar.

*En þú sjálf? Stendur þú utan við alla pólitík?*

Já, ég hef aldrei tekið þátt í stjórnmálum, ekki einu sinni í háskólanum.

**Þarf að vinna hratt og faglega**

*Þú hefur störf eftir helgi. Hver verða þín fyrstu verk?*

Ég byrja á mánudag eða þriðjudag. Ég var auðvitað í sumarleyfi og þarf að breyta ýmsum plönum. Ég var starfandi í verkefnastjórn sem var þegar farin að undirbúa stofnun verkefnisins þannig að ég held bara því starfi áfram ásamt því góða fólki sem kemur að því. Nú þarf bara að vinna hratt og örugglega.

*Treystirðu þér til að meta hver eru mikilvægustu verkefnin sem þú munt standa frammi fyrir?*

Þau eru svo mörg og margbreytileg. Þetta er allt mjög mikilvægt og mikilvægast af öllu að málin séu unnin hratt og örugglega og ekki síður faglega. Það er gríðarlega mikilvægt samfélagslegt verkefni að ná að aðstoða fólk í greiðsluerfiðleikum.

**Mikilvægt að niðurstaða Hæstaréttar verði skuldurum í hag**

*Mig langar að spyrja þig um dóma héraðsdóms og Hæstaréttar varðandi myntkörfulánin, sem má segja að sé það afdrifaríkasta sem komið hefur upp í málefnum skuldara frá bankahruni. Þau mál hafa verið gríðarlega umdeild. Hefurðu tekið afstöðu til þeirra?*

Nú er auðvitað verið að bíða eftir niðurstöðu Hæstaréttar en þessi óvissa er mjög bagaleg eins og alveg frá upphafi. Ég held að það þurfi bara að bíða og sjá hver niðurstaða Hæstaréttar verður og vonandi kemur hún sem allra fyrst.

*Og hver sem hún verður þá mun embætti umboðsmanns skuldara virða hana?*

Umboðsmaður skuldara mun að sjálfsögðu hafa skoðun á niðurstöðunni en dómur er dómur. Það er bara mjög mikilvægt fyrir skuldara að þetta verði þeim í hag.

*Nýjasta niðurstaða héraðsdóms, þess efnis að farið skuli að mestu eftir tilmælum Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans, hefur mælst frekar illa fyrir hjá ýmsum hagsmunasamtökum skuldara. Þú átt kannski erfitt með að tjá þig um niðurstöðuna efnislega, en ertu sammála þeim samtökum sem segja að þetta sé slæm niðurstaða fyrir skuldara?*

Ég vil ekkert um það segja, en ég mun kappkosta að vera í mjög góðri samvinnu við samtök eins og Hagsmunasamtök heimilanna og samtök lánþega.

*Hefurðu verið í einhverjum samskiptum við forsvarsmenn þeirra samtaka?*

Ekki samtök lánþega en ég hef verið í mjög góðum samskiptum við Hagsmunasamtök heimilanna og við erum með fulltrúa frá þeim í nefndum og fleira. Það er einmitt mitt hlutverk að hlusta á sjónarmið skuldara og vera þeim til aðstoðar.

> „Þetta bara gerðist og það hafði kannski enginn hugmyndaflug til að sjá það fyrir, en nú er mikilvægt að horfa fram á veginn.

**Fjölga þarf starfsfólki verulega**

*Nú hefur þetta embætti fengið mikið umtal og er orðið mjög áberandi fyrirbæri. Er ekki fyrirséð að aðsóknin að þjónustunni verði mjög mikil?*

Jú, það var mikið að gera á Ráðgjafarstofunni en það verður örugglega enn meira að gera hjá umboðsmanni. Það þarf klárlega að auka mannafla og klára verkferla og annað og það er mitt fyrsta verk. Nú eru þrjátíu starfsmenn hjá embættinu en það er verið að vinna að frekari þarfagreiningu. Það hefur þegar verið auglýst eftir lykilstarfsmönnum og fleiri lögfræðingum og einnig þarf hugsanlega að kaupa utanaðkomandi þjónustu í tiltekin verkefni á meðan við erum að fara í gegnum heilmikinn snjóskafl sem þarf mikinn mannafla í.

*Hvers konar verkefni ertu þá að tala um?*

Þetta er orðið formleg stofnun og þá þarf að gera ýmislegt, til dæmis að setja upp skjalasafn, Í lögum um greiðsluaðlögun liggur líka fyrir að það þarf að skipa fólki umsjónarmenn. Það er heimild fyrir því í lögum að ráða lögmenn til að taka þau verkefni að sér.

**Telur klúðrið ekki rýra traustið**

*Heldurðu að allt klúðrið í kringum skipunina í þetta starf sem varð í kringum þetta muni rýra traust almennings á þessari stofnun?*

Nei, nú er bara mikilvægast að það skapist vinnufriður svo það sé hægt að byggja þetta embætti upp til framtíðar. Þetta bara gerðist og það hafði kannski enginn hugmyndaflug til að sjá það fyrir, en nú er mikilvægt að horfa fram á veginn.

*En svo ég spyrji aftur, heldurðu að embættið hafi ekki beðið neitt tjón af þessari atburðarás?*

Nei, það held ég ekki.

## Hefur stýrt Ráðgjafarstofunni í sjö ár

Ásta Sigrún Helgadóttir er lögfræðingur að mennt. Hún lauk embættisprófi frá Háskóla Íslands árið 1993 og hóf þá störf hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík þar sem hún starfaði sem lögfræðingur fjölskyldudeildar og barnaverndarnefndar Reykjavíkur til ársins 1999. Árin 1999 til 2003 starfaði Ásta í félags- og tryggingamálaráðuneytinu á skrifstofu jafnréttis- og vinnumála þar sem hún sinnti meðal annars málefnum innflytjenda, var starfsmaður kærunefndar húsnæðismála og úrskurðarnefndar félagsþjónustu og vann ýmis almenn lögfræðistörf. Frá árinu 2003 hefur Ásta gegnt forstöðu Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna.

Ásta Sigrún er 45 ára, fædd í nóvember 1964. Maður hennar er hæstaréttarlögmaðurinn Þorsteinn Einarsson og eiga þau tvö börn, 20 og 15 ára.

# *Vertu með*
# World Class
## *í toppformi fyrir haustið*



*Stutt og árangursrík námskeið sem hámarka brennslu líkamans og byggja upp þol og styrk*

*Spöng*
TRX námskeið hefst 9. ágúst - 3 vikur **NÝTT**

*Laugar - Spöng - Seltjarnarnes*
3 x 5 Súperátak hefst 9. ágúst - 3 vikur **NÝTT**









**World Class frábær leið til bættrar heilsu og betra lífs**

World Class ICELAND

Skráning er hafin á worldclass@worldclass.is eða í síma 553 0000


Sumarferðir
kynna með stolti nýjan áfangastað:
Florida
St. Petersburg
VERÐ FRÁ
99.800 kr.
Flug og gisting í 8 nætur.
Árlega kemur fjöldi ferðamanna til sólarparadísarinnar St. Petersburg við Mexíkóflóa. Staðurinn er vinsæll áfangastaður hjá íbúum Norður-Ameríku og Evrópu. Borgin hefur verið nefnd „The Sunshine City“ eða „Sólarborgin“ enda eru skráðir sólardagar 360 á ári. Hótelin liggja við drifhvíta ströndina sem er einstaklega hrein og snyrtileg. Þar er fyrsta flokks aðstaða til sólbaða og sjósports. Hægt er að spreyta sig á seglbrettum, sjósleðum, svífa um í fallhlíf eða skella sér á sjóskíði. Skammt norður af St. Petersburg er borgin Tampa en þar er hinn vinsæli skemmti- og dýragarður Busch Garden. Fjöldi verslunarmiðstöðva er í nágrenni St. Petersburg með öllum vinsælustu verslunum N-Ameríku. Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi!
DAGSETNINGAR BROTTFARA:
2. okt
9. okt
16. okt
8 dagar – aðeins 5 virkir!
FRÁBÆR fjölskyldustaður!
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar

sumarferdir.is

NÝTT hjá Sumarferðum!

## Þú gætir unnið 50.000 króna gjafabréf sem vinur okkar á Facebook!

Vertu vinur okkar á Facebook og þú gætir unnið 50.000 króna gjafabréf til Flórída. Vinningshafi verður dreginn út föstudaginn 13. ágúst. Það margborgar sig að vera vinur okkar á Facebook ;-)

### Gulf Winds Resort ☆☆☆

Íbúð með einu svefn-herbergi í 8 nætur frá 99.800 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá **kr. 119.900** fyrir 2 fullorðna.
Brottför: 9. október í 8 nætur.

### Gulf Strand Resort ☆☆☆

Íbúð með einu svefn-herbergi í 8 nætur frá 112.100 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá **kr. 151.200** fyrir 2 fullorðna.
Brottför: 9. október í 8 nætur.

### Boca Ciega Resort ☆☆☆

Íbúð með einu svefn-herbergi í 8 nætur frá 118.500 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá **kr. 164.000** fyrir 2 fullorðna.
Brottför: 9. október í 8 nætur.

### Madeira Bay Resort ☆☆☆

Íbúð með einu svefn-herbergi í 8 nætur frá 113.550 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá **kr. 154.100** fyrir 2 fullorðna.
Brottför: 9. október í 8 nætur.




* Flug, flugvallarskattar og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 3.900 kr. fyrir hvern farþega. Birt með fyrirvara um prentvillur.

# Tæknin er máttug og mislynd

Tækninýjungar gera fólki oftar en ekki lífið léttara og auðvelda því hlutina. Það sem áður tók lengri tíma tekur nú augnablik eftir að örgjörvar og tölvuflögur skila sínu. Það er þó ekki allra að ráða við flókna hluti eins og sms-skeyti, tölvubréf og Facebook og oft skriplar á skötu hjá sumum, sérstaklega stjórnmálamönnum. *Kolbeinn Óttarsson Proppé* leit yfir tækniklúðrin.



**ALLIR Á NETINU** Ósagt skal látið hvort þessir borgarfulltrúar eru að uppfæra Facebook en oftar en ekki hafa kjörnir fulltrúar nýtt fundi til þess. Aðrir virðast ekki ráða við að takmarka sendingar sínar við einn viðtakanda, eða að velja rétta viðtakandann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tussufínt er orð sem ekki var öllum tamt fyrir rúmri viku síðan. Svo henti það að aðstoðarmaður menntamálaráðherra, Elías Jón Guðjónsson, ætlaði að senda tölvubréf á félaga sinn í fjármálaráðuneytinu, Hugin Frey Þorsteinsson, en það fór í staðinn á bandarískan blaðamann. Sá leitaði ráða hjá Reykjavík Grapevine og þar á bæ voru menn ekki lengi að sjá fréttagildið í klúðrinu og því fór sem fór. Nú er víst hægt að fá boli með áletruninni tussufínt.

Þetta er ekki eina dæmið sem sýnir að svo einfaldur hlutur sem að senda tölvubréf getur vafist fyrir besta fólki. Það virðist sem ekki allir átti sig á því að stundum velur póstforritið viðtakandann fyrir þig ef þú slærð fyrstu stafi nafns hans inn. Reynslan hefur einnig sýnt að munurinn á „reply“ og „reply all“ virðist mörgum gjörsamlega hulinn. Í það minnsta þekkja margir það að fá fjöldasendingar um fyrirhugaða sængurgjöf eða einhvern viðburð og síðan hrúgast inn staðfestingar- eða höfnunarbréfin á allan viðtakendalistann.

Tölvupóstforrit ættu þó að vera orðin flestum töm, enda búin að vera við lýði í áratugi. Nýjungar eins og Facebook eru hins flóknari fyrirbæri.

### Vinasafnarar

Vinabeiðnir á Facebook eru mörgum vandamál. Til eru þeir sem líta á þær eins og heimsókn á heimili sitt. Banki gestur upp á þá er ókurteisi að bjóða honum ekki kaffi. Þess vegna samþykkir maður vinabeiðnir. Gallinn er sá að þá endar maður með fjöldann allan af vinum sem maður þekkir hvorki haus né sporð á. Reyndin virðist nefnilega sú að sumir líta á Facebook eins og byssubófar í Villta vestrinu á byssukeftið sitt; virðing þín hækkar í réttu hlutfalli við skorur í skeftið. Slíkt fólk fer um óravíddir internetsins og sankar að sér vinum. Konan sem þú hittir í búðinni, gamli félagi þinn úr skátunum, þessi frægi þarna; enginn er of smár til að fá vinabeiðni og hækka þannig vinatölu viðkomandi.

Stjórnmálamenn eru gjarnir á þetta þar sem þeir hafa áttað sig á þeirri staðreynd að með vinum á Facebook eru þeir komnir með póstlista. Póstlista sem nýta má í prófkjörum, kosningum og öðrum þeim viðburðum þegar stjórnmálamenn leita til fólksins.

Ekki allir átta sig hins vegar á því að blaðasnápar og pólitískir andstæðingar geta verið í vinahóp sem telur hundruð ef ekki þúsundir. Því er ekki alveg hægt að tjá sig á Facebook-síðunni eins og í eldhúsinu heima.

### Eldhúsið heima

Hrannar B. Arnarsson, aðstoðarmaður Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra, virtist hins vegar ekki gera sér grein fyrir þessu þegar hann fór um víðan völl í Facebook-uppfærslum sínum. Þegar gengið var á hann og hann minntur á að hann væri opinber starfsmaður í vinnu fyrir alla þjóðina, sagðist honum einmitt þannig frá; að hann liti á Facebook eins og eldhúsið heima.

Hrannar hlýtur að búa vel, því um þessar mundir á hann 1.836 vini. Það eldhús sem rúmar slíkan fjölda er dágott.

Annað nýlegt dæmi má nefna þar sem ekki er skilið á milli einkalífs og hins opinbera. Runólfur Ágústsson sótti um sem umboðsmaður skuldara, líkt og alræmt er. Hann lýsti því yfir á Facebook, hinn 20. júlí, að hann væri á leið í sitt fyrsta atvinnuviðtal. Þremur dögum síðar lýsti hann því yfir á sama vettvangi að hann væri orðinn umboðsmaður skuldara. Degi síðar sendi Anna Sigrún Baldursdóttir honum línu, hverri fylgdi broskarl, um að héðan í frá myndi hún kalla hann Umsa.

Anna Sigrún er aðstoðarmaður félagsmálaráðherra og sat sem slíkur umrætt atvinnuviðtal við Runólf. Símtal með hamingjuóskum og kankvísum ummælum hefði kannski verið meira viðeigandi en spjall á opinberri síðu; ekki síst í ljósi atburðarásarinnar.

### Athugasemdir og breytingar

Umgengni um Facebook getur þannig verið vandasöm og erfitt, fyrir suma að minnsta kosti, að skilja á milli einkalífsins og hins opinbera. Þannig segir sagan að Einar Kárason rithöfundur hafi skrifað athugasemd á síðu Egils Helgasonar sjónvarpsmanns. Einar var að gefa út bók um athafnamanninn Jón Ólafsson og vildi, líkt og eðlilegt er, koma bók sinni inn í umræðuna.

Hann hafði því samband við Egil, væntanlega með það fyrir augum að koma bókinni í umræðuþáttinn Kiljuna og skrifaði athugasemd hjá Agli í hverri hann sagði honum frá aðalskúbbi bókarinnar. Það fór vitanlega í fjölmiðla með det samme.

Þá falla margir í þá gryfju að breyta vefsíðunum sínum, gerandi sér ekki grein fyrir að netið geymir allt. Björn Bjarnason féll í þá gryfju eitt sinn, en hafði þó þá góðu afsökun að hann væri að kanna árvekni netverja þegar hann var spurður um tilvikið. Innbrotsþjófar landsins ættu að hafa þessa afsökun í huga þegar þeir eru nappaðir; ég var hér að kanna árvekni íbúanna og lögæslumanna. Til hamingju, þið hafið staðist álagsprófið.

Björgvin G. Sigurðsson, fyrrum viðskiptaráðherra, gekk skrefinu lengra þegar hann lokaði síðunni sinni í hruninu. Skýringin var víst sú að verið væri að betrumbæta síðuna, en illar tungur vildu meina að með þessu væri verið að reyna að loka á aðgang að pistlum ráðherrans sem mærðu bankamenn og útrásina hvað mest. Lokunin stendur víst enn, en Björgvin áttaði sig ekki á því að hægt er að finna gamlar uppfærslur að síðu hans. Lokunin vakti athygli og líklegast skoðuðu fleiri pistlana en ella.

### Til í allt án Villa

Facebook hefur létt mörgum mönnum lífið og gert stjórnmálamönnum auðveldara með að vera í tengslum við fólkið. Stundum eru tengslin þó of mikil og sumir kjósendur hafa klórað sér í höfðinu yfir endalausum uppfærslum á Facebook af mikilvægum fundum. Hafnfirskir sveitarstjórnarmenn lágu undir ámæli fyrir þetta, þeim fannst skemmtilegra að dunda sér á netinu en að fylgjast með á fundum.

Tölvusamskipti Jónínu Benediktsdóttur og Styrmis Gunnarssonar þóttu markverð, raunar svo að ákveðið hefur verið að gefa þau út á bók í haust. Lesendur þeirra fengu innsýn í Sjálfstæðisflokkinn, hvernig innmúraðir og innvígðir þar njóta velgengni í samfélaginu umfram aðra.

Óljóst er hver var í samskiptum við Má Guðmundsson seðlabankastjóra um launamál, en böndin berast að forsætisráðuneytinu. Enginn hefur staðfest neitt þar. Þá þótti Össur Skarphéðinsson ansi beittur í bréfum síðla nætur í eina tíð. Hann hótaði vinnuveitendum bróður síns reiði þess þungaviktarmanns í pólitík sem hann er og ófá önnur bréf biðu viðtakenda í pósthólfi þegar þeir vöknuðu. Össur virðist þó hafa látið af þessum sið.

Frægasta sms síðari tíma er þó líklega sending til Svandísar Svavarsdóttur, mitt í upplausn meirihluta Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks. Aldrei var upplýst hver sendi skeytið, en böndin bárust að Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur. „Til í allt án Villa,“ var innihaldið og auðvitað of gott til að það rataði ekki víðar.

Stjórnmálamenn átta sig nefnilega ekki allir á því að það sem sagt er á tölvu-, eða símaskjáum, er ekki það sama og að spjalla undir fjögur augu.

## Líka trúleysingjavinir



Karl Sigurbjörnsson biskup á fjölda vina. Hann setur reglulega fram kærleiksrík skilaboð, en áttar sig ekki endilega á því að oft leynist höggormur í paradís og trúleysingi á meðal vina. Hann skrifaði, á útmánuðum, eftirfarandi skilaboð á síðu sína:

„Guð, við biðjum um kraftaverk endurnýjunarinnar á þessum myrkasta tíma ársins: Um von og traust á sigur ljóssins þegar skammdegið virðist ríkja, um hugrekki til að leita leiða friðar og sátta, um hjálp til að trúa á sigur hins varnarlausa kærleika, friðar og réttlætis þegar stormar fordóma, haturs og ranglætis geisa. Faðir vor, tilkomi þitt ríki.“

Sveinn Kjarval, einn vina biskups, var ekki lengi að benda honum á að bænin væri óþörf í þessu tilliti:

„Það þarf reyndar ekki að biðja til neins guðs til að skammdeginu ljúki. Möndulhalli jarðar veldur því að við fáum minni birtu hluta ársins en það lagast venjulega að sama skapi með vorinu.“

Með fylgdi tengill á Vísindavefinn um árstíðabreytingar.

## Óumbeðnar áhyggjur af góðum félaga fara á flakk



Margrét Tryggvadóttir varð þingmaður Borgarahreyfingarinnar eftir búsáhaldabyltinguna. Í dag er hún þingmaður Hreyfingarinnar. Með henni í þingflokki Borgarahreyfingarinnar var Þráinn Bertelsson. Hann er nú þingmaður utan flokka. Fljótlega eftir kosningar kom í ljós að þingmönnum Borgarahreyfingarinnar kom ekki nógu vel saman og hópurinn skiptist í tvennt; Þráin og alla hina.

Margréti leist ekki á blikuna og hafði áhyggjur af þessum, brátt fyrrum, félaga sínum. Af einhverjum ástæðum ákvað hún að viðra þær áhyggjur við varaþingmann Þráins, sem hefði tekið sæti hans hefði Þráinn horfið á brott. Hún sendi tölvubréf, en líkt og fyrir fleirum vafðist það fyrir henni að velja rétta viðtakandann.

„Ég hef miklar áhyggjur af Þráni og þar sem þú þekkir hann vel og þekkir e.t.v. betur inn á fjölskyldu hans eða forsögu en ég langar mig að bera þetta upp við þig. Kannski er það ímyndun að þú sért betur inn í hans málum en við en – það má alla vega reyna. Við höfðum áhyggjur af því snemma í sumar að hann væri að síga í eitthvert þunglyndi en svo virtist það brá af honum. Ég ræddi við sálfræðimenntaðan mann í dag sem er vel inni í málum hreyfingarinnar og hann grunar að Þráinn sé með Alzheimer á byrjunarstigi. Hann tók það skýrt fram að þetta væri einungis kenning og auðvitað hefur hann ekki rannsakað Þráin. Ég hafði ekki leitt hugann að slíku þótt mér fyndist þetta skýra margt.“

Þessi rassvasagreining á félaga hennar sem var henni ósammála í pólitík fór hins vegar á fjölda manns í Borgarahreyfingunni og þaðan í fjölmiðla. „Mér gekk gott eitt til. Ég hef áhyggjur af Þráni og hef þær enn,“ sagði Margrét eftir á. Hvers vegna hún valdi þessa leið til að viðra þær áhyggjur hefur hins vegar ekki fengist á hreint.

## Lítils háttar mistök í gamni gerð

*„sæll*
*hér er merkilegt bréf ertu til í að búa til anonymous netfang og senda þetta úr því á alla fjölmiðla,*
*-b“*

Svohljóðandi bréf skrifaði Bjarni Harðarson, þá þingmaður Framsóknarflokksins, til aðstoðarmanns síns, Ármanns Inga Sigurðssonar, í nóvember 2008. Eða svo hélt hann. Raunin varð sú að bréfið fór á alla helstu fjölmiðla landsins, en ekki aðstoðarmanninn.

Bréfið sem fylgdi skeytasendingunni var undirritað af tveimur framsóknarmönnum. Þar var Valgerður Sverrisdóttir harðlega gagnrýnd og hún minnt á þátt hennar í einkavæðingu bankanna. Hvorki Gunnar Oddsson né Sigtryggur Jón Björnsson, sem rituðu bréfið, höfðu gefið leyfi fyrir því að það færi til fjölmiðla.

Þegar Bjarna urðu mistökin ljós sendi hann frá sér yfirlýsingu á sömu fjölmiðlamenn og höfðu fengið bréfið:

*„ágætu fjölmiðlamenn mér urðu á lítilsháttar mistök*
*áðan við sendingu á bréfi til aðstoðarmanns míns bréf þetta sem átti aðeins að fara milli okkar tveggja lenti óvart á hópsendingarlista fjölmiðla*
*ég vil því vinsamlegast fara þess á leit við ykkur að þið eyðið þessu bréfi og nýtið hvorki efni þess né þessi mistök mín sem urðu til þess að bréfið rataði ranglega í ykkar hendur á nokkurn hátt í miðlum ykkar með kærri kveðju og fyrirfram þökk*
*-b.”*



Fjölmiðlar urðu ekki við ósk Bjarna, þótti sendingin of fréttnæm. Bjarna líkaði það illa og talaði um aðför gegn sér. Í samtali við Fréttablaðið sagði hann að sendingin hefði verið „svona í gamni gert bara. [...] Við höfðum þetta í flimtingum milli okkar í samtali og ég ætlaðist ekki til að þetta yrði tekið alvarlega.“

Málið varð þó svo alvarlegt að Bjarni sagði af sér þingmennsku og baðst afsökunar á öllu saman. Hann hefði kannski betur skrollað yfir bréfið áður en hann sendi það.

# GÓLFEFNAÚRVAL

ALLIR VINNA

MÚRBÚÐARVERÐ




Plastparket, 1220x195x8.3mm

**1.575** kr. pr. m²




Plastparket, 1220x195x8.3mm

**1.575** kr. pr. m²




Plastparket, 1220x195x8.3mm

**1.575** kr. pr. m²



Martinelli, 3 stafa Eik Natur 2200x189x14mm

**3.890** kr. pr. m²



Martinelli, 3 stafa Eik hvíttuð, olíuborin 2200x189x14mm

**4.990** kr. pr. m²



Steirer smelluparket, 3 stafa Hnota 2200x182x14x4mm

**7.290** kr. pr. m²



Bílskúrsflís, ljósgrá 33x33cm

**1.995** kr. pr. m²



Bílskúrsflís, dökkgrá 33x33cm

**1.995** kr. pr. m²



Champion, grá Slate Stone 30x60cm, gegnheil, inni og úti

**3.490** kr. pr. m²



Veggflís, hvít 20x25cm

**1.895** kr. pr. m²

*Öll verkfæri til flísalagna*




Rakaþéttikvoða 7 kg

**4.995** kr.



Gólfflísar 30x30cm

**1.490** kr. pr. m²



Gólfflísar 40x40cm

**1.650** kr. pr. m²



Gólfflísar 33x33cm

**1.650** kr. pr. m²



Veggflís, hvít, glans 25x40cm

**2.290** kr. pr. m²




Flex flísalím 25 kg

**3.350** kr.




Fúga 8 kg

**2.100** kr.

***Reykjavík** Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16*
***Suðurnes** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Húsavík** Garðarsbraut 50.*
***FLÚÐUM***

Meiri gæði / Lægra verð / MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

# Enda þar sem á að enda

Þótt **Þórbergur Þórðarson** sé löngu horfinn á annað tilverusvið er ný bók eftir hann væntanleg, Meistarar og lærisveinar. Bókin er prentuð eftir handriti sem Þórbergur lét eftir sig og hefur ekki áður komið út á prenti, þótt kaflar úr því hafi gert það. *Kolbeinn Óttarsson Proppé* gluggaði í bókina og kynnti sér sögu hennar. Fréttablaðið birtir hér aukinheldur einn kafla úr bókinni.

Tilvist þessa handrits, sem hér kemur í fyrsta sinn út á bók undir titlinum Meistarar og lærisveinar, hefur verið mörgum aðdáendum Þórbergs Þórðarsonar kunn síðan valdir kaflar úr því birtust í Tímariti Máls og menningar árið 1991,“ segir Soffía Auður Birgisdóttir í formála útgáfunnar, sem hún stendur að ásamt Arngrími Vídalín.

Þórbergur hélt dagbækur alla ævina og skrifaði niður hugleiðingar sínar, en ekki síður upplýsingar um daga hans; bæði persónulegar hugleiðingar og einnig hversdagslegar eins og um veðurfar.

Meistarar og lærisveinar hefur að geyma hugleiðingar hans um ýmsa atburði sem lesendum hans eru kunnir og hafa sumir hverjir ratað inn í bækur hans. Þar eru einnig frásagnir af þjóðþekktum mönnum, Halldóri Laxness og Stefáni frá Hvítadal, og merkar heimildir um það hvernig Þórbergur leit sjálfan sig og hvernig hann þroskaðist.

Eftirfarandi kafli lýsir því hvernig ljóðagerðin kom honum til bjargar í sárustu fátækt hans, þrátt fyrir eigin efasemdir.

### Ljóðagerðin

Á þessum árum fékkst ég dálítið við að yrkja en þó ekki svo að ég tæki slíka viðleitni neitt alvarlega. Ég hafði ekki trú á mér sem ástamanni. Og ég hafði ekki heldur trú á mér sem skáldi. Mig langaði ekki heldur neitt verulega til að verða skáld. Ég þráði miklu meira að eignast þekkingu og verða spekingur. Að verða spekingur var það æðsta sem ég gat hugsað mér, því að spekin var skilyrði hinnar réttu breytni, og rétt breytni hafði verið keppikefli mitt í mörg [ár]. En það var samt sem áður staðreynd að ég hafði mjög mikla skemmtun af ljóðum, og það sem verra var, einkum lyriskum ljóðum. Og það var næsta staðreynd, að ég fékkst við að yrkja. En ég orti að eins þegar andinn kom yfir mig, og ég gerði mér mjög sjaldan far um að láta hann koma yfir mig ef ekki var lítils háttar upplyfting í aðra hönd, eins og það var kallað, að losa vitundina við heilbrigða skynsemi nokkrar klukkustundir. Og það var þriðja staðreyndin að ég hafði mjög næman smekk á ljóðagerð, „fann það á mér“ undir eins og ég heyrði vísu eða kvæði hvort þetta var góður skáldskapur eða lélegur.

• • •

Ég hafði ekki trú á mér sem ástamanni. Og ég hafði ekki heldur trú á mér sem skáldi. Mig langaði ekki heldur neitt verulega til að verða skáld. Ég þráði miklu meira að eignast þekkingu og verða spekingur.

### Var í vafa

En þrátt fyrir dómgreind mína á skáldskap annarra var ég lengi vel mjög í vafa um hvort nokkuð eða hvað mikið væri varið í minn eigin kveðskap. Ég las kvæði mín fyrir hinum og þessum. Og allir sem ég las þau fyrir virtust hafa gaman af þeim. Margir hrósuðu þeim. Þetta var allt öðruvísi kveðskapur en maður hafði átt að venjast. Þetta var nýjung. En hvers konar nýjung var það? Sumir sögðu að þau væru allt of alvörulaus. Einstaka að þau væru siðlaus. Margir sögðu að ég yrði mikið skáld, ef ég tæki verkefni mín alvarlega. Mér þótti dálítið vænt um þegar skáldskap mínum var hrósað. En sú ánægja var þó miklu meiri á yfirborðinu en undir niðri. Mér fannst nálega allir sem ég umgekkst hafa svo lítið vit á skáldskap að í hjarta mínu gat ég aldrei lagt neinn trúnað á dóma þeirra. Og að fara að yrkja alvarlega, það var mér lífsómögulegt. Ég var búinn að fá svo róttækan viðbjóð á hinu sentimentala og ónáttúrlega væli þessara tíma að það var ekki nokkur minnsta leið fyrir mig að fara að úthella hjarta mínu. Eftir að ég skildi við Stefán frá Hvítadal umgekkst ég að eins tvo menn sem mér fannst að hefðu „innra vit“ á skáldskap. Það voru Erlendur Guðmundsson og Vilmundur Jónsson. Ég spurði þá aldrei um hvernig þeim þætti skáldskapur minn. En ég fann að þeir höfðu gaman af honum. En þegar ég spurði sjálfan mig hvort ég gæti stuðst við dómgreind þeirra, þá varð svarið að eins ný spurning: Hafa þeir þá hið absoluta vit á skáldskap?

Þannig lifði ég í eilífri óvissu um gildi skáldskapar míns, og þó ég væri eða léti sem ég væri ánægður yfir því hóli sem ég fékk hjá hinum og þessum fyrir rímirí mitt, þótti mér undirniðri ekkert í það varið að fá hrós frá fólki sem ég áleit að hefði lítið eða ekkert vit á skáldskap, að minnsta kosti ekki hið absoluta skáldaeyra.

### Skítug nærföt og peningaleysi

Líkast til hefur enginn Reykvíkingur litið með minni fögnuði en ég til jólanna 1914. Ég átti engin föt önnur en útslitna garma sem ég hafði gengið í í tvö ár, að eins götug stígvél og engan eyri fyrir brennivínsflösku á aðfangadagskvöldið, og nærfötin mín höfðu ekki verið þvegin síðan í október um haustið. Ég braut dag eftir dag heilann um hvernig ég gæti ráðið fram úr þessum vandræðum. En heilabrot mín urðu bara til þess að sannfæra mig um hvað það væri heimskulegt að eyða tímanum í heilabrot um svo ósigrandi viðfangsefni.

Þá bar það til einn dag að ég fór að blaða í ofurlitlum bæklingi, heftum saman með hvítum tvinnaspotta, í kápu úr þykkum, gráum umbúðapappír. Bæklingurinn var útskrifaður með kvæðum eftir mig. Það var ofurlítið safn sem nokkrir kunningjar mínir höfðu beðið mig að gefa sér uppskrifað og þeir höfðu venjulega borgað mér fyrir tvær krónur en það var verð á hálfum skósólum.

Nú var eins og sagt væri við mig að ég skyldi gefa þetta safn út fyrir jólin til þess að ég gæti fengið mér föt og skó. Ég bar þessa hugmynd undir nokkra kunningja mína og þeir hvöttu mig til að gera þetta. Og þá var lánstraust mitt svo lítið hjá prentsmiðjum að ég varð að fá ábyrgðarmenn til að tryggja prentsmiðjunni kostnaðinn. Bæklingurinn var síðan prentaður í Gutenberg. Hann var 16 blaðsíður og hlaut nafnið Hálfir skósólar. Og höfundurinn var Styrr Stofuglamm. Bæklinginn seldi ég sjálfur, fékk stráka til þess að bjóða hann á götunum og stjórnaði útsölunni úr pappírsskúr sem var bak við prentsmiðjuna Gutenberg. Þar hafðist ég við í nokkra daga og afgreiddi handa strákunum nýjar birgðir þegar þeir höfðu selt þær fyrri. Bæklingurinn seldist ágætlega. Þetta var nýjung, óvenjulegur tónn, ekkert líkt því sem áður hafði sést. Og fyrir jólin gat ég fengið mér ný föt hjá skraddara og nýja skó hjá fínasta skósala bæjarins.

### Ekki í ljóðasöfnum

Salan á Hálfum skósólum varð mér uppörvun til að reyna þessa hamingju í annað sinn. Og árið eftir gaf ég út nýjan kvæðabækling sem ég kallaði Spaks manns spjarir, samræmisins vegna. Hann var seldur á götum bæjarins eins og Hálfir skósólar og seldist einnig ágætlega. Og sjö árum síðar, vorið 1922, gaf ég út dálitla ljóðabók sem ég kallaði Hvíta hrafna. Í henni voru öll kvæðin sem áður höfðu komið í fyrri bæklingunum en auk þess fjöldi nýrra kvæða. Þessi bók mín seldist einnig vel og fékk góða dóma. Þrátt fyrir það finnst mér að bókmenntafrömuðir hafi varla talið mig meðal ljóðskálda. Ekkert kvæði eftir mig hefur verið tekið upp í neinar sýnisbækur. Og í Íslenskum ástarljóðum finnst ekki ein einasta vísa eftir höfund þessarar bókar. Þó er það hverju orði sannara að í Hvítum hröfnum eru betri ástarljóð en þorri þeirra ástarkvæða sem birt eru í Íslenskum ástarljóðum. Og einn kost hafði ég sem ljóðskáld sem er fremur sjaldgæfur með íslenskum ljóðskáldum: Ég kunni að byggja upp kvæði. Þau byrja þar sem þau eiga að byrja, og enda þar sem þau eiga að enda.

*Kaflinn Ljóðagerðin úr Meistarar og lærisveinar. Millifyrirsagnir eru blaðsins.*



**ÞÓRBERGUR ÞÓRÐARSON** Þórbergur var mikill sérvitringur og skráði hjá sér allt milli himins og jarðar. Hann þykir með mestu stílsnillingum íslenskrar tungu. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

## Þórbergur Þórðarson

Fæðingarár Þórbergs er á reiki, kirkjubækur segja hann fæddan 12. mars 1888, en foreldra hans minnti að hann hefði fæðst 1889 og við það hélt hann sig. Hann fæddist á Hala í Suðursveit og bjó þar til unglingsára, en þá réð hann sig á skútu í Reykjavík.

Þórbergur hristi upp í lífi landans þegar bókin Bréf til Láru kom út árið 1924, en með útkomu hennar er sagt að hann hafi orðið þjóðfrægur og illræmdur á einni nóttu. Bókmenntafræðingar lenda enn í vanda þegar skilgreina á Bréfið, þó 86 ár séu liðin frá útkomu þess. Eins er með rithöfundinn sjálfan, hann flokkast illa í hefðbundna flokka.

Þórbergur gaf út fjölda rita um ævina og má nefna Íslenskan aðal, Ofvitann og Sálminn um blómið, auk Bréfsins. Þá ritaði hann ævisögur af miklu listfengi, til að mynda ævisögu Árna prófasts Þórarinssonar. Þá skrifaði hann mikið um andleg efni og íslenskt mál, en hann var mikill orðasafnari. Þórbergur lést árið 1974.

Forlagið gefur út bókina Meistarar og lærisveinar, en hún kemur út á þriðjudaginn.



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# ÚTSALA

## Í BÓNUS GARÐABÆ

BÓNUS

**Útsala**

**30% afsláttur**

## ÚTSALA Í DAG

## 30% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM VÖRUM

## OPIÐ 10.00 - 18.00

ATH. AÐEINS ÚTSALA Í **BÓNUS GARÐABÆ**
LAUGARDAGINN 7. ÁGÚST



NÝ BÓNUS VERSLUN OPNAR Í KAUPTÚNI 3-7 , *NÆSTA HÚSI*, LAUGARDAGINN 14 ÁGÚST KL.10.00.

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Hver er þessi Paul Allen?

Bandaríski milljarðamæringurinn Paul Allen er staddur á landinu. Heimsókn hans hefur vakið gríðarlega athygli, enda fer lúxussnekkja hans, sem er ein sú stærsta í heimi, ekki framhjá neinum. Paul stofnaði Microsoft á sínum tíma ásamt Bill Gates og er í 37. sæti yfir ríkustu menn heims samkvæmt tímaritinu Forbes. *Atli Fannar Bjarkason* skoðaði hvaða mann Allen hefur að geyma og komst að því að hann er liðtækur gítarleikari með brennandi áhuga á íþróttum og konum.



**DVELUR Í REYKJAVÍK** Bæði glöggir og óglöggir hafa tekið eftir risavöxnu snekkjunni í Reykjavíkurhöfn. Hún er í eigu Paul Allen, annars stofnanda Microsoft. Allen er einn ríkasti maður heims, þó að hann hafi reyndar verið miklu ríkari áður.

## MILLJARÐAMÆRINGURINN



Paul Allen er einn af milljarðamæringunum sem taka þátt í verkefninu The Giving Pledge, sem Bill Gates og Warren Buffet standa að. Verkefnið snýst um að forríkt fólk hefur lofað að ánafna að minnsta kosti helmingi auðs síns til góðgerðarmála. Auðæfi Allen eru metin á 13,5 milljarða Bandaríkjadala í dag. Miðað við gengi íslensku krónunnar lítur talan svona út: 1.606.500.000.000. 1,6 billjónir íslenskra króna. Árið 2007 var Allen í 19. sæti á lista yfir ríkustu menn heims. Í dag er hann í 37. sæti á sama lista. Hann hefur augljóslega losað sig við talsvert mikið af fjármunum og tapað einhverju, því árið 2005 var hann í þriðja sæti á lista Forbes yfir ríkustu menn heims. Auður hans var metinn á rúma 22 milljarða Bandaríkjadala.

## TÖLVUNÖRDINN



Paul Allen fæddist í Seattle í Washington-ríki Bandaríkjanna árið 1953. Hann gekk í Lakeside-einkaskólann þar sem hann kynntist **Bill Gates**. Þeir urðu miklir vinir í gegnum sameiginlegt áhugamál sitt, sem sé tölvur, sem voru reyndar hvorki fugl né fiskur á þessum tíma. Allen gekk svo í háskóla í Washington, en hætti eftir tveggja ára nám til að vinna sem forritari með Gates góðvini sínum. Hann sannfærði svo Gates um að hætta í Harvard-háskóla til að stofna fyrirtækið Microsoft árið 1975. Það þarf ekki að fjölyrða um sögu fyrirtækisins sem er algjört skrímsli í tölvuheiminum. Gates og Allen voru á meðal þeirra sem hönnuð stýrikerfið sem keyrði fyrstu PC-tölvur IBM. Kerfið varð síðan Windows og náði yfirburðastöðu á markaðnum. Microsoft hefur á sinni tíð verið lögsótt og dæmt fyrir einokunartilburði.

## KVENNAMAÐURINN



Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Paul Allen á landinu ásamt kærustunni sinni, sem fagnaði þrítugsafmæli sínu við komuna til landsins. Paul lét starfsfólk sitt raða alls kyns gjöfum víðs vegar um lúxussnekkjuna Octopus og fór hann meðal annars fram á Louis Vuitton-tösku sem er ekki fáanleg á landinu. Allen hefur átt í ástarsamböndum við nokkrar frægar konur í gegnum tíðina. Hann var orðaður við tennisstjörnuna Monicu Seles og byrjaði að hitta fyrirsætuna Jerry Hall eftir að hún skildi við rokkarann Mick Jagger úr Rolling Stones. Þá var hann orðaður við leikkonuna **Lauru Harring** sem varð ungfrú Bandaríkin árið 1985. Í seinni tíð er hún þekktust fyrir hlutverk sitt í kvikmynd David Lynch, Mulholland Drive ásamt því að leika mömmu hins alræmda Chuck Bass í Gossip Girl.

## ÍÞRÓTTAÁHUGAMAÐURINN



Paul Allen hefur gríðarlegan áhuga á íþróttum sem sést berlega á fjárfestingum hans. Hann keypti NBA-körfuboltaliðið Portland Trail BLazers árið 1988 af fasteignajöfrinum Larry Weinberg á 70 milljónir dollara. Hann átti stóran fjárhagslegan þátt í byggingu íþróttahallar liðsins, Rose Garden, árið 1993. Árið 1997 keypti Allen NFL-íshokkíliðið Seattle Seahawks af auðjöfrinum Ken Behring. Þetta gerði Allen til að forða liðinu frá því að vera flutt til Suður-Kaliforníu. Hann á líka hlut í fótboltaliðinu Seattle Sounders FC sem var stofnað í fyrra. Á meðal eigenda eru grínistinn Drew Carey og kvikmyndaframleiðandinn Joe Roth. Liðið var aðeins annað lið sögunnar til að spila í úrslitakeppni á fyrsta tímabili sínu í MLS-deildinni, sem er úrvalsdeild Bandaríkjanna í fótbolta.

## PARTÍLJÓNIÐ



Þrátt fyrir að það sé talað um að Paul Allen sé afar rólegur og hæglátur maður er hann þekktur fyrir að halda stórkostlegar veislur á lúxussnekkju sinni. Hann býður ávallt þotuliðinu úr Hollywood að skemmta sér með sér og er þekktur fyrir að grípa í gítar í veislunum og troða upp með hljómsveit. Í nýárspartíi árið 2005 spilaði hann lög eftir Johnny Cash með hljómsveit sinni og R&B-söngvaranum Usher. Allen hélt veislu um borð í Octopus á Cannes-kvikmyndahátíðinni í fyrra til heiðurs Dr. Jim Watson. Á meðal gesta voru **Björgólfur Thor Björgólfsson** og Kristín Ólafsdóttir eiginkona hans.



BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR ÚTVÖRP MP3 SPILARAR
DVD SPILARAR SJÓNVÖRP ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
BÍLHÁTALARAR MYNDAVÉLAR
HEYRNARTÓL
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR

NOKKUR VERÐDÆMI

**PHILIPS SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 250.000 KRÓNA AFSLÆTTI**
KÆLI- OG FRYSTISKÁPAR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI
**HÁRBLÁSARAR OG SLÉTTUJÁRN - VERÐ FRÁ KR. 995**
POTTAR OG PÖNNUR MEÐ ALLT AÐ 60% AFSLÆTTI
**PHILIPS LOFTHREINSITÆKI MEÐ ALLT AÐ 33% AFSLÆTTI**
20 LÍTRA KENWOOD STÁL ÖRBYLGJUOFN AÐEINS 11.995 KR.
**PHILIPS HÁRVÖRUR MEÐ ALLT AÐ 40% AFSLÆTTI**
HEYRNARTÓL MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI
**PHILIPS HLJÓMTÆKI - VERÐ ÁÐUR KR. 69.995**
**- NÚ KR. 39.995 - AFSL. KR. 30.000 EÐA 43%**

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**TAKMARKAÐ MAGN**
*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*
**Opið laugardaga kl. 10 – 16**

Heimilistæki
www.ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
ide line Melissa TecnoWind Bauknecht elna exido VESTFROST INDESIT DeLonghi Whirlpool

# *Fuglarnir fljúga af hnífsblaðinu*

Í gömlu timburhúsi við bryggjuna á Hólmavík sitja tveir menn og tálga fugla. Þetta eru **Hafþór Þórhallsson** og **Jón Ólafsson** og þeir gera meira en tálga því þeir mála líka fuglana og selja. ***Stefán Karlsson*** ljósmyndari átti leið um bryggjuna, heillaðist af iðju þeirra félaga og beindi að þeim linsunni. ***Gunnþóra Gunnarsdóttir*** sló svo á þráðinn til þeirra og Hafþór varð fyrir svörum.



**MIKIÐ AÐ GERA** Hafþór Þórhallsson og Jón Ólafsson hafa varla undan í fuglaframleiðslunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ég tálga bara íslenska fugla, þessa algengustu. Hef gert milli þrjátíu og fjörutíu tegundir og þar af eru svona fimmtán vinsælastar. Sumir safna þessum fuglum, ferðafólk kaupir þá úr höndunum á mér á sumrin og á veturna pantar fólk þá gegnum síma,“ segir Hafþór sem hefur ekki gert annað síðustu þrjú ár en að fjölga fuglum. Jón er hins vegar bæði á grásleppu og strandveiðum á Hólmavík en er smíðakennari og byrjaði að tálga í sumar. „Jón er ekkert að stæla mína fugla né ég hans,“ tekur Hafþór fram. „Það hefur verið gott fyrir mig að hafa hann með mér því ég hef ekki undan og það er ekki nógu skemmtilegt að eiga ekkert á verkstæðinu. Hann er að selja grimmt líka.“



Hafþór kveðst vera úr Reykjavík en hafa búið á Hólmavík í fimmtán ár og kennt þar myndmennt og smíðar í 12 ár. Hvað kom til að hann sneri sér alfarið að fuglaframleiðslunni? „Ég var búinn að kenna í þrjátíu ár og langaði að breyta til. Hafði verið að fikta við að tálga fugla á sumrin og selja afraksturinn í upplýsingamiðstöðinni hér. Svo ákvað ég að hella mér út í þetta og koma mér upp verkstæði á góðum stað við höfnina, við hliðina á Galdrasafninu og aðalveitingahúsi bæjarins, í gömlu húsi sem ég gerði upp.“

Rekaviður af fjörunum og birki úr reykvískum görðum er sá efniviður sem Hafþór kveðst einkum nota í fuglana og lappirnar gerir hann úr nöglum. En jaðrakan og spói þurfa langar lappir og þær býr hann til úr gömlum önglum sem hann fær hjá beitningamönnum í hinum hluta verkstæðishússins.

Lóan er langvinsælust fuglanna, að sögn Jóns. Svo koma hrafninn, krían, spóinn og rjúpan. Skógarþröstur og maríuerla eru mikið keypt líka og lundinn er vinsæll hjá útlendingum. „Annars kaupa útlendingar sömu tegundir og Íslendingar,“ segir Hafþór. „Þeir hafa oft einhverja upplifun af kríunni, lóunni eða spóanum þegar þeir koma hingað og kaupa sér tréfugl til minja.“



**SÝNISHORN** Aðallega er notast við rekavið og birki í fuglana.





**LÓAN ER KOMIN** Hafþór leggur lokahönd á lóu. Það vefst ekki fyrir myndlistarkennaranum að mála hana.



**TVEIR Á TOPPNUM** Vaðfuglarnir lóa og jaðrakan.



**FALLEGIR FUGLAR** Lóurnar heilla flesta.



**UNGUR NEMUR** Þessi unga dama fékk að spreyta sig með spýtu og hníf.





**2006** Ómar Ragnarsson hefur hjálpað til og tekið þátt í mörgum Gleðigöngunum, og árið 2006 tók hann að sér að aka draggdrottningu Íslands niður Laugaveginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**2007** Vel viðraði á Gleðigönguna árið 2007 og taldi lögreglan að 50 til 60 þúsund manns hefðu tekið þátt í hátíðarhöldunum það árið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# *Gleðigöngur í gegnum tíðina*

Hinsegin dagar ná hámarki með **Gleðigöngunni** sem fram fer í dag. Hátíðin hefur vaxið gríðarlega á undanförnum ellefu árum og metfjöldi sótti gönguna í fyrra, um 80 þúsund manns. *Fréttablaðið* fór í gegnum myndasafnið og fann nokkrar skemmtilegar myndir úr göngum fyrri ára.




**2008** Metfjöldi vagna og hópa tók þátt í göngunni árið 2008, um fjörutíu talsins. Fjölmargar fjölskyldur gengu niður Laugaveginn undir merkinu Stoltar fjölskyldur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**2005** Fólki sem hefur fylgst með og tekið þátt í hátíðarhöldunum í kringum Hinsegin daga hefur fjölgað stöðugt ár frá ári. Í fyrra var fjöldinn í kringum 80 þúsund manns í Gleðigöngunni, hápunkti hátíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**2005** Menn og konur létu votviðri ekki aftra sér frá því að klæða sig skrautlega fyrir fimm árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**2004** Þessi kona brosti blítt til ljósmyndara Fréttablaðsins með skilti sitt að lokinni Gleðigöngunni árið 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**2009** Einn vagninn sem vakti hvað mesta athygli í fyrra var fullur af ungum konum í gervi forsætisráðherrans Jóhönnu Sigurðardóttur, sem þá hafði orðið fyrsti opinberlega samkynhneigði forsætisráðherrann. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**2003** Páll Óskar Hjálmtýsson hefur alltaf vakið mikla lukku þegar hann hefur tekið þátt í göngunni. Árið 2003 var hann í draggi á vagninum, en draggkeppnin er nú orðin stór hluti af hátíðarhöldunum.

# ferðalög

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG ]

ÁGÚST 2010




**Til fundar við drauma bernskunnar** Ljósmyndarinn Emilie Fjóla Sandy opnar innan skamms sýninguna Þegar ég er stór í Lundúnum.

SÍÐA 2



**Kafbátar og kameldýr** Öðruvísi ferðamáti víða um heim.

SÍÐA 6




# DEKRAÐ VIÐ BRAGÐLAUKANA

Ferðalög geta snúist um margt fleira heldur en heimsóknir á gömul söfn eða letilegan dag á ströndinni. Skipulagðar matarferðir eða matreiðslunámskeið undir stjórn heimsþekktra kokka í útlöndum geta verið skemmtileg tilbreyting og jafnvel orðið að spennandi ævintýri sem skilur eftir sig bæði ljúfar og ljúffengar minningar.

Matarferðir njóta nú vaxandi vinsælda og ekki aðeins meðal þeirra sem vilja brydda upp á nýjungum heldur gera fríið enn eftirminnilegra.

Víða er til dæmis hægt að slá tvær flugur í einu höggi og bóka sig í matar- og menningarferðir með leiðsögn. Í New York er boðið upp á slíka rúnta í nokkur helstu og fjölbreyttustu hverfi borgarinnar. Undirritaður fór í einn slíkan um Greenwich Village fyrir nokkru þar sem þátttakendum gafst færi á að kynnast sögu þessa litríka bóhemahverfis, sjá hvar Hollywood-stjörnur hafa hreiðrað um sig og bragða í leiðinni á öllu því besta sem er í boði, bæði á veitingastöðum og í sælkeraverslunum. Svo skemmtilega vildi til að í nokkrum þeirra fengust íslenskar vörur og þar á meðal skyr sem vakti mikla lukku meðal viðstaddra.

Ferðir af þessu tagi eru kjörið tækifæri til að öðlast betri innsýn í menningu og sögu viðkomandi staða, hvort sem lagt er af stað í tapas-leiðangur um Madrid eða ferðinni heitið í ostabúðir, vínverslanir eða rómaða veitingastaði í París.

### Sannkölluð sælkeraveisla

París er sjálfsagt sú evrópska borg sem státar af flestum matarmörkuðum, þar sem úir og grúir af hvers kyns kræsingum. Allir eru þeir opnir um helgar og sumir á virkum dögum að auki. Marché couvert des Enfants rouges er kjörið að heimsækja en hann er elsti matarmarkaðurinn í París. Annar gamall er Borough Market í Southwark í Lundúnum, sem á rætur að rekja aftur til daga Rómverja. Ráðlagt er að fólk verji að minnsta kosti hálfum degi þar, enda margt skemmtilegt að skoða og upplifa. Sömu sögu má segja um Mercat de la Boqueria í Barcelona, en sú staðreynd að helstu matreiðslumenn borgarinnar safnast þar saman snemma á laugardagsmorgnum til að gera innkaup fyrir veitingastaðina er vitnisburður um gæði hráefnisins, auk þess sem þar eru ýmsir litlir og góðir matsölustaðir sem vert er að borða á.

### Lært að elda þjóðlega rétti

Þeim sem hafa hug á að heimsækja Mercat de la Boqueria gæti jafnframt þótt gaman að vita að sérstakur matreiðsluskóli er rekinn á vegum markaðarins, þar sem þátttakendur læra eitt og annað sem lýtur að spænskri matargerð. Matreiðsluskólar eru vitanlega kjörnir fyrir ferðalanga sem vilja ekki aðeins hafa með sér heim minningar um góðan mat í fríinu, heldur geta beinlínis notið hans þegar löngunin læðist að. Matreiðsluskólar eru reknir víða um heim og við

FRAMHALD Á SÍÐU 4

Sólveig Gísladóttir skrifar

# ÖRYGGI Í PLASTPOKA

Vopnaleitin á flugstöðum fer í taugarnar á mörgum. Að þurfa að afklæðast í upphafi sumarfrísins í sal fullum af fólki með flugstress í æðum er ekki það sem flestir myndu kalla gott start. Auk þess hefur mörgum sárnað að þurfa að láta frá sér uppáhalds naglaskærin sem bitu svo vel, rándýra ilmvatnið og kókflöskuna sem átti að endast flugið á enda.

Langflestir gera sér svo sem grein fyrir því að fyllsta öryggis þurfi að gæta og eru þakklátir fyrir að öryggisverðir á flugvöllum vinni starf sitt vel. En líklega er það sú staðreynd að margar af öryggiskröfunum hljóma eins og lélegur brandari, sem fer hvað mest í taugarnar fólki.

Vissulega á fólk ekki að fá að ferðast með vopn, sprengiefni, eldfima vökva, tærandi efni, eitur og geislavirk efni. En þegar skilgreiningin á eggvopnum er farin að ná yfir plokkara er skilningur margra á enda. Hvernig menn sjá fyrir sér að fólk ætli að ræna flugvélum með plokkarann einan að vopni hef ég aldrei skilið.

Þá er það hin yndislega regla um vökvann. Jú, þú mátt taka með þér vökva, en ekki meira en 100 ml og skulu umbúðirnar samviskusamlega pakkaðar í plastpoka. Og hvað er með þennan plastpoka? Hversu mikla vörn veitir hann? Ef ég væri bíræfinn hryðjuverkamaður með ætandi efni í 100 ml brúsa í plastpoka ... hversu mikið mál væri það fyrir mig að OPNA plastpokann í vélinni?

Sumir hafa reyndar þá samsæriskenningu að reglan um vökvann hafi verið samin í samstarfi við veitingasala á flugvöllum. Til að snúa á kerfið hafa hagsýnar húsmæður tekið upp á því að taka með sér tómar flöskur í gegnum öryggiseftirlitið og fylla síðan á þær inná baði í fríhöfninni.

Kannski eru það þessar skrítnu reglur sem gera það að verkum að margir fá töluvert út úr því þegar öryggisvörðunum yfirsjást hlutir. Ég hef heyrt ófáar sögur sagðar í glaðhlakkalegum tón um hvernig fólk hafi óvart sloppið með hina ótrúlegustu hluti í gegnum gegnumlýsingu. Menn hafi þá verið of uppteknir við að þefa upp úr illa lyktandi skópörum meðan vasahnífar, naglaklippur og annar stórhættulegur varningur rann óáreittur í gegn.

Besta leiðin til að njóta upphafs ferðalagsins er þó að líta á öryggishliðið eins og þreytandi verk á borð við uppvask. Það er leiðinlegt ... en þarf að klárast.

**ferðalög** kemur út mánaðarlega
með helgarblaði Fréttablaðsins.

**Ritstjóri** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is*
**Útlit** Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir
**Forsíðumynd** Nordicphotos Getty Images
**Pennar** Marta María Friðriksdóttir og Sólveig Gísladóttir.
**Ljósmyndir** Fréttablaðið
**Auglýsingar** Bjarni Þór Sigurðsson *bjarnithor@365.is*








**Hugmynd að heimsókn** Kamilla Weinhardt og Emilie Fjóla Sandy höfðu samband við fólk í skapandi greinum og spurðu hvað það hefði viljað verða þegar það var lítið. Til vinstri sést söngkonan Hafdís Huld bregða sér í hlutverk forseta Íslands. MYND/ÚR EINKASAFNI

# HAFDÍS HULD SEM FORSETI ÍSLANDS

**Mynd af íslensku söngkonunni Hafdísi Huld í hlutverki forseta Íslands prýðir meðal annars veggi ljósmyndasýningarinnar Þegar ég er stór sem verður opnuð í miðborg Lundúna í næstu viku. Hin hálfíslenska Emilie Fjóla Sandy og Kamilla Weinhardt standa að baki henni.**

Þeim tókst að finna kjól sem er líkur þeim sem Vigdís Finnbogadóttir var í á frægri mynd frá níunda áratugnum. Ég sé núna að það hæfir mér vel að vera forseti.“ Þetta eru ummæli höfð eftir söngkonunni Hafdísi Huld, en mynd af henni í hlutverki forseta Íslands verður til sýnis á ljósmyndasýningunni Þegar ég er stór sem verður opnuð í Lundúnum á fimmtudaginn.

Ljósmyndarinn Emilie Fjóla Sandy sem er hálf íslensk og vinkona hennar, grafíski hönnuðurinn Kamilla Weinhardt standa að baki sýningunni sem verður opnuð í Material galleríinu í Carnaby Street í miðborg Lundúna. „Við spurðum einstaklinga í skapandi greinum hvað þeir vildu verða þegar þeir voru litlir. Hugmyndin var að heimsækja þá í þeirra umhverfi, annað hvort á vinnustofur þeirra eða heimili, og taka myndir af þeim klæddum í föt sem einkennir störfin,“ segir Emilie. „Ég hef tekið myndir af Hafdísi Huld áður og hélt sambandi við hana. Mig minnir að ég hafi upphaflega hitt hana í tengslum við myndatöku hjá Vikunni fyrir nokkrum árum.“

Á sýningunni eru myndir af tuttugu og fimm einstaklingum. Auk Hafdísar Huldar er fólk á borð við Mary Jane Baxter, fréttamann á BBC, í hlutverk Maríu úr Söngvaseið og Nicolas Roope stjórnanda umboðsskrifstofunnar Poke London sem bónda. „Þetta var gaman og fólk naut þess að upplifa drauma bernskunnar,“ segir Emilie.

Kamilla tekur við og útskýrir vinnufyrirkomulagið. „Emilie tekur myndirnar og ég er listrænn stjórnandi og stílisti,“ segir hún og bætir við að vinna við sýninguna hafi hafist í febrúar árið 2009. „Ég býst við að við munum svo halda áfram með þetta verkefni.“

En vildu einhverjir vera það sama? „Það vildi svo heppilega til að fæstir vildu vera það sama. Tveir menn vildu verða prestar svo við klæddum þá upp á mismunandi vegu. Þegar við byrjuðum sagði fólk raunhæfa hluti eins og þjónustustúlka eða flugfreyja. Svo varð þetta skemmtilegra og einn vildi verða Tinni og okkur Kamillu fannst sú hugmynd skemmtileg.“

Sýningin verður opnuð 13. ágúst og stendur til 27. ágúst. Nánari upplýsingar má finna á www.wheniambig.com. *- mmf*

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
➔ flugfelag.is

Netið

Þú færð alltaf hagstæðasta verðið á **www.flugfelag.is**

## HEIMAMAÐURINN
▸ Kaupmannahöfn



STEFANÍA KRISTÍN BJARNADÓTTIR

**UPPÁHALDSHVERFIÐ:** Amager, þar sem ég bý. Maður getur ekki annað en kunnað vel við sig þarna, meðal annars þar sem besta ströndin er skammt undan og með tilkomu metro-kerfisins er stutt í allt.

**FLOTTASTA VERSLUNIN:** Gjafavöruverslunin Inblik á Kristjánshöfn, sem selur allt frá kertastjökum til sólgleraugna. Svo er gaman að kíkja í antíkverslanirnar á Nørrebro.

**UPPÁHALDSVEITINGASTAÐUR:** Restaurant Schønnemann, sem er besti smurbrauðsstaðurinn í borginni. Maturinn er vel framreiddur, þjónustan framúrskarandi góð og andrúmsloftið þægilega afslappað.

**UPPSKRIFT AÐ GÓÐU KVÖLDI:** Borgin býður upp á endalausa möguleika. Ég færi út að borða á Restaurant Fiat sem býður upp á frábæran ítalskan mat og eftir það í Konunglega leikhúsið, sem er listaverk út af fyrir sig. Að svo búnu kæmi til greina að kíkja á næturlífið í Kødbyen, gamalt kjötvinnslusvæði sem er verið að taka í gegn og breyta í huggulegt kaffihúsa- og næturklúbbahverfi. Þarna rekur Dóra Takefusa til dæmis barinn Jolene.

**HVAÐ KEMUR MEST Á ÓVART:** Hvað Kaupmannahöfn er endalaus uppspretta menningar. Það er hreinlega alltaf eitthvað um að vera.



# ego dekor



-20%

TV skenkur í eik
183cm
Verð:
99.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
79.920,-



-20%

Skenkur í eik
150cm
Verð: 129.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 103.920,-

-30%

Stækkanlegt eikarborð
160(248)X100cm
Verð: 139.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 97.930,-

TV skenkur í hvítu og svörtu háglans
200cm
Verð:
106.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
74.200,-



-30%



-20%

SABINE leðurstóll
Verð: 16.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
13.520,-



-25%

CLOE stóll
Verð: 18,900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
14.175,-



-25%

KELLY stóll
Verð: 18,900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
14.175,-



CROCO leðurstóll -50%
Verð: 35.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
17.500,-



-30%

Dökkt eikarborð
180X100cm
Verð: 99.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 69.930,-
BORÐ OG 6 STÓLAR: 154.980,-

## ÚTSALAN ER HAFIN

## 20-50% AFSLÁTTUR



-25%

MERCURY tungusófi
290X165cm
Verð: 248.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
186.000,-

CULP tungusófi
212X155cm
- færanleg tunga
Verð: 169.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
118.930,-



-30%



-20%

GOTCHA hornsófi
283X180cm
Verð: 258.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
206.400,-



-30%

BORGES tungusófi
290X165cm
Verð: 225.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
157.500,-

NORRHAMN 3ja sæta sófi og skammel
230cm
Verð: 168.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
109.200,-



-35%



-30%

PÚÐAR
Verð: 4.800,-
ÚTSÖLUVERÐ:
3.360,-

LUND tungusófi
295X165cm
Verð: 245.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
196.000,-



-20%

**Opið mán-fös: 10.00-18.00**
**Opið um helgina: lau: 10.00-18.00 - sun: 13.00-17.00**

**Ego Dekor - Bæjarlind 12**
**S: 544 4420 - www.egodekor.is**

Við erum ódýrari
VEIÐIPORTIÐ
Veiðiportið • Grandagarði 3 • Sími 552 9940
SHIMANO
25% afsláttur í ágúst

12,6, 13, 14, og 15 feta stangir í boði.
**Shimano tvíhendu pakkar með 25% afsl. út ágúst**
Shimano er einn allra stærsti stangar framleiðandi í heiminum í dag og hafa tvíhendurnar og hjólin borið af hvað varðar gæði og hönnun.
(ath. hægt er að prufa stangirnar á grasbletti við verslunina).


2:1
3 FERÐIR DAGLEGA
HVALA-SKOÐUN
2 fyrir 1 í tilefni Gleðidaga!
5 FERÐIR DAGLEGA
LUNDA-SKOÐUN
Sjáðu litríkasta fugl Íslands í návígi!
PUFFIN EXPRESS
Puffin Express / Gömlu höfninni / Reykjavík / 892 0099

Sérblaðið
Skólar og Námskeið
kemur út með Fréttablaðinu þriðjudaginn 10. ágúst.
Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Hjörtur
• hjortur@365.is
• sími 512 5429
Hlynur Þór
• hlynurs@365.is
• sími 512 5439
Bjarni Þór
• bjarni thor@365.is
• sími 512 5471
Sigríður
• sigridurh@365.is
• sími 512 5432





**Krydd í tilveruna** Grand Bazaar-markaðurinn í Istanbúl í Tyrklandi er kjörinn v
spennandi hluti. Leitun er að jafn fjölbreyttu mannlífi auk þess sem þar úir og
og fersku hráefni svo fátt eitt sé nefnt.

FRAMHALD AF FORSÍÐU

suma kenna þekktir matreiðslumenn. Sjónvarpskokkurinn kunni, Rachel Allen, kennir við Ballymaloe Cookery School í Cork á Írlandi og Nick Nairn hefur kennt við Nairns Cook School í Stirling í Skotlandi, svo dæmi séu nefnd.

### Stefnumót við Gordon Ramsey

Þeir sem vilja frekar verja tímanum í að njóta heldur en að nema gætu skipulagt heimsókn á matarhátíðir. BBC stendur árlega fyrir slíkri hátíð eða hátíðum, BBC Good Food Shows, í október þar sem bændur hvaðanæva af Bretlandseyjum kynna afurðir sínar og þekktir matreiðslumenn sýna kunnáttu sína ásamt því að sitja fyrir svörum. Gordon Ramsey, James Martin, John Torode og Gregg Wallace úr sjónvarpsþáttunum Master Chef eru meðal þeirra sem hafa boðað komu sína á BBC Good Foods Shows í Glasgow og Birmingham í ár. Af öðrum hátíðum má svo nefna Nordic Food Festival sem fer fram í Kaupmannahöfn seinni hluta ágúst, Liverpool Food and Drink Festival þann 12. september og súkkulaðihátíðina sívinsælu Salon du Chocolat í París í októberlok. Allar er tilvalið að sækja fyrir þá sem vilja dekra við bragðlaukana og upplifa sannkallað ævintýri í fríinu. *- rve*





**Hátíðarhöld** Kjörið er að skipuleggja heimsókn á matarhátíðir erlendis. Salon du Chocolat er vinsæll viðburður sem fer fram í París. NORDICPHOTOS/AFP



**Skemmtileg upplifun** Matreiðsluskólar eru tilvaldir fyrir ferðalanga sem vilja brjóta upp fríið með öðruvísi upplifun og öðlast innsýn í matreiðslu og matarhefðir annarra þjóða.



**Ævintýraheimur** Mercat de la
Ferðalangar ættu að gefa sér
skemmtilegu matsölustöðum



**LEYNDARDÓMAR VATNSHELLIS** kallast skoðunarferðir með leiðsögn sem farnar verða í Vatnshelli í þjóðgarðinum Snæfellsjökli til 10. ágúst. Ferðir eru farnar allan daginn frá 10 til 17 og ekki þarf að panta sérstaklega í ferðir þennan tíma.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447









Hallfríður Þóra ætlar í tvö partý í kvöld. Annað til að kveðja vin og hitt til að bjóða vin velkominn til landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kveður góðan vin og býður annan velkominn

**Hallfríður Þóra Tryggvadóttir situr sjaldan auðum höndum. Um helgina ætlar hún að tvinna saman leik og starf með því að selja föt í kílóavís og gleðjast með samkynhneigðum á Laugaveginum.**

Helgina hafði Hallfríður ekki skipulagt út í ystu æsar þegar blaðamaður heyrði í henni. Þó bjóst hún við að föstudagskvöldinu myndi hún verja í góðra vina hópi. Í dag stendur hún vaktina í versluninni Spúútnik á Laugavegi og selur föt eftir vigt en þar stendur nú yfir kílóamarkaður. „Það verður örugglega brjálað að gera,“ segir hún og hlakkar til að drekka í sig stemninguna frá Gleðigöngunni sem fer niður götuna í dag. „Þetta verður massa gleði og við ætlum að vera í „gay pride“-litunum,“ segir Hallfríður glaðlega. Hún hefur unnið í Spúútnik um hríð og þykir frábært að vinna við Laugaveginn. „Í kaffihléum getur maður farið út og gert það sem aðrir gera í fríum sínum.

Í kvöld heldur gleðin áfram en fyrir liggja tvö partý. „Annars vegar ætla ég í kveðjupartý og hins vegar í velkomin heim partý,“ upplýsir hún og hlær. Gleðin má þó ekki verða allt of mikil enda er opið í Spúútnik á sunnudögum og Hallfríður verður þar að venju. „Nema ég fari í óvænta útilegu,“ segir hún glettin en Hallfríður hefur verið æði iðin við að ferðast í sumar. „Ég fór út í Flatey um verslunarmannahelgina og síðan á Snæfellsnesið,“ segir hún en auk þess hefur hún í sumar farið í hjólreiðaferð um Vestmannaeyjar, í óvissuferð til Flúða, sumarbústaði og jafnvel til Spánar.

„Ég er mjög iðin manneskja og slappa sjaldan af,“ upplýsir Hallfríður sem mun koma fyrir sjónir almennings þann 3. september næstkomandi þegar kvikmyndin Sumarlandið verður frumsýnd. Leiklistin heillar hinn nýútskrifaða Verzlunarskólanema og dreymir hana um frama í þeim geira. „Og ég geri alltaf það sem mig dreymir um,“ segir hún ákveðin.

*solveig@frettabladid.is*



# ;HOLLUSTA

**VEITINGASTAÐURINN SPÍRAN** opnaði í Garðheimum í júní. Spíran er bistró á léttu línunni þar sem meðal annars er boðið upp á heilsusamlega rétti og heimabakaðar hollustukökur.





Til að gera bakstur hollari má skipta út hvítu hveiti og nota í staðinn spelt og heilhveiti. Einnig má nota kaldpressaðar olíur í stað smjörs, eða nota til helminga ávaxtamauk. Í stað eins eggs má nota tvær eggjahvítur.

www.heilsubankinn.is


FIT • PILATES



**Fit Pilates kennaranámskeið**
28. og 29. ágúst í Reykjavík
www.fitpilates.is • Smári s. 896 2300




Til gamans má bera saman nokkur næringarefni í ólíkum berjum. Í 100 grömmum af krækiberjum eru 10,7 mg af C-vítamíni, 2,3 mg af járni og 11 mg af kalki. HEIMILD:MATÍS



Í 100 grömmum af rifsberjum eru 49 mg af C-vítamíni, 0,79 mg járn og 35 mg kalk. HEIMILD:MATÍS



Í 100 g af þurrkuðum goji-berjum eru 29-148 mg af C-vítamíni, 9 mg af járni og 112 mg af kalki. HEIMILD:WIKIPEDIA



Í 100 g af bláberjum eru 38,2 mg C-vítamín, 0,69 mg járn og 15 mg kalk. HEIMILD:MATÍS


HOLLT FERSKT
OG FRAMANDI
OG AGALEGA GOTT

Við notum ekkert hvítt hveiti
og engan hvítan sykur.

Allar marineringar eru heimalagaðar
beint frá hjartanu og
eru án allra aukaefna.

HOLLUR FERSKUR
FRAMANDI MATUR
Á VERÐI SEM KEMUR
ÞÉR TIL AÐ BROSA



SAFFRAN
GLÆSIBÆ / DALVEGI 4 KÓP
SAFFRAN.IS


# Fjölbreytni er lykillinn

**Hollusta berja er óumdeilanleg og mælir allt með því að fólk nýti árstímann til tínslu. Engin ein fæðutegund er þó allra meina bót eins og stundum er haldið á lofti heldur skiptir fjölbreytni mestu.**

Enginn vafi leikur á því að ber eru holl og uppfull af mikilvægum næringarefnum. Í umræðunni eru sum þeirra hins vegar tekin út og sögð hollari en önnur og það sama má reyndar segja um margar aðrar fæðutegundir. Sem dæmi má nefna bláber og goji-ber svokölluð sem eru gjarnan sögð allra meina bót. Bertha María Árselsdóttir, næringarfræðingur hjá Næringarsetrinu, segir sum ber vissulega innihalda meira af vítamínum og annarri hollustu en önnur en að það sama eigi við um þau og annan mat, að best sé að borða fjölbreytt vegna þess að ólíkar fæðutegundir bæti hver aðra upp. Í bláberjum geti til dæmis verið efni sem ekki eru í goji-berjum og öfugt.

„Í umræðunni er stundum lögð ofuráhersla á eina tegund og þá á fólk það til að sleppa öðrum. Þar með fer það á mis við ýmis mikilvæg næringarefni því engin ein fæða inniheldur allt það sem líkaminn þarf.“ Bertha María segir mikla sölumennsku einkenna heilsuvörumarkaðinn. „Það er eflaust afar gott fyrir fólk að borða mikið af ákveðnum berjum svo dæmi séu nefnd en það er ekki hægt að kaupa sér heilsu með því að borða ákveðna tegund í miklum mæli. Engin ein fæðutegund hefur þau áhrif en saman geta þær stuðlað að góðri heilsu. Ber eru þar á meðal en þau eru full af andoxunarefnum sem hafa jákvæð áhrif á líkamann og eiga þátt í því að styrkja ónæmiskerfið.



Bertha segir stundum sé lögð áhersla á ákveðnar fæðutegundir og að þá eigi fólk það til að sneiða hjá öðrum. Hún er mótfallin því vegna þess að fæðutegundirnar bæta hver aðra upp. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bertha María kveðst verja miklum tíma í sínu starfi í að reyna að fá fólk ofan af því að vera með stækkunarglerið á matnum og festa sig í smáatriðum. „Það ætti frekar að horfa á fæðuhringinn og borða fjölbreyttan mat. Fólk er alltaf að fá nýjar upplýsingar um skaðsemi eða gagnsemi ákveðinna fæðutegunda úr umhverfinu. Sumum þykir flókið að feta rétta braut en lausnin er einföld: Borða fjölbreyttan mat og helst sem minnst unninn enda haldast næringarefnin best ef fæðan kemur beint af kúnni, ef svo má segja. Nýtínd ber eru því ekkert nema afbragðs fæða í bland við kjöt, fisk og annan góðan mat.“

Samstarfskona Berthu Maríu hjá Næringarsetrinu, Guðrún Kristín Sigurgeirsdóttir, tekur í sama streng og segir best að fæðan sé sem næst upprunanum. Hún ræður fólki meðal annars frá því að nota safapressu í miklum mæli, hvort sem það sé til að búa til ávaxta-, grænmetis-, eða berjadjús. „Við safagerðina tapast mikilvægar trefjar og andoxunarefni úr hýðinu og aldinkjötinu enda er það síað frá. Boost er betri kostur enda fara berin og ávextirnir ofan í það í heilu lagi.“

vera@frettabladid.is

**FYRIRLESTURINN SYKUR, SYKUR, SYKUR...** Hvers vegna er ég sjúk(ur) í sykur og hvað er til ráða? verður haldinn í húsnæði Manns lifandi í Borgartúni þann 10. ágúst. Linda Pétursdóttir svarar þar þessari spurningu sem margir spyrja sig.





Anna Jóna hjálpar fólki að finna og vinna með styrkleika sína. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Leitar að styrkleikum

**Hamingjan er Önnu Jónu Guðmundsdóttur hugleikin en hún heldur námskeið og fyrirlestra í jákvæðri sálfræði sem er ætlað að hjálpa fólki að verða besta útgáfan af sjálfu sér og blómstra.**

Hamingjusamari.is er setur hagnýtrar jákvæðrar sálfræði og þar heldur sálfræðingurinn Anna Jóna Guðmundsdóttir um stjórnartaumana. Hún býður upp á ráðgjöf, vinnustofur, fyrirlestra og námskeið sem er ætlað að hjálpa fólki til að verða besta útgáfan af sjálfu sér. „Jákvæð sálfræði er vísindagrein sem leitast við að finna hvað gerir það að verkum að einstaklingar og samfélög blómstra. Ég nota styrkleikabyggða nálgun og hjálpa fólki að finna og vinna með styrkleika sína,“ segir Anna Jóna.

Hún tekur að sér fræðslu og námskeið fyrir stjórnendur, vinnustaði og aðra sem vilja bæta sig í starfi og einkalífi. Hún notast við syrkleikaprófið Realise 2 sem greinir sextíu styrkleika og skilgreinir þá útfrá frammistöðu, orku og hversu oft viðkomandi hefur tækifæri til að nota þá. „Þó flestir geti að einhverju leiti gert sér grein fyrir eigin styrkleikum þá kemur ýmislegt á daginn sem það hefði ekki getað sagt sér sjálft og fylgja niðurstöðunum verkefni sem það vinnur með. Prófið gerir mér líka kleift að komast strax að efninu og fara að tala um það sem skiptir viðkomandi máli.“

En er bannað að fjalla um neikvæðni í jákvæðri sálfræði? „Nei prófið greinir líka veikleika og geta þættir eins og þrautseigja eða hlustun komið upp sem veikleikar svo dæmi séu nefnd. Það er gott að gera sér grein fyrir veikleikum sínum og þá er ýmist hægt að æfa sig í því að hlusta og halda lengur út eða að velja sér starfsvettvang þar sem þess er ekki krafist en styrkleikarnir nýtast vel.“ Realise 2 - prófið greinir líka vannýtta styrkleika. „Sem dæmi má nefna skrifstofumanneskju sem hefur góða samskiptahæfileika. Ef hægt er að finna þeim farveg gæti manneskjan frekar blómstrað.“

Anna Jóna segir styrkleikabyggða nálgun opna augu fólks fyrir möguleikum sem annars hefði verið horft fram hjá og að það geti til að mynda komið sér vel á vinnustöðum og bætt heildarárangur fyrirtækis. „Fólk eflist og þroskast við það að vinna með styrkleika sína, sér sig í nýju ljósi, gengur betur í vinnunni og verður hamingjusamara.“

Anna Jóna býður upp á lengri og skemmri námskeið fyrir vinnustaði auk þess sem hún heldur regluleg námskeið fyrir almenning. Lengd námskeiða fer eftir því hversu miklu fólk vill breyta en það gefst oftast vel að hittast nokkrum sinnum þar sem hægt er að fara heim með verkefnin á milli, prófa þau og ræða síðan hvernig gekk. Mér finnst skemmtilegast að hitta fólk eftir einhvern tíma og heyra: Þú trúir því ekki hvað ég er búin að breyta miklu enda leggja mikla áherslu á hagnýti. Nánari upplýsingar er að finna á hamingjusamari.is.“

*vera@frettabladid.is*

# Staðreyndir að baki Paradísarheimt

**Fred E. Woods prófessor heldur fyrirlestur um Laxness í Háskólanum á Akureyri þann 19. ágúst.**

Fyrirlesturinn ber nafnið Laxness og hinir síðari daga heilögu: Staðreyndir að baki skáldsögunnar Paradísarheimtar. Woods mun sérstaklega ræða um heimsóknir Halldórs Laxness til Vesturheims, tengsl hans við mormónatrúna og skrif skáldsögunnar Paradísarheimt. En þess má geta að í ár eru 50 ár liðin frá því að Paradísarheimt kom út.

Fyrirlesarinn Fred E. Woods er með BS-gráðu í sálfræði og MS-gráðu í alþjóðasamskiptum. Árið 1991 lauk hann doktorsgráðu í miðausturlandafræðum frá University of Utah þar sem hann lagði áherslu á hebresku biblíuna.

Hann kenndi við Rick College frá 1993-1998 og síðasta áratuginn hefur hann verið prófessor við Brigham Young University við deild þeirra um trúarsögu og kennisetningar Mormónakirkjunnar. Woods hefur haldið fyrirlestra við fjölmarga háskóla í Bandaríkjunum sem og annars staðar í heiminum. Bók Woods, Eldur á ís: Saga hinna íslensku síðari daga heilögu heima og að heiman kom út í þýðingu Friðriks Rafns Guðmundssonar hjá Háskólaútgáfunni árið 2007.

Fyrirlesturinn fer fram í stofu L101 á Sólborg á Akureyri þann 19. ágúst frá klukkan 14 til 15.



Halldór Laxness



Flutt verða erindi um stöðu innflytjenda í samfélagi og skólum á Íslandi.

## Málþing um fjölmenningu

STAÐA INNFLYTJENDA Í SAMFÉLAGI OG SKÓLUM VERÐUR RÆDD Á MÁLÞINGI ÞANN 20. ÁGÚST.

Í tilefni af útkomu bókarinnar Fjölmenning og skólastarf verður haldið málþing á vegum Rannsóknastofu í fjölmenningarfræðum 20. ágúst klukkan 13 til 16 í húsnæði Menntavísindasviðs, stofu H-207 í Stakkahlíð. Þar verða flutt erindi um stöðu innflytjenda í samfélagi og skólum á Íslandi. Meðal fyrirlesara verða Almar Halldórsson sem mun fjalla um færni innflytjenda í grunnskólum samkvæmt niðurstöðum PISA-könnunarinnar Ísland og OECD og Þóroddur Bjarnason sem mun fjalla um stöðu barna og unglinga af erlendum uppruna frá því í febrúar 2010 í samanburði við 2006.







**Sumarnámskeið í Menntaskólanum í Kópavogi fyrir framhaldsskólanemendur**





Dagana 9.-20. ágúst fara fram námskeið Í framreiðslu og kjötiðn í MK.

Námið fer fram í MK, á Hilton hóteli og í kjötvinnslufyrirtækinu Esju. Nemendur fá tvær einingar eða 5 fein að loknu námskeiðinu.

Framhaldsskólanemendur sem hafa áhuga á að taka þátt, eiga að mæta í Menntaskólann í Kópavogi mánudaginn 9. ágúst kl. 9.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


;ALLT HEILSA


**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447

;ALLT ATVINNA

FRÉTTABLAÐIÐ vísir.is

**Sölufulltrúar**
**Viðar Ingi Pétursson** vip@365.is 512 5426
**Hrannar Helgason** hrannar@365.is 512 5441


DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐUNEYTIÐ

## Embætti saksóknara laust til setningar

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið auglýsir laust til setningar embætti saksóknara við embætti ríkissaksóknara, meðan á leyfi skipaðs saksóknara stendur. Dómsmála- og mannréttindaráðherra setur í embættið frá og með 1. september 2010 til og með 31. ágúst 2011.

Athygli er vakin á því að saksóknari skal fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla. Ákvörðun launa og starfskjara saksóknara heyrir undir kjararáð.

Umsóknir berist dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu, Skuggasundi 1, 101 Reykjavík, eigi síðar en 20. ágúst nk. Nánari upplýsingar um starfið veitir embætti ríkissaksóknara í síma 530 1600.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu,
5. ágúst 2010.


**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...


# Útibússtjóri Íslandsbanka í Fjarðabyggð

Íslandsbanki býður alhliða bankaþjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki og fagfjárfesta. Hjá bankanum starfa um 930 starfsmenn. Utan Íslands byggir Íslandsbanki fyrst og fremst á þeirri sérþekkingu og viðskiptasamböndunum sem bankinn býr yfir í sjávarútvegi og jarðhita.

Íslandsbanki sækist eftir starfsfólki sem býr yfir yfirburðaþekkingu og reynslu, er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna fyrir viðskiptavini bankans.

Útibússtjóri stýrir útibúum bankans á Reyðarfirði og Egilsstöðum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni:**
- Yfirumsjón og ábyrgð á rekstri
- Öflun nýrra viðskiptavina og viðhalda samskiptum við núverandi viðskiptavini
- Sölu- og markaðsuppbygging
- Starfsmannamál

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun, viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Reynsla úr fjármálafyrirtækjum eða rekstri fyrirtækja
- Frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulags- og leiðtogahæfileikar

Nánari upplýsingar veitir Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptabankasviðs, sími 440 2880, netfang una.steinsdottir@islandsbanki.is. Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá fyrir 15. ágúst næstkomandi. Tengiliður á Mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, sigrun.olafs@islandsbanki.is

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
sími 440 4000

Íslandsbanki

Capacent Ráðningar

# STARFSMAÐUR NEFNDAR UM EFLINGU GRÆNS HAGKERFIS

**Nefnd um eflingu græns hagkerfis auglýsir eftir starfsmanni til að vinna fyrir nefndina að eflingu græns hagkerfis á Íslandi með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi, sbr. þingsályktun frá 10. júní 2010.**

**Verkefni nefndarinnar m.a.**
- Kortleggja sóknarfæri íslensks atvinnulífs á sviði grænnar atvinnusköpunar
- Gera tillögur um úrbætur á stoðkerfi atvinnulífsins sem miða að eflingu græns hagkerfis og leita leiða til að styrkja stöðu sjálfbærrar þróunar í efnahags- og atvinnustefnu þjóðarinnar
- Gera tillögur um lagabreytingar er þjóni atvinnulífi og gæti þess að samþætta tillögur sínar við ýmsar áætlanir stjórnvalda sem tengjast atvinnu- og umhverfismálum
- Sérstök áhersla er lögð á hvernig bæta má alþjóðlega samkeppnishæfni Íslands á sviði vistvænnar atvinnustarfsemi

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólagráða, sem nýtist í starfi
- Haldgóð þekking og reynsla sem nýtist vel í þessu verkefni
- Reynsla af stefnumótunarvinnu
- Góð þekking á íslensku efnahagslífi
- Góð reynsla af verkefnastjórnun skilyrði
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Geta til að leita lausna og metnaður til að ná árangri
- Lipurð í mannlegum samskiptum

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Ráðning er tímabundin; nefndin á að skila niðurstöðum fyrir 1. mars 2011. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi FSA.**

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 14. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# STARFSMAÐUR STJÓRNLAGANEFNDAR

**Stjórnlaganefnd óskar eftir að ráða lögfræðimenntaðan starfsmann.**

**Stjórnlaganefnd starfar skv. lögum nr. 90/2010 um stjórnlagaþing og hlutverk hennar er að:**

- Undirbúa og standa að þjóðfundi um stjórnarskrármálefni. Þjóðfundinn skal halda tímanlega áður en kosið verður til stjórnlagaþings samkvæmt lögunum
- Vinna úr upplýsingum sem safnast á þjóðfundinum og afhenda stjórnlagaþingi þegar það kemur saman
- Annast söfnun og úrvinnslu fyrirliggjandi gagna og upplýsinga um stjórnarskrármálefni sem nýst geta stjórnlagaþingi
- Leggja fram hugmyndir til stjórnlagaþings um breytingar á stjórnarskrá þegar það kemur saman

**Eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur eru hafðar til viðmiðunar við val á umsækjendum:**

- Embættispróf eða B.A próf og meistarapróf í lögfræði
- Reynsla af lögfræðistörfum tengdum stjórnskipunarrétti er æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Mjög gott vald á íslensku máli ásamt kunnáttu í ensku og einu Norðurlandamáli
**Kokkana veisluþjónustu vantar bílstjóra sem gæti einnig aðstoðað í eldhúsi ásamt fleiru. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi mikla þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum því starfið er andlit fyrirtækisins út á við. Aldurs takmark er 22 ár.**
**Áhugasamir sendið tölvupóst á runar@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 8 og 16 á virkum dögum.**

SUBWAY

**Næturvinna - Fullt starf**
**Subway Hringbraut N1 auglýsir eftir duglegum starfsmanni með reynslu af þjónustustörfum á næturvaktir. Í starfinu felst afgreiðsla, þrif og skurður á grænmeti. Unnið er sjö nætur í röð á átta tíma vöktum og sjö nætur frí. Íslenskukunnátta er æskileg. Lágmarksaldur er 20 ár. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi bíl til umráða.**
**Nánari upplýsingar veitir Magga í síma 696-7064.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum eða gegnum subway.is**

KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN

**Keiluhöllin Öskjuhlíð óskar eftir vélamönnum í kvöld & helgar vinnu. Æskilegt er að viðkomandi hafi menntun á sviði bifvélavirkjunar, vélstjóra eða góða reynslu af sambærilegu starfi.**
**Tekið verður á móti umsóknum í Keiluhöllinni næst komandi þriðjudag og miðvikudag milli kl 17 & 20.**

SUBWAY

**Vaktavinna 80-100% starf**
**Subway auglýsir eftir duglegum starfsmanni með reynslu af þjónustustörfum. Um 80-100% starf er að ræða í vaktavinnu. Íslenskukunnátta er æskileg. Lágmarksaldur er 18 ár.**
**Umsóknareyðublöð á Subway stöðum eða gegnum subway.is.**

JOLLI

Söluturninn Jolli í Hafnarfirði leitar að hressu og duglegu starfsfólki til starfa í fullt starf og hlutastarf. Aðeins reglusamt og samviskusamt fólk kemur til greina. Vinna sem hentar vel með skóla. Umsóknareyðublöð á staðnum.

**Aukaleikarar í Sjónvarpsþætti**
**Við erum að leita að aukaleikurum á öllum aldri fyrir tökur frá byrjun september til lok október.**
**Áhugasamir sendið upplýsingar um umsækjendur með mynd og síma á aukaleikarar@ sagafilm.is**

20 ÁRA HLÖLLA BÁTAR

**Hlöllabátar auglysa eftir starfsfólki/ vaktstjórar í 100 % starf og einnig á helgar og kvöldvaktir.**
**Vaktstjórastarfið fellst í að, þjálfa og stjórna starfsfólki , skipuleggja vaktir panta og hafa umsjón með birgðum, sjá um uppgjör, afgreiða þrífa og almenn þjónusta.**
**Umsækjendur þurfa að vera skipulagðir, stundvísir, jákvæðir, Eiga gott með að vinna með fólki á öllum aldri,**
**Æskilegt er að viðkomandi sé 20 ára eða eldri og hafi reynslu af svipuðu starfi.**
**Nánari upplýsingar veitir Helgi í síma 842-2800 Umsóknir sendist á helgi@hlollabatar.is**

Ljósmyndafyrirsæta óskast. Svar ásamt mynd og upplýsingum sendist á scott@ simnet.is

Vanur/traustur starfskraftur óskast á bar hér í borg, einnig er leitað að snyrtilegum dyravörðum. Uppl. S. 863 5090. Kvöld og næturv.

Tvær stelpur (3 og 7 ára), óska eftir barnfóstru til að flytja með þeim til Oslóar þann 1. sept. og hjálpa þeim fyrstu mánuðina í nýju landi. Umsóknarfrestur til 12/8. Nánari upplýsingar: http://aupair-iceland.blogspot.com

Veitingastaður óskar eftir góðu fólki í sal kvöld og helgarvinna , 20 ára lágmarksaldur sendið umsókn á frakkar@ islandia.is

Lítil matvöruverslun á svæði 105 óskar eftir duglegum starfskrafti. Vinnutími 9-18 virka daga og aðrahvora helgi 10-16 og 11-14. Nánari uppl. á plus@ simnet.is

Skartgripaverslun í miðbæ Reykjavíkur leitar að þjónustulundaðri, samviskusamri og snyrtilegi konu til afgreiðslustarfa. Um framtíðarstarf er að ræða. Umsóknir sendist á gudmunds@talnet. is fyrir 12. ágúst.

## Tilkynningar



Eikahátíð Loksins er komið að því, hin árlega Eikahátíð hefst í dag kl 18 og verður stuð fram á nótt. Vinsamlegast tilkynnið komu í síma 6635882 Eiki Bleiki

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
**Opið þegar þér hentar.**

Leitar þú ævintýra? Rauða Torgið Stefnumót hefur verið miðstöð íslendinga í ævintýraleit í rúmlega 10 ár. 100% leynd. Þú auglýsir og vitjar skilaboða ókeypis! Konur, s. 555-4321. Karlar: s. 535-9923.

Samkynhn. KK ath: Sífellt fleiri nota Rauða Torgið Stefnumót til að kynnast nýjum KK. Það er frítt að auglýsa og vitja skilaboða í s. 535-9923.

53 ára myndarlega kona vill kynnast heiðarlegum, reyklausum karlmanni á svipuðum aldri, jafnvel sem samleigjanda. Engin skyndikynni. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8886.

47 ára stelpustrákur vill kynnast karlmanni með skemmtun í huga. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8697.

Ógift kona á miðjum aldri vill kynnast ógiftum karlmanni, 55-65 ára. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8313.

53.ára einlægur,nærgætinn karlmaður vill kynnast konu á svipuðum aldri sem nánum félaga.Engin skyndikynni.Fullum trúnaði heitið og krafist.Svör sendast á smaar@frett.is eða til Fréttablaðsins merkt 100%trúnaður

### PurpleRabbit.is

Sýndu þig og sjáðu aðra á djörfum íslenzkum samskiptavef.

## Skemmtanir

IRISH PUB
*UL Reykjavíkuvegur 60, Hafnfj. S. 555 0022*
**DYSKOTEKA • DJ-JARO**
**ZAPRASZMY**
**NA DYSKOTEKE**
**OD-22:00–DO-03:00**

*Cafe Catalina*
**Í kvöld spilar hljómsveitin**
**SÍN**
***Kíkjið á www.catalina.is***
**Allir velkomnir**
**Snyrtilegur klæðnaður áskilin**
**FRÍTT inn fyrir konur..... og karla!**
**Boltinn í beinni!**
**Hádegismatur alla virka daga**
GULLNÁMAN
**Hamraborg 11 200 Kóp. S: 554-2166**




...iðkomustaður fyrir þá sem vilja sjá og upplifa
...grúir af áhugaverðum varningi, fatnaði, húsbúnaði
NORDICPHOTOS/GETTY



**Sá elsti** Borough Market er gamall matarmarkaður í Lundúnum sem á rætur að rekja aftur til daga Rómverja.
NORDICPHOTOS/GETTY



...Boqueria er skemmtilegur markaður í Barcelona.
...tíma til að borða á einhverjum af þeim litlu og
...sem þar eru reknir.
NORDICPHOTOS/GETTY

## MEIRI HÁTTAR MATARSLAGUR

Hátíðin La Tomatina í bænum Buñol, 40 kílómetra fyrir vestur af Valencia á Spáni, laðar árlega til sín þúsundir gesta hvaðanæva að úr heiminum. Hátíðin hefst í síðustu vikunni í ágúst og samanstendur meðal annars af skrúðgöngum og flugeldasýningum. Helsta aðdráttarafl hátíðarinnar er þó matarslagur sem markar upphaf hennar þar sem tugir þúsunda taka þátt. Menn safnast þá saman í miðbæ Buñol þar sem um 100.000 kílóum af tómötum hefur verið komið fyrir og hefja slaginn eftir að merki hefur verið gefið. Allir eru á móti öllum og helsta reglan að kreista verður tómatana áður en átökin hefjast. Slagurinn tekur klukkutíma og að honum loknum mætir mannskapur með vatnsslöngur til að spúla ferðamenn og göturnar.



STÓRÚTSALA


FRUM





25-30%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

Persía
TEPPAGALLERÍ

Bæjarlind 16
Sími 568 6999
Opið virka daga kl. 10-18
laugardaga kl. 11-16

# FURÐULEGUR
## FERÐAMÁTI VÍÐA UM HEIM

**Hægt er að finna óvenjulegan og furðulegan ferðamáta víða um heim. Meðal annars er hægt að fara í ferð með lestinni sem var sögusvið bókar Agöthu Christie Austurlandahraðlestin. Þá er einnig hægt að fara í ferð á gömlum hestvagni eða fá sér far með fílum og úlföldum. Gaman gæti einnig verið að kíkja niður á kóralrif á sjávarbotni í kafbáti.**

*- mmf*



**Um jörð og loft** Kameldýr eru notuð sem fararskjótar í Afríku og Asíu. Ferðir á kameldýrum geta verið skemmtilegar en hafa verður í huga að þær geta einnig verið talsvert erfiðar. Annar dagur ferðalagsins er oftast erfiðastur og því er mælt með því að ganga nokkrar vegalengdir. Ferðir í loftbelgjum geta einnig verið skemmtilegar. Þær hafa tíðkast frá átjándu öld. Þá voru þeir knúnir heitu lofti en í dag er helíum notað. NORDICPHOTOS/AFP



**Tuk-tuk** Tuk-tuk er vinsælt farartæki í Asíu. Þetta er vélknúið farartæki sem notað er til einkanota eða til leigu. Þeir fást til leigu í Hollandi og á tímabili var einnig hægt að leigja þá í Bretlandi en fyrirtækið sem gerði þá út hætti árið 2008. Nordicphotos/afp



**Ferð með sögu** Ferð með Orient Express-lestinni hefur alltaf verið eitthvað meira en venjuleg lestarferð. Hver vagn lestarinnar á sér sína sögu en nokkrir vagnanna sem eru á ferðinni núna voru á hinni upphaflegu leið. Lestin er sögusviðið í sögu Agöthu Christie Austurlandahraðlestinni. NORDICPHOTOS/AFP



**Upplifun** Afríka og Asía eru tilvaldir staðir til þess að fara á fílsbak. Hátt uppi á allt að sex tonna dýrinu á fjörutíu kílómetra hraða er upplifun. NORDICPHOTOS/AFP



**Neðansjávarlíf** Spennandi getur verið að fara í ferðir með kafbát og auðvelt er að skoða dýralífið neðansjávar á þann hátt. Í sumum ferðum er stoppað á mismunandi dýpi þar sem hægt er að skoða torfur fiska og jafnvel heilu kóralrifin eða yfirgefin skipsflök. NORDICPHOTOS/AFP



**Húsbátaferðir** Ferðir í húsbátum eru vinsælar í Kerala-fylki syðst á Indlandi. Óteljandi lón, vötn, skurðir, árósar og óseyrar í 44 ám búa til níu hundruð kílómetra langa ferð. Upphaflega voru bátarnir kallaðir Kettuvallam sem þýðir bátur sem er bundinn saman með trébitum. NORDICPHOTOS/GETTY


# Nýtt á ferdir.is

**• Haustferð til Brussel og Brügge 10.–13.09. 2010**

Brussel er heimsborg að fornu og nýju, sem hefur upp á margt skemmtilegt að bjóða og Brügge er einstaklega heillandi og fögur borg.

**Verð á mann frá 89.900,-**

**• Ferð á IAA atvinnubifreiðasýninguna í Hannover 26.–29. 09. 2010**

Ein stærsta sýning sinnar tegundar, haldin annað hvert ár.

**Verð á mann frá 96.950,-**

**• Aðventuferð til Heidelberg 03.–06.12. 2010**

Á aðventunni er einstök jólastemming í ýmsum þýzkum borgum og Heidelberg er þar engin undantekning. Ævintýralegur jólamarkaður og ljósadýrð undirstrika fegurð þessarar heillandi borgar.

**Verð á mann frá 99.800,-**

Öll verð eru miðuð við gengi og forsendur 30.07. 2010

Nánari upplýsingar fást hjá utanlandsdeild okkar eða heimasíðunni www.ferdir.is

FERÐASKRIFSTOFA GUÐMUNDAR JÓNASSONAR EHF.
Sími 511 1515
Heimasíða: www.ferdir.is
Netfang: outgoing@gjtravel.is

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu


## MILLJÓNIR LÍTRA AF BJÓR TEYGAÐAR

Októberfest í München er að öllum líkindum stærsta hátíð heims. Uppruna hátíðarinnar má rekja til brúðkaups Ludwigs krónprins Bayern og Theresu prinsessu þann 12. október 1810. Í tilefni brúðkaupsins var efnt til kappreiða á stóru engi utan borgarmúranna sem eftir það var nefnt Theresienwiese. Til að kæta borgara Bæjaralands var ákveðið að endurtaka leikinn að ári og hefur hefðin viðhaldist upp frá því.

Theresienwiese er 42 hektarar að stærð og meðan hátíðahöldin standa yfir eru þar fjórtán stór bjórtjöld sem taka frá 6.000 upp í 12 þúsund manns í sæti. Þá eru þar fimmtán smærri tjöld og stórt tívolí. Hátíðin er bæði vinsæl meðal íbúa München og ferðamanna alls staðar að úr heiminum, allt frá Kína til Íslands. Talið er að um sex milljónir manna heimsæki októberfest á hverju ári og teygi sex til sjö milljónir lítra af bjór á þeim rúmu tveimur vikum sem hátíðin stendur.

Þrátt fyrir nafnið októberfest fer hátíðin mestmegnis fram í september. Ástæðan er sú að vegna kulda var árið 1872 ákveðið að færa hátíðina fram. Nú hefst hún fyrsta laugardag eftir 15. september og stendur fram á fyrsta sunnudag októbermánaðar.



Margar hefðir hafa skapast í kringum októberfest. Til dæmis fá aðeins hefðbundnu brugghúsin í borginni leyfi til að selja bjórinn sinn en þau eru: Spaten-Franziskaner-Bräu, Augustiner, Paulaner, Hacker-Pschorr, Hofbräu og Löwenbräu. Ljóst er að enginn ætti að fara þyrstur af októberfest enda aðeins hægt að kaupa eina stærð af bjór. Stóran.

**Bórinn vinsæll** Um 100 þúsund manns geta fengið sæti í fjórtán stórum og fimmtán minni bjórtjöldum á októberfest. NORDICPHOTOS/AFP

# NUTRILENK ACTIVE

NÁTTÚRULEGT FYRIR LIÐINA






Skráðu þig á **facebook** síðuna NUTRILENK fyrir liðina – því getur fylgt heppni!

Árni Freyr Gestsson
aflraunamaður

# Aðeins 1 hylki á dag losaði mig út úr verkjapakkanum!

Ég hef stundað lyftingar allt frá 13 ára aldri. Ég byrjaði 18 ára að stunda kraftlyftingar og hef keppt bæði í þeim og aflraunum síðastliðin ár. Undanfarin ár hef ég fundið þegar nær dregur keppnistímabilum, æfingaálag eykst og þyngdin verður meiri þá eykst álag á liðina og verkir gera vart við sig hér og þar í líkamanum. Olnbogar og hné verða t.d. aumari en vanalega og liðirnir eiga það til að bólgna upp. Oft hef ég þurft að bíta á jaxlinn sökum verkja.

Ónot í fingri var hreinlega að gera út af við mig og var ég hættur að geta beygt fingurinn. Ég var búinn að fara á milli lækna en ekkert sást né fannst. Svo heppilega vildi til að ég var beðinn um að prófa nýtt efni á íslenskum markaði, NutriLenk Active sem hefur áhrif á liðvökvann og liðkar stirða liði. Ótrúlegt en satt þá varð ég laus við verkinn á einungis á nokkrum vikum. Ég byrjaði á að hlaða upp efninu í 2 vikur þ.e. 2 hylki á dag og fór svo niður í 1 hylki á dag. Annað sem kom mér á óvart var að þrátt fyrir að vera búinn að léttast þetta mikið þá hefur mér sennilega aldrei liðið betur t.d. í olnbogum og öxlum, en þetta eru staðir sem ég bjóst við að verða jafnvel viðkvæmari á meðan ég var að léttast. Það er frábært að finna þennan liðleika og vera laus við verki en þess vegna er auðvitað mikið auðveldara að æfa af krafti fyrir mót sumarsins segir Árni Freyr Gestsson að lokum en hann stefnir á að keppa á mótum í undir 105 kg. flokki.











**NUTRILENK Active er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna.**

## Hvað getur NUTRILENK Active gert fyrir þig?

- NUTRILENK Active inniheldur vatnsmeðhöndlaðan hanakamb sem inniheldur hátt hlutfall af náttúrulegum efnum svokallaðri Hýalúrónsýru sem getur hjálpað við að endurbyggja og viðhalda jafnvægi í liðum.
- NUTRILENK Active eykur liðleika og liðheilbrigði og sér til þess að liðirnir þínir séu heilbrigðir og vel smurðir, svo þú getir æft að fullum krafti án hindrana.
- NUTRILENK Active auðvaldar liðunum að jafna sig eftir æfingar.

NUTRILENK Active er unnið úr sérvöldum hanakömbum og inniheldur því engin fiskiprótein eða skelfisk, hvert hylki inniheldur 28 gr. Hýalúrónsýru.

**Þægilegt aðeins eitt hylki á dag.**

---

**Hver er munurinn á NUTRILENK Active og NUTRILENK Gold ?**

NUTRILENK Active er hentugt fyrir þá sem þjást af stirðleika og verkjum í liðum það hefur jákvæð áhrif á liðvökvann.

NUTRILENK Gold er hentugt fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski og slitnum liðum. Gott byggingarefni fyrir liðbrjóskið.

**Get ég tekið inn hvorutveggja?**
- Já það getur unnið mjög vel saman.





## UPPGERÐ GÖTUMYND

Bund er hverfi í miðborg Sjanghæ í Austur-Kína og liggur við ána Huangpu. Það er einn helsti ferðamannastaður í Sjanghæ. Götumyndin var gerð upp fyrir stuttu og tóku viðgerðirnar 33 mánuði og kostuðu sjötíu milljónir Bandaríkjadala.

Hverfið er með mörgum sögulegum byggingum sem fyrr á tímum hýstu banka og til dæmis þýsk, frönsk og bandarísk verslunarhús, auk ræðismannsskrifstofa Rússa og Breta og skrifstofur dagblaða.

„Núna er þetta mun breiðari göngugata,“ segir Peter Hibbart, höfundur bókar um hverfið. „Ellefu akreina gatan fyrir framan byggingarnar hefur verið skorin niður í fjórar akreinar sem er eins og það var á fjórða áratug síðustu aldar.“

*- mmf*



## BEST Á VANÚATÚ

Vanúatú trónir á toppi yfir þá staði þar sem mesta hamingja ríkir, samkvæmt lista frá fyrirtækinu Lonely Planet. Vanúatú samanstendur af 83 eyjum norðaustan við Ástralíu í Suður-Kyrrahafi, þar sem íbúarnir lifa meðal annars af búskap, fiskveiðum og ferðaþjónustu. Af þeim er búið á 65 eyjum þar sem höfuðborgin heitir Port-Vila en samanlagður íbúafjöldi er um 215 þúsund manns. Náttúrufegurð, blátt haf, gróðurlendi og fjölbreytt dýralíf þykja meðal annars lýsa Vanúatú og nánasta umhverfi.







HONDA
The Power of Dreams

# NÝR CR-V
# BÍLLINN SEM PASSAR




Bíll á mynd: CR-V Executive 2.0i með samlitaða stuðara, sílsa, hjólboga og aurhlífar.

## CR-V Elegance 2.0i - sjálfskiptur

150 hestöfl • meðaleyðsla 8,4L/100km • $CO_2$ útblástur 193g/km
17" álfelgur • tvískipt loftkæling • skriðstillir • þokuljós • regnskynjari

**kr. 5.490.000**

## CR-V Executive 2.0i - sjálfskiptur

150 hestöfl • meðaleyðsla 8,4L/100km • $CO_2$ útblástur 193g/km
18" álfelgur • tvískipt loftkæling • skriðstillir • þokuljós • regnskynjari
leðurinnrétting • glerþak • xenon ljós • fjarlægðarskynjarar

**kr. 6.190.000**

www.honda.is

Nýr CR-V passar. Með fjölda loftpúða, ABS, spólvörn, skrikvörn og endalausum öryggisatriðum passar hann börnin okkar, farþega og gangandi vegfarendur, jafnvel og bílstjórann. Hann passar ótrúlega vel þegar þú þarft að flytja marga eða mikið. Nýr CR-V passar af nákvæmni að jafnvægi krafts og eldsneytiseyðslu sé rétt og býður allt það besta í staðalbúnaði sem hugurinn girnist. Hann passar upp á umhverfið í framleiðslu og í akstri. Hann passar upp á glæsilega ásýndina. Hann passar við drauminn þinn um akstur í borg og byggð með sjálfskiptum, hljóðlátum og öflugum dísil- og bensínvélum. CR-V passar að laga sig óaðfinnanlega að þörfum eigandans. **Komdu og mátaðu hvernig nýr CR-V smellpassar fyrir þig.**

BERNHARD
Vatnagörðum 24 - 26
Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**UMBOÐSAÐILAR:** Bílver - Bernhard, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535







# Sprangað og spriklað um landið

Mörgum, jafnt ungum sem öldnum, þykir gaman að ærslast og skiptir þá litlu hvort um er að ræða skipulagðar ferðir í þeim tilgangi eður ei. Á Íslandi finnast margir spennandi staðir sem bjóða upp á fjör og hasar og Fréttablaðið tók saman nokkra slíka.




## 1 NESJAVELLIR

**Adrenalíngarðurinn**

Í rúmlega hálftíma fjarlægð frá Reykjavík, ef ferðast er með bíl, er Adrenalíngarðurinn sem býður upp á fjölbreyttar þrautir. Meðal þess sem þar er að finna er risarólan, þar sem þátttakendur fljúga í gegnum loftið úr tólf metra hárri rólu og ætti það að tryggja að adrenalínið flæði um líkamann, en þó er hægt að velja hversu hátt upp í róluna er farið. Staurinn er einnig vinsæll, en takmarkið með honum er að standa uppréttur efst á staurnum og stökkva svo af honum út í loftið. Þá reynir Háloftabrautin á andlegan styrk en minna á líkamlegan, þar sem þáttakendur eru festir í öryggisvír á meðan á þrautunum stendur. Allar upplýsingar um opnunartíma, verð og bókanir er að finna á vefsíðunni adrenalin.is, en þar má einnig finna upplýsingar um fleira sem fyrirtækið býður upp á eins og jöklagöngu og ísklifur, hella- og hjólaferðir og óvissuferðir af ýmsu tagi.

## 2 VESTMANNAEYJAR

**Sprangan**

Iðkun þjóðaríþróttar Vestmannaeyinga, eins og hún er gjarnan kölluð, fer fram niðri við höfnina á Heimaey. Fólk á öllum aldri ætti að prófa að spranga, en óvönum er þó ráðið frá því að reyna að spranga ofan af Almenningi, klettasyllu sem er um þrjá metra frá jörðu. Til að mynda ættu flest börn að hafa gaman af því að spranga af lægstu syllunni, og margir heimamenn jafnt sem gestir Vestmannaeyja hafa náð töluverðri færni á því sviði.

## 3 DALVÍKURBYGGÐ

**Lasertag í Brúarhvammsreit**

Við Þorvaldsdalsá er svæði þar sem boðið er upp á lasertag. Leikurinn felst í því að þáttakendur setja á sig ennisband sem tengt er byssum, sem hafa drægni upp á 150 til 170 metra, og reyna svo að hitta andstæðinginn. Í leiknum reynir oft talsvert á þol og leikni þátttakenda, en leikurinn er hættulaus og enginn sársauki fylgir því að vera „skotinn“. Lasertag er því öllum opið, ungum jafnt sem eldri. Annars staðar í byggðinni, að Krossum á Árskógsströnd, er boðið upp á paintball, eða litbolta, en í þeim leik þurfa þátttakendur að vera orðnir átján ára nema forráðamenn gefi sérstakt leyfi þá komast fimmtán ára inn. Upplýsingar fást á hittu.net.



## 4 MÝVATN

**Grjótagjá**

Ekki þarf nauðsynlega að fylgja þrautskipulagðri dagskrá þegar ætlunin er að ærslast svolítið og hafa spennu að leiðarljósi í ferðalögum. Til að mynda má mæla með ævintýralegu umhverfinu við Grjótagjá, einn þekktasta helli landsins, á milli Reykjahlíðar og Dimmuborgar í Mývatnssveit. Þótt ekki sé lengur hægt að baða sig í gjánni vegna hita er gaman að ganga niður í gjána og verða vitni að því dularfulla andrúmslofti sem þar ríkir. Gæta verður þó að því að fara varlega með yngstu börnin, því þarna er bratt niður að vatninu.

## 5 SKAGAFJÖRÐUR

**Flúðasigling á Vestari-Jökulsá**

Fyrir þá sem eiga börn sem eru tólf ára eða eldri er margt vitlausara en að taka sér fjölskylduferð á hendur í Vestari-Jökulsá í Skagafirðinum, í gegnum töfrandi gljúfur og fallegt landslag. Hvort sem þátttakendur kjósa að gæða sér á kakói með vatni sem sýður við árbakkann, fleygja sér af kletti ofan í ána, fara í vatnsslag eða einfaldlega njóta þess að fljóta niður ána er nokkuð víst að um ævintýralegan dag er að ræða. Einnig er boðið upp á flúðasiglingar á Hvítá á Suðurlandi og öllu meira krefjandi ferðir á Austari-Jökulsá, og víðar.

## 6 STOKKSEYRI

**Kajakferðir**

„Stokkseyrarbakki“ eins og Stuðmenn nefndu þorpin við Suðurströndina af sinni alkunnu snilld er rómað svæði vegna litríks fuglalífs og fjölbreytts gróðurs sem þar þrífst, sérstaklega í kringum vatnasvæðið og einnig í fallegri fjörunni við Stokkseyri. Þarna standa til boða ýmsar tegundir kajakferða, allt frá háftímalöngu svamli upp í tveggja klukkustunda sjóferðir, allt eftir smekk hvers og eins. Við Stjörnusteina á Stokkseyri er einnig að finna Töfragarðinn, fjölskyldu- og skemmtigarð með leiktækjum og ýmsum dýrum. Þar er aðgangseyrir fimm hundruð krónur og frítt inn fyrir þriggja ára og yngri.

## 7 REYKJAVÍK

**Skemmtigarðurinn í Grafarvogi**

Í Skemmtigarðinum í Grafarvogi, ekki langt frá Gullinbrú, er að finna margs konar skemmtun og ættu flestir fjölskyldumeðlimir að finna þar eitthvað við sitt hæfi. Nú stendur til að opna í garðinum tvo átján-holu ævintýra minigolfvelli og svokallaðan frumskógarvöll innanhúss, en fyrir var meðal annars þrautabraut, lasertag, klifurturn, frisbígolf, strandblak og hoppukastalar.



## 8 SKÁLAFELL

**Hjólreiðavangur**

Á morgun, sunnudaginn 8. ágúst, verður opnaður á skíðasvæðinu í Skálafelli hjólreiðavangur, eða BikePark upp á ensku, fyrir fjallahjólreiðar og fleira. Þar verður hægt að nota stólalyftuna til að komast upp á fjallstopp og hjóla niður, en á neðri hluta svæðisins verða Dirt-Jump pg BMX-stökkpallar. Til stendur að hafa svæðið opið um helgar fram á haust, eða á meðan veður leyfir. Hjólreiðavangurinn ætti að vera gósenland fyrir áhugamenn um hjólreiðar, en líklegt er að svæðið teljist full gróft fyrir yngstu börnin til að byrja með.

## 9 ÚLFLJÓTSVATN

**Útilífsmiðstöð skáta**

Tjaldsvæðið að Úlfljótsvatni er opið almenningi allt sumarið og er kjörinn vettvangur fyrir fjölskyldur sem vilja skemmta sér saman. Þar má fara í kanóferðir, vatnsbyssuslag og vatnasafarí, auk þess sem hár klifurturn er á svæðinu og möguleiki á að komast í kassabílarallí. Þá er einnig hægt að leigja báta til siglinga á sjálfu vatninu.

### Nokkrir staðir sem mæla má með fyrir þá sem þyrstir í örlítil ærsl og atgang í sumar:

- Á Korputorgi í Grafarvogi má bæði finna Krakkahöllina, þar sem yngstu fjölskyldumeðlimirnir geta hossast í hoppukastölum daglangt fyrir hóflegan aðgangseyri, og Gokart-braut fyrir þá sem eldri eru.
- Ekki er úr vegi að leita upplýsinga á veraldarvefnum um hentugar klettaferðir fyrir fjölskyldur, en þær bjóða oft og tíðum upp á mikil ævintýri.
- Einnig ætti engum að þurfa að leiðast á baðströndinni í Nauthólsvík, þar sem gnótt er af fjölskylduvænni afþreyingu. Einnig má mæla með ströndinni við Skarðsvík á Snæfellsnesi, sem hefur verið lýst sem leikvelli af náttúrunnar hendi. Þar má klifra í klettunum, fara í feluleiki eða í skoðunarferðir um hraunbreiðuna við ströndina.
- Þá verður líklega ekki nokkur maður svikinn af því að ganga bak við Seljalandsfoss og Gljúfrafoss undir Eyjafjöllum. Þó er ráðlegast að klæðast góðum skóm eða stígvélum og regnfötum.
- Ekki má gleyma hvalaskoðunarferðunum sem víða er boðið upp á. Slíkar ferðir bjóða kannski ekki upp á mikla líkamlega áreynslu, en þeim mun fleiri sjónræn ævintýri ef vel tekst til.

# ALLTAF BETRA VERÐ

*Gríðarlegt úrval af fartölvutöskum og aukahlutum fyrir fartölvur*

**ÖRGJÖRVI**

**Ati HD4570 SKJÁKORT**

15,6"

FARTÖLVA

**MSI CX620**

2.13GHz Intel Core i3-330M örgjörvi • 4GB DDR3 minni • 500GB SATA diskur • 15.6" WXGA LED breiðskjár • ATI HD5470 skjákort • Vefmyndavél • Windows 7 Home Premium 64-bit

**149.990**

13,3"

FARTÖLVA

**Toshiba Satellite Pro U400-24H**

2.0GHz Intel Core 2 Duo T5870 örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 250GB SATA diskur • DVD og CD-RW skrifari • 13,3" TFT WXGA breiðskjár • Intel GMA 4500MHD skjákort • Vefmyndavél • Windows Vista Business ásamt XP Pro möguleika

**89.990**

15,6"

FARTÖLVA

**Toshiba Satellite C650D-11R**

2.2GHz Mobile AMD V Series V120 örgjörvi • 2GB DDR3 1066MHz minni • 250GB SATA diskur • DVD og CD-RW skrifari • 15.6" WXGA LED breiðskjár • ATI Radeon HD 4250 PCI-Express skjákort • VGA vefmyndavél • Windows 7 Home Premium 64-BIT

**89.990**

15,6"

FARTÖLVA

**Toshiba Satellite L500D-16N**

2.2Ghz AMD Turion II Dual Core Mobile M500 örgjörvi • 4GB DDR2 minni • 500GB diskur • DVD og CD skrifari • 15.6" WXGA LED breiðskjár • VGA myndavél • 512MB ATI Radeon HD4570 PCI-Express skjákort • Windows 7 Home Premium

**129.990**

15,6"

FARTÖLVA

**MSI CX605**

2.2GHz Intel Pentium T4500 örgjörvi • 4GB DDR2 minni • 320GB SATA diskur • 15.6" WXGA breiðskjár • ATI HD5470 skjákort • Vefmyndavél • Windows 7 Home Premium

**139.990**

17,3"

FARTÖLVA

**Acer Aspire 7540G-504G64MN**

2.2Ghz AMD Turion II Dual Core Mobile M500 örgjörvi • 4GB DDR2 minni • 640GB SATA diskur • 17.3" WXGA LED breiðskjár • 512MB ATI Mobility Radeon HD 4570 PCI-Express skjákort • Windows 7 Home Premium

**149.990**

13,3"

FARTÖLVA

**Toshiba Satellite T130-17E**

1.3GHz Intel ULV Pentium Dual Core SU4100 örgjörvi • 4GB DDR3 minni • 500GB SATA harðdiskur • 13,3" TFT WXGA LED skjár • Intel GMA 4500 skjákort • VGA vefmyndavél • Windows 7 Home Premium 64-BIT

**159.990**

**VAXTALAUS TÖLVULISTALÁN**

*Bjóðum allar fartölvur með sex mánaða vaxtalausum greiðslum*

BORGUN

AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

**KASKÓTRYGGING FRÁ VERÐI**

*Kynntu þér fartölvukaskó sem tryggir fartölvuna þína í leik og starfi*

*F-Prot Antivirus - Lykla-Pétur - Fimm leyfi*

VELJUM ÍSLENSKT

**SKÓLA TILBOÐ**

# TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17 S: 414 1700

STRANDGÖTU 9 S: 414 1730

MIÐVANGI 2-4 S: 414 1735

HAFNARGÖTU 90 S: 414 1740

AUSTURVEGI 34 S: 414 1745

REYKJAVÍKURVEGI 66 S: 414 1750



**1** Dagurinn byrjaði snemma sem er óvanalegt fyrir mig, en veðrið var frábært svo það var ósköp ljúft að komast út. Ég elska að búa í miðbænum og geta rölt um og notið þess að það er stutt í allt sem ég þarf.



**2** Hér er ég á fundi með stjórn og samstarfsnefndum Hinsegin daga.



**3** Um hádegið hittumst við Helga Kristjana Bjarnadóttir og fórum yfir uppröðunina í göngunni. Það hefur skapast ákveðin hefð með sum atriði en flestir eru þó með eitthvað nýtt á hverju ári.

# Dagur dugmikils göngustjóra

Allar góðar göngur þarfnast stjóra og **Sesselja María Morthensen** sálfræðinemi er ein þeirra sem gegnir því hlutverki í fyrsta sinn í ár. Hún smellti af nokkrum myndum á góðviðrisdegi sem einkenndist af undirbúningi og skipulagningu göngunnar.

## MYNDBROT ÚR DEGI | miðvikudaginn 4. ágúst | Myndir teknar á Olympus FE-26



**4** Þar sem sólin skein á okkur ákváðum við að funda úti á palli. Það vildi þó ekki betur til en svo að mér tókst að missa húslyklana beinustu leið inn í rósarunna. Sem betur fer var ekki mikið mál að veiða þá út aftur.



**5** Eftir uppröðunina hitti ég vinkonu mína sem hefur verið í Svíþjóð í námi. Við fengum okkur sushi saman á Sushibarnum. Mér tókst að gleyma símanum mínum heima og kom það sér sérlega vel að vera ekkert truflaðar á meðan við gæddum okkur á matnum og spjölluðum.



**6** Um kvöldið var síðan Draggkeppni Íslands haldin í þrettánda skipti. Ég var að sjá keppnina í fyrsta skipti. Hér er ég með Guðnýju Ósk Sigurbjarnardóttur, Ninna Redneck, draggkóngi 2009 og Guðmundi Smára Veigarssyni.


Costa del Sol

Síðustu sætin í ágúst á einstöku tilboði.
Sala hefst í dag og lýkur kl. 12 þriðjudaginn 10. ágúst eða meðan birgðir endast.

Frá kr. 49.900

Frá kr. 84.900 með hálfu fæði í 10 daga ferð.



Ótrúleg kjör!

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum í spennandi sumarleyfisferðir til eins allra vinsælasta sólaráfangastaðar Íslendinga, Costa del Sol. Salan hefst í dag og lýkur á þriðjudaginn kl. 12. Fjölbreytt gisting í boði á ótrúlegum kjörum. Costa del Sol býður allt það helsta sem maður getur óskað sér í fríinu. Gríptu þetta einstaka tækifæri til að njóta lífsins á þessum vinsæla áfangastað í sumarfríinu.

Ath. mjög takmarkaður fjöldi íbúða og herbergja í boði - verð getur hækkað án fyrirvara.

Kr. 49.900
Flugsæti 17. – 28. ágúst og 28. ágúst – 7. sept.
Netverð á mann.

Kr. 84.900 - Balmoral **+ með fullu fæði
Balmoral **+ með hálfu fæði. Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi í 10 nætur með hálfu fæð. Verð m.v. 2 í herbergi kr. 104.900.- á mann með hálfu fæði m.
Sértilboð 28. ágúst

Kr. 99.900
Hotel Roc Flamingo *** með „öllu inniföldu"
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í fjölskylduherbergi með "öllu inniföldu" í 10 nætur. Verð mv. 2 í herbergi kr. 119.900.- Sértilboð 28. ágúst

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


## MÆLISTIKAN

### Á uppleið





**Múmínálfarnir** Bæði Björk og borgarstjórinn í Reykjavík virðast vera í nánum andlegum tengslum við íbúa Múmíndals. Svo ku höfundurinn, Tove Jansson, hafa verið samkynhneigð sem á afar vel við í dag.



**Raggi Bjarna** brúar kynslóðabilið á glæstan hátt með því að taka lagið með Erpi Eyvindarsyni á nýrri plötu og gerir allt vitlaust á tónleikum með Retro Stefson.

**Pepsi-deildin** Síðasta áratuginn eða svo hefur Íslandsmótið í knattspyrnu verið grín og ekkert spennandi frá því um miðjan júní. Núna virðast um það bil tíu lið eiga möguleika á sigri, sem er gott.



### Á niðurleið

**Kubb** Það er ekkert töff við að spila Kubb dagana langa á túnum borgarinnar lengur. Hvers vegna? Vegna þess að allir eru að því.



**Hipsterar** Það er heldur ekki frumlegt að klæða sig eins og dósasafnari í Tallin á sjöunda áratugnum. Kominn tími til að grafa skræpótta krumpugallann og ennisbandið úti í garði og leyfa þeim að hvíla í friði.



**Sumarið** er ekki alveg farið en því miður sér fyrir endann á sældinni. Njótum þess meðan við getum.




Flestar tegundir stórhvala eru í sögulegu lágmarki



Langflest stórhveli lifa á smágerðum kröbbum og fiski sem maðurinn nýtir ekki



13 milljónir manna í 119 löndum fóru í hvalaskoðun á síðasta ári sem skilaði 460 milljörðum króna í tekjur





Virðum náttúruna og njótum hennar!



Veiðar á stórhvölum hafa oft í för með sér langt dauðastríð





# VIÐ EIGUM ÖLL SAMLEIÐ!

## VERNDUN LÍFRÍKIS SJÁVAR ER EITT AF BRÝNUSTU VERKEFNUM SAMTÍMANS

Við Ísland lifa óvenju margar tegundir hvala eða um **20** af alls um **80** þekktum hvalategundum á jörðinni. Hvalaskoðun er hagkvæmasta og mannúðlegast nýting hvalastofna við Ísland. Átta hvalaskoðunarfyrirtæki eru starfandi á Íslandi.

ice whale

IFAW.org

**VILT ÞÚ STYÐJA ÞENNAN MÁLSTAÐ Í VERKI? Sendu þá mynd af þér með hvalsporðinn á netfangið: eigumsamleid@gmail.com**

**VILMUNDUR GYLFASON FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Þar sem tilveran og tilgangurinn heyja orustu þar tapa báðir.“*

***Vilmundur Gylfason (1948-1983) var ljóðskáld, blaðamaður og stjórnmálamaður.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 7. ÁGÚST 1772

## Fjalla-Eyvindur og Halla handtekin

Útilegumennirnir Fjalla-Eyvindur Jónsson og Halla Jónsdóttir voru tekin til fanga á Sprengisandi þennan dag árið 1772. Það var Einar Brynjólfsson á Stóra-Núpi sem átti leið norður sandinn, ásamt fjórum mönnum. Þeir voru með fjörutíu hesta undir skreið. Skammt norðan við Biskupsþúfu komu þeir auga á dável hlaðna kofahvirfingu á lækjarbakka og er þeir riðu enn lengra sáu þeir aðra kofa og búfénað í haga.



Þarna fundu þeir þau Eyvind og Höllu, sem bæði báðu sér lífs og griða. Þau slógust þó í för með þeim án átaka og á leiðinni fræddi Eyvindur Sunnlendingana um ýmis örnefni og kennileiti. Þegar kom norður í Mývatnssveit reið Einar með fanga sína til Reykjahlíðarkirkju og seldi þá í hendur Jóni hreppstjóra Tómassyni.

Skömmu síðar slapp Eyvindur úr haldinu og tókst fljótlega að frelsa Höllu. Þau lágu úti í tæpa tvo áratugi.

### MERKISATBURÐIR

1727 Öræfajökull tekur að gjósa með svo miklu öskufalli í þrjá daga að vart sér mun dags og nætur. Með fylgir gríðarlegt vatnshlaup sem legst aðallega milli Sandfells og Hofs.

1939 Haukur Einarsson syndir Grettissund frá Drangey til lands á mettíma, þremur klukkustundum og tuttugu mínútum.

1960 Vilhjálmur Einarsson bætir eigið Íslandsmet í þrístökki frá því í Melbourne 1956 er hann stekkur 16,70 metra á frjálsíþróttamóti í Reykjavík.

### AFMÆLI



**ÞÓRDÍS BJÖRNSDÓTTIR** skáld er 32 ára.



**BRUCE DICKINSON** tónlistarmaður og flugstjóri er 52 ára.



**DAVID DUCHOVNY** leikari er fimmtugur.



**HARPA HARÐARDÓTTIR** óperusöngkona er fimmtug.

GRAND
erfidrykkjur
Hlýlegt og gott viðmót á Grand hótel.
Fjölbreyttar veitingar lagaðar á staðnum.
Næg bílastæði og gott aðgengi.
Verið velkomin
Grand Hótel Reykjavík
Sigtún 38, 105 Rvk.
Sími: 514 8000
www. grand.is
erfidrykkjur@grand.is
Grand HÓTEL REYKJAVÍK

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**KOMINN Í GARÐVINNU** Bragi kveðst alltaf geta fundið sér eitthvað að gera og sér fram á að fara oftar upp á fastalandið en áður. MYND/SIGURÐUR AGNAR

BRAGI I. ÓLAFSSON: UMDÆMISSTJÓRI FLUGFÉLAGSINS Í TÆP 40 ÁR

# Gæfa að vera við starfsemi sem ekkert óhapp hefur hent

Þáttaskil urðu í lífi Braga Ólafssonar er Flugfélag Íslands hætti reglubundnu áætlunarflugi til Vestmannaeyja 3. þessa mánaðar. Hann hafði verið umdæmisstjóri félagsins í Eyjum í tæp 40 ár.

Bragi býr í virðulegu og vinalegu húsi austarlega í bænum og er úti í garði að taka fyrir nýrri stétt þegar Fréttablaðið forvitnast um hvernig honum sé innanbrjósts og hvað hann hyggist fyrir núna. „Ég er alveg sáttur enda kominn á aldur og hafði reiknað með að hætta 67 ára en er að verða 71,“ segir Bragi glaður. „Ég átti að hætta um síðustu áramót en þá var sýnt að áætlunarferðir legðust af í byrjun ágúst og ég var beðinn að halda áfram þangað til. Nú fer ég að sinna hugðarefnum og get alltaf fundið mér eitthvað að gera, til dæmis mun ég örugglega fara oftar upp á fastalandið en áður, það hefur ekki alltaf verið tími til þess því vinnudagurinn hefur oft verið langur. Ég fór yfirleitt út á flugvöll fyrir sjö til að geta gefið fólki upplýsingar áður en Herjólfur fór sína fyrstu ferð. Svo var stundum ófært hluta dagsins og verið að athuga skilyrðin með klukkutíma millibili. Þá hljóp maður ekkert frá.“

Bragi hóf að vinna kringum flugið árið 1965 og tók við sem umdæmisstjóri 1973. „Það var mikið um að vera eftir Vestmannaeyjagosið og 1974 fluttum við 49.000 farþega milli Eyja og Reykjavíkur. Dag eftir dag voru sex vélar í förum hér á milli, það voru svo margir að skoða gosið. Eyjamenn voru líka að tínast heim aftur og mikið að gera við að flytja varning.“ Fleira segir hann hafa breyst við gosið. Eitt var það að nóg efni fékkst til að lengja flugbrautina í Eyjum. Við það löguðust aðstæður en veðráttan hefur þó ævinlega háð flugi þangað. „Við höfum alltaf haft þessa suðaustanátt að glíma við og stundum líka misvinda,“ segir Bragi. „Fólk er stundum undrandi á því að það sé ekki flogið, það er fallegt veður og blaktir varla hár á höfði niðri í bænum en vindpokarnir við völlinn fara í hringi.“

Reglur Flugfélagsins hafa verið mjög ábyggilegar að sögn Braga. „Það er mikil gæfa að vera við starfsemi sem ekkert óhapp hefur hent.. Ég hef líka átt mjög gott samstarf við starfsmenn og mína yfirmenn hjá Flugfélaginu og svo haft margt gott fólk í vinnu. Lengi framan af voru engar reglugerðir um aldurstakmark og ég réði oft skólastráka, sem voru mjög áhugasamir. Þetta er skorpuvinna sem hentaði þeim því þegar vélarnar koma verður að snúa þeim sem fyrst til baka svo það þarf snör handtök við að afgreiða þær. Þessum mönnum hefur vegnað vel í lífinu og flestir þakka það því að hafa fengið snemma að taka til hendinni og vera treyst til ábyrgðarstarfs eins og að vinna í kringum flugvélar.“

gun@frettabladid.is



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Valborg Sigurbergsdóttir,**

Hábæ 36, Reykjavík,

sem lést mánudaginn 2. ágúst, verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju 10. ágúst kl. 13.00.
Blóm vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Páll Bergmann Reynisson** **Guðrún Eiðsdóttir**
**Grétar Reynisson** **Lilja Ruth Michelsen**
**Sóley Reynisdóttir** **Sigurður Jóhannesson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Grétar Sigurðsson,**

Hjaltabakka 14, Reykjavík,

lést að morgni fimmtudags 5. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

**Sigríður Þóra Ingadóttir**
**Rósa Dagný Grétarsdóttir** **Guðni Þór Arnórsson**
**Laufey Grétarsdóttir** **Eyþór Harðarson**
**Ingi Grétarsson** **Svandís Geirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



Rúnar Geirmundsson



Sigurður Rúnarsson



Elís Rúnarsson



Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**
**Símar: 567 9110 & 893 8638**
**www.utfarir.is • runar@utfarir.is**
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990



## 80 ára afmæli

**Sigríður Inga Þorkelsdóttir**
Engjavegi 21, Ísafirði,
verður 80 ára þann 8. ágúst.

Maki Kristján J. Kristjánsson.
Ættingjum og vinum verður boðið til kaffisamsætis að Hásölum við Þjóðkirkjuna í Hafnarfirði sunnudaginn 8. ágúst kl. 14.00 - 18.00.



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Arthúr Pétursson**

bóndi, Syðri-Vík, Vopnafirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 5. ágúst.

**Kristín Brynjólfsdóttir**
**Ásdís Arthúrsdóttir**
**Svanur Arthúrsson** **Monserat Arlette**
**Brynhildur Arthúrsdóttir** **Guðbr. Stígur Ágústsson**
**Margrét Arthúrsdóttir** **Heiðar Kristbergsson**



*Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför systur okkar, mágkonu og frænku,*

**Magnúsínu Kristínar Jónsdóttur**

frá Efri-Engidal, Ísafirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki þjónustudeildar Hlífar og öldrunardeildar Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðar fyrir alúð og góða umönnun.

**Jón Jóhann Jónsson** **Ásta Dóra Egilsdóttir**
**Halldór Jónsson** **Guðný Indriðadóttir**
**Magdalena Jónsdóttir** **Ögmundur Einarsson**
**og fjölskyldur.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, bróður, afa og langafa,*

**Gylfa Magnússonar.**

Einnig færum við góðu starfsfólki Sjúkrahúss Akraness okkar bestu þakkir fyrir einstaka umönnun.

**Aðalheiður Gylfadóttir** **Ásgeir Ólafsson**
**Magnea Gylfadóttir** **Hörður Einarsson**
**Ebba Magnúsdóttir**
**afabörn og langafabarn.**



*Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Emmu Hansen**

frá Hólum í Hjaltadal.

Starfsfólk Droplaugarstaða fær sérstakar þakkir fyrir notalegt viðmót og góða umönnun.

**Björn Friðrik Björnsson** **Oddný Finnbogadóttir**
**Ragnar Björnsson**
**Sigurður J. Björnsson** **Thuy Thu Thi Nguyen**
**Gunnhildur Kr. Björnsdóttir** **Sveinn Agnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra stjúpföður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Jóns Árnasonar,**

Brúnavegi 9, áður Njörvasundi 34.

**Sigurður Halldórsson** **Sigrún Þorsteinsdóttir**
**Sif Sigurðardóttir** **Rafn Rafnsson**
**Anna Birna Rafnsdóttir**
**Jón Emil Rafnsson**
**Atli Rafnsson**
**Eyþór Rafnsson**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Snorra Arinbjarnarsonar,**

Mýrarvegi 111, Akureyri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki lyfjadeildar FSA fyrir hlýja og góða umönnun.

**Guðrún Guðmundsdóttir**
**Unnur Snorradóttir** **Bjarki Kristinsson**
**Helga Snorradóttir** **Kristján Ólafsson**
**Arinbjörn Snorrason** **Friðný Möller**
**Guðmundur Hoff-Møller** **Marianne Hoff-Møller**
**Bjarki Heiðar Ingason** **Hildur Soffía Vignisdóttir**
**Helga Þórey Ingadóttir**
**afabörn og langafabörn.**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Helgadóttir,**

Kirkjusandi 3 í Reykjavík,

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni mánudaginn 9. ágúst kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast Margrétar er bent á Minningarsjóð Grundar, kennitala 580169-1209, reikningsnúmer 311-13-700371.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

**Helga Erlendsdóttir** **Sigurður Árnason**
**Edda Erlendsdóttir** **Olivier Manoury**
**Einar Erlendsson** **Ásta Halldórsdóttir**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Stefáns Þórs Jónssonar**

flugstjóra, áður til heimilis að Fannborg 8, 200 Kópavog.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð fyrir hlýja og góða umönnun.

**Brynjar Freyr Stefánsson** **Harpa Harðardóttir**
**Haukur Fjalar Stefánsson**
**Sigríður Stefánsdóttir**
**María Stefánsdóttir**
**Auður Stefánsdóttir**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Stefán Scheving Kristjánsson**

bóndi, Götu, Hrunamannahreppi,

lést mánudaginn 2. ágúst á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi. Útförin fer fram frá Hreppshólakirkju í Hrunamannahreppi þriðjudaginn 10. ágúst kl. 14.00.

**Ágústa Sigurdórsdóttir**
**Katrín Stefánsdóttir** **Anton Viggósson**
**Sigríður Stefánsdóttir** **Ragnar Óskarsson**
**Sigurdór Már Stefánsson** **Guðbjörg Fríða Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýjar kveðjur við andlát og útför okkar elskulegu*

**Ernu Bjargar Guðmundsdóttur,**

Tjarnarhólma 2, Stykkishólmi.

Sérstakar þakkir færum við Lionsfélögunum í Stykkishólmi.

**Guðþór Sverrisson**
**Guðmundur Þór Guðþórsson** **Jóhanna María Ríkharðsdóttir**
**Kristján Valur Guðþórsson**
**Guðmundur Rúnar Guðþórsson**
**Sólveig Þóra Ásgeirsdóttir**
**Arndís Þórðardóttir**
**Guðríður Guðmundsdóttir** **Þorsteinn Svavar McKinstry**
**Guðrún Guðmundsdóttir** **Sveinn Einar Magnússon**
**Björgvin Trausti Guðmundsson** **Nína Berglind Sigurgeirsdóttir**
**barnabörn og systkinabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Jónína S. Bjarnadóttir**

hjúkrunarfræðingur, Bólstaðarhlíð 46, Reykjavík,

lést á Hrafnistu þann 28. júlí.
Hún verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 13. ágúst klukkan 13.00.

**Steinunn Agla Gunnarsdóttir** **Karsten Sedal**
**Guðrún Gunnarsdóttir** **Hörður Björnsson**
**Steinunn Ylfa Harðardóttir**
**Hafrún Sjöfn Harðardóttir**
**Björn Hjörvar Harðarsson**



*Útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Jóns Páls Guðmundssonar,**

*áður til heimilis að Sléttuvegi 13, Reykjavík,*

verður gerð frá Bústaðakirkju mánudaginn 9. ágúst kl. 13.00.

**Valgerður Jónsdóttir**
**Ágúst Ingi Jónsson** **Margrét Theodórsdóttir**
**Gísli Hafþór Jónsson** **Jóhanna Úlfarsdóttir**
**Ásrún Jónsdóttir** **Árni Már Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Þökkum auðsýnda samúð við andlát föður míns og stjúpföður,*

**Bjarna Jónssonar,**

fyrrv. leigubifreiðarstjóra, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Dvalarheimilisins Kjarnalundar.

**Rósa Bjarnadóttir**
**Guðrún Siguróladóttir og fjölskylda**

GL GRANÍT OG LEGSTEINAR

Frí áletrun

Fallegir legsteinar á einstöku verði



Gjótuhrauni 8, 220 Hafnarfirði Sími: 571 0400, legsteinar@gmail.com




# Norðlenska hljóðvillan II

**BAKÞANKAR**
**Davíðs Þórs Jónssonar**



Í síðasta pistli fjallaði ég lítillega um norðlensku hljóðvilluna og mikilvægi þess að sporna við henni. Ég staldraði einkum við annað megineinkenni hennar, röddun nef- og hliðarhljóða á undan fráblásnum lokhljóðum í orðum eins og „stúlka“, „pumpa“ og „fantur“ og útskýrði af hverju hún væri röng. Nú ætla ég að taka hitt megineinkennið fyrir, óeðlilegan stafsetningarframburð fráblásinna lokhljóða sem standa á milli tveggja sérhljóða í orðum eins og „poki“, „bátur“ og „pípa“.

**ÞESSI** framburður er gjarnan réttlætur með því að svona séu orðin skrifuð. Þá er gengið út frá því að stafsetning orða ráði öllu um framburð þeirra. Þetta er reginfirra. Hljóðfræði tungunnar vegur auðvitað mun þyngra. Um þetta bera orð eins og „tafla“ og „negldi“ vitni. Jafnvel þeir sem af mestu offorsi spýta út úr sér p, t og k bera þau ekki fram eins og þau eru stafsett.

**ÞAÐ** er algild framburðarregla í íslensku að sérhljóð sem ramma af samhljóða veikja framburð þeirra. Þannig ber enginn orðið „afi“ fram eins og það er stafsett, sérhljóðin veikja f svo það er borið fram eins og v. Þetta veldur engum misskilningi, þrátt fyrir allar stafsetningarreglur. Enginn ruglar saman orðunum „pabbi“ og „pappi“, ekki einu sinni „pappi“ og „papi“. Lengd sérhljóðanna ræður úrslitum, ekki áherslan á samhljóðið. Enginn ber orðið „hagi“ fram með lokhljóði, eins og eðlilegt er að bera fram orðið „haki“. Sérhljóðin, sitt hvorum megin við g, gera það að önghljóði. Væri rétt að bera fram orðið „poki“ með norðlenskri áherslu á k hlyti því einnig að vera rétt að bera fram f í „afi“.

**ÞANNIG** stenst norðlenska hljóðvillan ekki sín eigin rök, fyrir utan hið augljósa lýti sem að því er að skyrpa út úr sér málhljóðunum af slíkum þrótti að opinn eldur flöktir í námunda og hárið blaktir á viðmælandanum. Þess vegna ber okkur að efla til almennrar vitundarvakningar og skera upp herör gegn þessari úrkynjun tungumálsins. Byrja mætti á því að ráða ekki fólk, sem svona talar, til starfa á ljósvakamiðlum – enda um alvarlegan talgalla að ræða.

**RÉTTUR** framburður er stundum kallaður „latmælgi“ af fólki sem ræður ekki við hann. Þetta er algert rangnefni. Fólk brennir ekki hitaeiningum með hljóðfræðilegum þjösnaskap. Komi leti málinu við er hún andleg og í því fólgin að nenna ekki að temja sér sáraeinfaldar, algildar framburðarreglur.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# EFTIR SKÓLA.

**Fótbolti, handbolti, dans, fimleikar... Nú hefjast tómstundirnar aftur af fullum krafti og því er um að gera að vera rétt útbúinn. Við erum með stútfullar búðir af nýjum haustvörum. Verið velkomin!**



2 BOLIR FYRIR 3.690 (fullt verð 4.980)

2.490

ETIREL PAULA TOP JR

Leikfimibolur með quickdry öndun, úr 90% polyester og 10% elastan. Litir: Bleikur, fjólublár. Barnastærðir.



3.290

ETIREL EVE PANTS JR

Leggings úr 95% bómull og 5% elastan. Litir: Svartar, bleikar. Barnastærðir.



2.490

BOLUR OG STUTTBUXUR 3.490 (fullt verð 4.490)

1.990

PRO TOUCH FUNC TEE JR / MESH SHORTS JR

Stuttermabolur. Litir: Svartur, hvítur, rauður, blár. Stuttbuxur. Litir: Svartar, hvítar, rauðar, bláar. Barnastærðir.



7.990

ADIDAS ORACLE K

Slitsterkir götuskór úr leðri. Barnastærðir.



4.490

PRO TOUC BOUNCE JR

Íþróttaskór með riflásum. Litir: Hvítir með fjólubláu, svartir. Barnastærðir.



5.990 (fullt verð 7.990)

PUMA KIDS SCORE TRACKTOP

Rennd peysa úr 100% polyester. Litir: Svört, blá. Barnastærðir.



5.490

ADIDAS ESS 3S PES PANT

Íþróttabuxur úr 100% polyester. Barnastærðir.



5.490 (fullt verð 7.990)

NIKE BIG LOGO FLEECE HOODY

Hettupeysa úr 100% bómull. Litir: Blá, svört, grá. Barnastærðir.

**INTERSPORT**

AKUREYRI SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18
LINDIR SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18 SELFOSSI SÍMI 856 4610 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16
SMÁRALIND SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

## > ÞARFASTI ÞJÓNN KONUNNAR

Fáar konur komast af án handtöskunnar sinnar sem þær hafa með sér hvert sem er. Töskurnar eru sem völundarhús og geyma allt sem við gætum þurft að nota. Í sumar eru þó litlar leðurtöskur að ryðja sér til rúms og eru þær það heitasta um þessar mundir.



# stíll

utlit@frettabladid.is



Röndóttar sokkabuxur frá Sneaky Fox. Fást í versluninni GK Reykjavík.




Gloss með býflugnavaxi sem mýkir varirnar frá Make Up Store.

OKKUR LANGAR Í …



Flottar leggings með skemmtilegum smáatriðum. Fást í versluninni Sautján.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
**SARA MCMAHON**

# *Nýju fötin keisarans*



Það var ljómandi gott veður eina helgi í sumar, himinninn heiður og hitinn fór yfir tuttugu stigin. Miðborgin fylltist af léttklæddu fólki sem spókaði sig í sumarblíðunni og á göngu um miðbæinn sá ég óvenju mikið af berleggjuðu fólki á vappi, ekki algeng sjón hér á bæ en eitthvað sem fer vaxandi með hverju sumri. Þennan dag var ég klædd sokkabuxum við kjólinn minn en innst inni dauðlangaði mig að vera í hópi þeirra berleggjuðu því auk þess að vera alltof heitt langaði mig að fá smá lit á snjóhvíta leggina. Ég kann þó ekki við að trítla um bæinn mínus sokkabuxur því ég er hrædd um að vindhviða blási upp um mig kjólinn. Eftir veturinn finnst mér líka ósjarmerandi að flagga skjannahvítum leggjum svona framan í annað fólk. Til að ég þori að bera á mér leggina án vandræðagangs þyrfti ég fyrst að næla mér í smá lit og því næst finna mér flík sem hylur hvorki fótleggina né fýkur upp um mig. Líklega er þetta þó aðeins tepruskapur í mér því ég man ekki til þess að þetta hafi nokkru sinni verið vandamál þegar ég bjó erlendis. Þá skellti maður sér í stuttan kjól strax á fyrsta sumardegi og skeytti engu um hvort leggirnir voru hvítir eða súkkulaðibrúnir. En sumarið er þegar hálfnað og því má ég engan tíma missa ef ég ætla mér ekki að ganga inn í haustið snjóhvítum fótum.



**SLAUFUR OG SKRAUT** Skrautleg flík úr vor/sumarlínu Lanvin.



**SUMARLEG** Bleikir og gulir tónar voru ráðandi í vor/sumarlínunni frá Ilincic.

## FÁGUN EINKENNIR LÍNUR LANVIN OG ILINCIC:

# Gamla Hollywood

Vor- og sumarlínurnar frá Roksöndu Ilincic og Lanvin einkenndust af fallegum bleikum og gulum litum, skemmtilegum samfestingum og kvenlegum línum. Sniðin minna eilítið á glamúrinn sem einkenndi Hollywood fimmta áratugarins og þóttu flíkur hönnuðanna vera bæði fágaðar og kynþokkafullar í senn.



**FÁGAÐ** Flíkurnar frá Lanvin eru kvenlegar og afskaplega fallegar.



**FJAÐURKRAGI** Roksanda Ilincic notaði mikið af fjöðrum til að lífga upp á flíkurnar og skóna.



**ROKSANDA ILINCIC** Æðislegur ermalaus samfestingur frá vor/sumarlínu Ilincic.


## Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com • www.markisur.is

Veðrið verður ekkert vandamál



Hrein Fjárfesting ehf

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

# ALLT FYRIR SKÓLANN Á FRÁBÆRU VERÐI!

Öll raftækin fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum.

**TOSHIBA**
**Satellite fartölva**
C650D-11R
- Örgjörvi: 2.2GHz Mobile AMD V Series V120
- Minni: 2GB (1x2GB) DDR3 1066MHz
- Harðdiskur: 250GB SATA
- Skrifari: 8xDVD±RW Dual Layer
- Skjár: 15.6" WideScreen WXGA LED
- Skjákort: ATI Radeon HD 4250 PCI-E
- Netkort: Innbyggt 10/100 netkort
- Þráðlaust: Innbyggt þráðlaust 802.11bgn netkort
- Myndavél: Innbyggð VGA myndavél
- Stýrikerfi: Windows 7 Home Premium 64-BIT
- Tengi: 2xUSB 2.0, VGA, Kortalesari o.fl.
- Þyngd: Aðeins 2.4KG
- Stærð: B 380 x D 250 x H 37,9mm
- Rafhlaða: Li-ion rafhlaða ending allt að 3.5 tímar

89.990kr GOTT VERÐ

FÆST AÐEINS Í SMÁRALIND





**TOSHIBA**
**Satellite fartölva**
C650-15P
- Örgjörvi: 2.3GHz Intel Pentium Dual-Core T4500
- Minni: 2GB (1x2GB) DDR3 1066MHz
- Harðdiskur: 320GB SATA
- Skrifari: 8xDVD±RW Dual Layer
- Skjár: 15.6" WideScreen WXGA LED
- Skjákort: Intel Media Accelerator 4500M
- Netkort: Innbyggt 10/100 netkort
- Þráðlaust: Innbyggt þráðlaust 802.11bgn netkort
- Myndavél: Innbyggð VGA myndavél
- Stýrikerfi: Windows 7 Home Premium 64-BIT
- Tengi: 2xUSB 2.0, VGA, Kortalesari o.fl.
- Þyngd: Aðeins 2.4KG
- Stærð: B 380 x D 250 x H 37,9mm
- Rafhlaða: Li-ion rafhlaða ending allt að 4 tímar

FÆST AÐEINS Í SMÁRALIND

99.990kr GOTT VERÐ

34.990kr GOTT VERÐ

**SAMSUNG**
**CLP-315 litalaserprentari**
- Upplausn: Allt að 2400 x 600
- Hraði (sv): Allt að 16bls min
- Hraði (lit): Allt að 4bls min
- Minni: 32MB
- Bakki: 150bls
- Hylki: Notar 4 aðskilin hylki
- Ódýr í rekstri



FÆST AÐEINS Í SMÁRALIND

17.990kr GOTT VERÐ

**SAMSUNG**
**ML-1640 laserprentari**
- Litur: Svartur
- Upplausn: Allt að 1200 x 600
- Hraði (sv): Allt að 16bls mín
- Minni: 8Mb
- Bakki: 150bls
- Hylki: MLT-D1082S/ELS
- Ódýr í rekstri



FÆST AÐEINS Í SMÁRALIND



14.990kr GOTT VERÐ

**WD ELEMENTS 250GB**
Fyrirferðalítill 2,5" USB flakkari.
Tekur straum í gegnum USB tengi.



17.990kr GOTT VERÐ

**WD ELEMENTS 1TB**
3,5" flakkari með
WD GreenPower tækni.
Ræsir og slekkur á sér samhliða tölvunni, fer
í hvíldarham þegar ekki í notkun.

**Manhattan 15,6"**
**empire ii taska**

4.990kr GOTT VERÐ



2.990kr GOTT VERÐ

**Manhattan 15"**
**fartölvu skinn**



Gildir til 12. ágúst á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## >EKKI BARBÍ LENGUR

Leik- og söngkonan **Jessica Simpson** er hætt að reyna að líta út eins og hin fullkomna Barbí-týpa. „Við erum allar með það á heilanum að líta út eins og hin fullkomna Barbí en það þarf ekki alltaf að vera fallegt. Aðalmálið er að vera sáttur við sjálfan sig," sagði Simpson.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Íslensk stuttmynd á RIFF

Stuttmyndin Knowledgy eftir Hrefnu Hagalín og Kristínu Báru Haraldsdóttur verður frumsýnd á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, í haust.

Leo Fitzpatrick úr kvikmyndinni Kids og sjónvarpsþáttunum The Wire leikur aðalhlutverkið ásamt Ingvari E. Sigurðssyni og Nínu Dögg Filippusdóttur. Myndin er byggð á handriti Hugleiks Dagssonar og með tónlist Krumma Björgvinssonar.

Um er að ræða metnaðarfullt lokaverkefni úr Kvikmyndaskóla Íslands en Hrefna og Kristín útskrifuðust þaðan í vor. Þær fengu hverja stjörnuna á fætur annarri til liðs við sig við gerð myndarinnar. Þar ber helstan að nefna bandaríska leikarann Leo Fitzpatrick sem fer með aðalhlutverkið. Margir muna eflaust eftir honum úr hinni umdeildu kvikmynd Kids, þar sem hann fór með hlutverk aðalsöguhetjunnar Telly. Þá hefur hann einnig leikið í sjónvarpsþáttunum The Wire, sem mikið hefur verið rætt um hér á landi að undanförnu.

Knowledgy er kolsvört kómedía sem fjallar um skiptinemann Michael frá Nýfundnalandi sem stundar nám í kvikmyndaskóla og leigir herbergi hjá pari í Reykjavík. Í þeim tilgangi að ganga í bandarískan sértrúarsöfnuð kallar íslenska parið til hjón frá Los Angeles. Michael fær leyfi til að gera heimildarmynd um vígsluna inn í sértrúarsöfnuðinn en flækist í kjölfarið í afar undarlega atburðarás. Myndin hlaut tvenn verðlaun við útskrift frá Kvikmyndaskólanum nú í vor, sem besta myndin og fyrir bestu leikstjórn/framleiðslu.



**KNOWLEDGY** Nína Dögg Filippusdóttir leikur í stuttmyndinni Knowledgy.

# Segir Tyson hafa stolið gælunafninu

Boxarinn óhugnanlegi, Mike Tyson á nú yfir höfði sér kæru frá fyrrverandi boxara sem vill meina að Tyson hafi stolið gælunafni „Iron Mike" af honum fyrir 25 árum síðan.

Boxarinn gamli, Mike Landrum, hefur farið fram á 115 milljón dollara lögsókn gegn Tyson, þar sem hann heldur því fram að hann hafi búið gælunafnið til handa sjálfum sér árið 1983. En Tyson hóf feril sinn ekki fyrr en árið 1985.

Landrum heldur því fram að hann eigi vörumerki Járnmannsins, og vill meina að „hann hafi ekki fengið tækifæri á almennilegum bardögum eða styrkjum út af nafnaruglinu."

Fréttafulltrúi Tyson segist ekki hafa neinar áhyggjur af lögsókninni og sagði í viðtali að „lögfræðingar Tysons hafi ekki enn séð gögnin, en þeir eru sannfærðir um að málið eigi sér góða skýringu."



**ÓHUGNANLEGUR BOXARI** Gamall boxari heldur því fram að Tyson hafi stolið gælunafni sínu fyrir 30 árum síðan.

vera

NÝJAR HAUSTVÖRUR FRÁ OLSEN

olsen sandwich_

vera • Laugavegi 49
Sími 552 2020



**MIRI** Hljómsveitin Miri heldur útgáfutónleika í kvöld.

## Miri fagnar nýrri plötu

**Hljómsveitin Miri heldur útgáfutónleika í félagsheimilinu Herðubreið á Seyðisfirði í kvöld í tilefni af plötu sinni Okkar sem kom út í júní. Ásamt Miri koma hljómsveitirnar Sudden Weather Change og hin seyðfirska Broken Sound fram á tónleikunum. Unnsteinn úr Retro Stefson þeytir skífum að þeim loknum. Platan Okkar var unnin í samstarfi við upptökustjórann Curver Thoroddsen og er hún prýdd ýmsum gestaleikurum. Aðrir útgáfutónleikar verða haldnir í Reykjavík 28. ágúst.**




**LITAGLAÐUR** Skipstjórinn Sævar Jens Hafberg málaði lundaskoðunarbátinn Skúlaskeið í öllum regnbogans litum í tilefni Hinsegin daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Skúlaskeið hommalegasti báturinn við bryggjuna

**Lundaskoðunarbáturinn Skúlaskeið er líklega litríkasti báturinn við Reykjavíkurhöfn um þessar mundir, en hann var málaður í öllum regnbogans litum í tilefni Hinsegin daga.**

„Ég hef gaman af því að mála og það lá beinast við að skreyta bátinn aðeins fyrir helgina. Þetta tók enga stund og báturinn hefur vakið nokkra athygli meðal manna," segir skipstjórinn Sævar Jens Hafberg. Hann málaði lundaskoðunarbátinn Skúlaskeið í öllum regnbogans litum í tilefni Hinsegin daga sem fara fram um þessar mundir.

Skúlaskeið er einn elsti farþegabátur landsins og siglir með ferðamenn út í Akurey og Lundey þar sem hægt er að skoða fjölmenna lundabyggð. Áður var báturinn notaður til að ferja fólk til og frá Viðey og dregur hann nafn sitt af Skúla fógeta í Viðey.

Svævar segist hafa fengið góð viðbrögð frá þeim ferðamönnum sem hafa siglt með honum en segir hina sjómennina við höfnina ekki jafn hrifna af uppátækinu. „Þeir hafa gert svolítið grín að mér, en ég svara þeim bara á móti og segi þá augljóslega ekki nógu örugga með sjálfa sig og þá hætta þeir," segir Sævar hlæjandi og viðurkennir að Skúlaskeið sé samkynhneigðasti báturinn við bryggjuna þessa dagana.

„Farþegarnir eru flestir erlendir ferðamenn og það eru ekki allir sem þekkja regnbogafánann en finnst þó báturinn fallegur svona marglitur, ég bendi þeim þá á að þetta sé gert í tilefni Hinsegin daga." Spurður hvort liturinn fái að halda sér eftir helgina segir Sævar það enn óákveðið. „Ég hef ekkert spáð í það en ég reikna nú með því að hann verði málaður hvítur aftur einhvern tímann eftir helgi."

Inntur eftir því hvort hann ætli að taka þátt í gleðigöngunni í dag segist Sævar þurfa að vinna. „Kannski nær maður að taka einn hring um bæinn, annars kemur skrúðgangan svo neðarlega og sumir koma alla leið niður að bryggju," segir hinn litaglaði skipstjóri að lokum. sara@frettabladid.is





2.990



**PRO TOUCH NATALIA / MARTIN**
Æfingabolur með climate dry öndun.
Litir: Svartur, hvítur, rauður. Dömu- og herrastærðir.

4.990



3.490



**PRO TOUCH MARCEL UNISEX**
Hlaupastuttbuxur með climate dry öndun.

**PRO TOUCH MARSCHA / MATTI**
Hlaupabuxur með climate dry öndun.
Dömu- og herrastærðir.

# 30% afsláttur af ASICS hlaupaskóm

asics®

GILDIR FRÁ 7. ÁGÚST TIL 11. ÁGÚST 2010

VERÐDÆMI
24.490
(fullt verð 34.990)



**ASICS KAYANO 16**
Hlaupaskór með geldempun og innanfótarstyrkingu.



**ASICS GT-2150**
Hlaupaskór með geldempun og innanfótarstrykingu.

VERÐDÆMI
18.890
(fullt verð 26.990)



18.990
(fullt verð 32.990)

**NIKE ZOOM STRUCTURE TRIAX**
Hlaupaskór með innanfótarstyrkingu og loftpúðum undir hæl og tábergi. Dömu- og herrastærðir.
Fást í Lindum og Bíldshöfða.



9.990
(fullt verð 13.990)

**ADIDAS URAHA 2**
Hlaupaskór með adiPRENE dempun í hæl.
Herrastærðir.



14.490
(fullt verð 23.990)

**NIKE ZOOM ATLAS+**
Hlaupaskór með loftpúðum undir hæl og tábergi.
Dömu- og herrastærðir.

INTERSPORT

**AKUREYRI SÍMI 460 4890** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 **LINDIR SÍMI 585 7260** OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
**SELFOSSI SÍMI 856 4610** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND SÍMI 585 7240** OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18




**RACHEL BILSON** Er búin að fá nóg af allri þeirri athygli sem megrunar- og æfingarprógrömm fá í Hollywood.

# Komin með nóg af áráttu um þyngd

O.C stjarnan Rachel Bilson er komin með nóg af þráhyggju Hollywood gagnvart líkamsvexti, sem ýtir undir það að ungar stúlkur séu óánægðar með líkama sinn.

Stjarnan smávaxna hatar þegar hún er stanslaust spurð um megrunar- og æfingaprógramm. Hún vildi óska þess að það væri meiri áhersla á heilbrigt mataræði í stað þess að grennast.

„Veistu hvað ég hata? Þá athygli sem beinist að þyngd og líkamsvexti. Þetta er svo stórt skref aftur á bak og sendir röng skilaboð. Mataræði og æfingaprógramm er ekki það sem ungar stúlkur eiga að hafa áhyggjur af. Þær líta upp til leikkvennanna og lesa um lýtaaðgerðir og hvað má og má ekki borða,“ segir leikkonan ákveðin.

Að lokum bætti hún við: „Ég borða, ég elska mat, ég vil borða þegar ég vil borða. Ef þú ert ekki sátt við sjálfa þig, þá stundaðu líkamsrækt. En þú gerir það fyrir sjálfa þig.“

# Berjast fyrir hjónabandinu

**Eitt traustasta hjónabandið í Hollywood stendur nú á brauðfótum samkvæmt helstu slúðurritum hið vestra. Hjónin Ben Affleck og Jennifer Garner hafa ekki sést saman opinberlega í langan tíma og telja margir það ekki vita á gott.**

Ben Affleck og Jennifer Garner hafa ekki sést saman í nokkuð langan tíma og telja menn að það geti þýtt að hjónaband þeirra standi völtum fótum.

Affleck og Garner kynntust við tökur á kvikmyndinni Daredevil og trúlofuðu sig eftir aðeins níu mánaða samband. Þau giftu sig árið 2005 og eiga saman dæturnar Violet Anne og Seraphina Rose Elizabeth. Hjónaband Afflecks og Garners hefur ávallt þótt hamingjuríkt og traust en tímaritið In Touch vill meina að sambandið sé ekki eins gott og margir halda.

Garner hefur dvalið í New York undanfarna mánuði við tökur á kvikmyndinni Arthur og haft lítinn tíma til að sinna fjölskyldu sinni.

„Ben var aldrei týpan til að giftast og hann er enn svolítill glaumgosi innst inni. Nú þegar hann er farinn að nálgast fertugt virðist hann vera að ganga í gegnum einhvers konar krísu,“ var haft eftir fjölskylduvini. „Hann elskar Jennifer og sér ekki sólina fyrir dætrum sínum og þess vegna er hann tilbúinn til að berjast fyrir sambandinu. En hjónabandið stendur á brauðfótum eins og er.“



NORDICPHOTOS/GETTY

**HAMINGJUSÖM TIL ÆVILOKA**

**Ben Affleck** og **Jennifer Garner** hafa verið gift í fimm ár og hefur samband þeirra alltaf þótt mjög hamingjuríkt og traust. Nú telja menn þó að brestir séu komnir í sambandið og hefur parið leitað til hjónabandsráðgjafa til að vinna úr sínum málum.




BURT MEÐ AUKAKÍLÓIN!

**Árangur** / 20+

**Komdu út úr vítahringnum – 8 vikna námskeið**

Komdu með í skemmtilegan hóp. Nýttu þér áratuga reynslu okkar og lærðu að tileinka þér nýjan og betri lífsstíl sem eykur lífsþrótt, hreysti og vellíðan.

Forgangsraðaðu, settu þig í fyrsta sæti.

Námskeiðið samanstendur af gönguferðum, léttri leikfimi, fyrirlestrum, fræðslu og stuðningsfundum. Þú færð sendan tölvupóst með stuðningi og fræðslu 5x í viku og aðgang að lokuðu heimasvæði á www.hreyfing.is með girnilegum heilsuuppskriftum frá Ágústu Johnson.

Hefst 16. ágúst.
Verð 29.900 kr.

Þú eykur orku þína, þrek og vellíðan til framtíðar.
Nánari lýsingu á námskeiðinu finnur þú á www.hreyfing.is.

Mánudaga og miðvikudaga kl. 18.30 og laugardaga kl. 9.15.
Umsjón: Ásrún Ólafsdóttir

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa | Álfheimar 74 Sími: 414 4000 hreyfing@hreyfing.is www.hreyfing.is





**STAL NOLAN HUGMYNDINNI?** Sagan Inception líkist mjög myndasögu úr Andabæ.

# Er hugmyndin um Inception stolin?

Þær sögusagnir fara nú líkt og eldur í sinu vestanhafs að hugmyndin að kvikmyndinni Inception sé í raun komin úr gamalli Andabæjarmyndasögu í Disneybók sem nefnist Uncle Scrooge in The Dream of a Lifetime.

Þrátt fyrir að fólk eigi erfitt með að trúa því að Chris Nolan myndi gera eitthvað þessu líkt er fólk í vafa því að líkindin á milli þessara tveggja eru gífurleg.

Sagan í myndasögunni fjallar um það þegar Bjarnarbófar koma sér inn í draum Jóakims frænda til þess að komast að talnarunuuni sem kemur þeim inn í peningageymslu frændans. Þetta þykir einhverjum líkjast mjög hugmyndinni á bak við Inception. Auk þess þykir tækinu sem notað er í myndinni svipa mjög til tækisins í myndasögunni.

Því spyrja menn, gæti þetta verið satt? Er möguleiki á því að hugmyndin á bak við þessa stórmögnuðu mynd sé tekin úr myndasögubók um sögur Andarbæjar?


**Skemmtistaður/matsölustaður**

Tælenskur matsölustaður og sér skemmtistaður á besta stað miðsvæðis í Reykjavík til sölu saman eða sitt í hvoru lagi. Öll leyfi og langtíma leigusamningar. Góður rekstur og tækifæri, upplýsingar í síma 660 3770 eða 6976333.



**BIEBER Á HVÍTA TJALDIÐ** Áætluð ævisaga Bieber er enn á dagskrá þó svo að leikstjórinn hafi hætt við.

# Leikstjórinn hættir við

Aðeins tveimur dögum eftir að tilkynnt var að setja ætti ævisögu söngvarans Justins Bieber á hvíta tjaldið hefur leikstjórinn David Guggenheim dregið sig út úr verkefninu.

Guggenheim, sem hlaut Óskarinn fyrir heimildarmynd sína An Inconvenient Truth, er sagður hafa hætt við ævisöguna til að kynna nýjustu mynd sína, Waiting for Superman.

Áætlunin um ævisöguna er þó ekki öll þó svo að Bieber-teymið sé ekki ánægt með hegðun leikstjórans. Áhugasamir geta tekið gleðina sína á ný því líf Biebers fer á tjaldið. - ls

# Robbie kvænist

**Robbie Williams gengur í hjónaband á næstunni. Samkvæmt fréttamiðlum vestanhafs hefur söngvarinn tilkynnt að hann mun kvænast unnustu sinni, Aydu Field, á eyjunni Santa Catalina rétt utan við strendur Kaliforníu. Það voru þó nokkrar stúlkur sem felldu tár þegar kyntröllið greindi frá því að hann hefði beðið Field í nóvember á síðasta ári.**

**Parið hefur boðið fáum gestum í persónulega athöfn í dag þar sem þau lofast hvort öðru til eilífðar – allavega á Hollywood-mælikvarða.**











**RIVERS CUOMO** Áttunda plata Weezer nefnist Hurley og kemur út um miðjan næsta mánuð.

# Nýja Weezer-platan heitir Hurley

Næsta plata hljómsveitarinnar Weezer nefnist Hurley og kemur út um miðjan september. Þetta verður áttunda plata sveitarinnar og fylgir hún í kjölfar Raditude sem kom út í fyrra. Weezer yfirgaf útgáfurisann Geffen á síðasta ári og kemur nýja platan út hjá fyrirtækinu Epitaph Records. „Á þessum tímapunkti á ferli okkar þurfum við ekki á stóru plötufyrirtæki að halda,“ sagði forsprakkinn Rivers Cuomo. Tónlistarmaðurinn Ryan Adams tók þátt í að semja eitt lag á plötunni. Þar verður einnig lagið Time Flies eftir Mac Davis, höfund In The Ghetto með Elvis Presley frá árinu 1969.

# Tilbúinn að skuldbinda sig

Samkvæmt heimildum fjölmiðla vestanhafs er leikarinn Leonardo DiCaprio að skipuleggja bónorð um þessar mundir.

DiCaprio, sem hefur verið með ísraelsku ofurfyrirsætunni Bar Rafaeli í um fimm ár, fær aðstoð hjá móður sinni við að velja hinn fullkomna hring sem honum þykir Rafaeli eiga skilið.

„Hann er loksins tilbúinn að skuldbindast Rafaeli og gera sambandið opinbert. DiCaprio hefur sagt nánustu vinum sínum frá plönum sínum og að móðir hans aðstoði hann við að velja hringinn,“ er haft eftir heimildarmanni.

Hjartaknúsarinn, sem hefur átt í sambandi við nokkrar fegurðardísirnar þar með talið Gisele Bundchen, hefur ákveðið að selja villu sína í Hollywood og kaupa hús með verðandi unnustu sinni. „Hann bað hana að flytja inn til sín. Rafaeli er alveg til í að eyða nótt og nótt í piparsveinaíbúð hans en hún gæti ekki hugsað sér að búa þar,“ er haft eftir heimildarmanni. Það er greinilegt að DiCaprio er að komast yfir skuldbindingahræðslu sína og það tók hann ekki nema heil fimm ár. Enginn vafi á því að biðin var þess virði fyrir ofurfyrirsætuna.



**HJARTAKNÚSARINN** Leikarinn er um þessar myndir að plana bónorð og fær aðstoð móður sinnar við að velja fullkominn hring.




Margmiðlun / upplýsingatækni

í dreifnámi (fjarnám á netinu með staðbundnum lotum)

ljósmyndun
vefhönnun
teiknimyndagerð
myndbygging
útvarp
sjónvarp
umbrot
litafræði
kvikmyndun
safnafræði
grafísk hönnun
formfræði

Innritun lýkur 16. ágúst

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar:
http://dreifnam.multimedia.is

BHS Borgarholtsskóli
v/Mosaveg 112 R. Sími 535 1700 www.bhs.is


# Robin Wright sem Erika Berger

Robin Wright hefur verið ráðin í hlutverk Eriku Berger í bandarísku útgáfunni af Karlar sem hata konur. Persóna Berger er ritstjóri tímaritsins Millenium og ástkona blaðamannsins Mikaels Blomkvist, sem Daniel Craig mun leika. Enn á eftir að ráða í hlutverk Lisbeth Salander. Wright hefur á ferilskránni myndir á borð við Forrest Gump, Unbreakable og State of Play. Stutt er síðan hún skildi formlega við leikarann Sean Penn, eiginmann sinn til margra ára. Leikstjóri Karla sem hata konur verður David Fincher, maðurinn á bak við Fight Club, Seven og The Curious Case of Benjamin Button.



**ROBIN WRIGHT** Leikkonan hefur verið ráðin í hlutverk Eriku Berger í Karlar sem hata konur.




ÚTSÖLULOK

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

BIRNA

BIRNA Concept Shop
Skólavörðustíg 2
Sími 445 2020
www.birna.net

Opið lau. kl. 11–17
Sun. kl. 13–17




**KRISTEN STEWART** Leikkonan er ekki hrifin af karókí.

# Ekki hrifin af karókí

**Leikkonan Kristen Stewart, sem hefur gert garðinn frægan í Twilight-myndunum vinsælu, er dauðhrædd við að spreyta sig í karókí. Hún segist aldrei hafa komist í gegnum eitt lag í karókí á ævi sinni og vill helst ekki prófa aftur. „Ég vil helst aldrei aftur fara í karókí. Ég er virkilega hrædd við það,“ sagði Stewart, sem er tvítug. „Í hvert skipti sem ég prófa syng ég kannski tvær setningar og síðan enda ég á því að tala það sem eftir er. Ég fer hjá mér bara að tala um þetta,“ sagði hún. Stewart sést næst á hvíta tjaldinu í myndinni Welcome to the Rileys þar sem James Gandolfini og Melissa Leo eru einnig í stórum hlutverkum.**



NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI
RISA MARKAÐUR
Opið alla helgina
50%
auka afsláttur af öllum vörum
Útsölunni lýkur á sunnudag!
LAUGARDALSHÖLLINNI
TÓNLIST - DVD - BÆKUR
Vörur frá kr. 149
KR. 499
KR. 499
KR. 499
KR. 499
KR. 399
KR. 499
KR. 499
KR. 499
KR. 749
KR. 499
KR. 499
KR. 749
KR. 249
KR. 249
KR. 299
KR. 499
KR. 499
KR. 499
KR. 399
KR. 299
Síðustu dagar, allt á seljast!
Þúsundir titla í boði
Nýjar vörur daglega
OPIÐ 11 - 19 UM HELGINA

# Vinir Fishburne reyndu að stöðva klám dótturinnar

**Klámmynd með dóttur leikarans Laurence Fishburne er farin í dreifingu. Hann ku vera eyðilagður maður yfir uppátækinu, en vinir hans reyndu að kaupa upp lagerinn af myndinni til að stöðva dreifingu hennar.**





**DRAUMUR AÐ RÆTAST**
Laurence Fishburne ásamt Montana dóttur sinni fyrir fjórum árum þegar allt lék í lyndi. Hún segist ekki sækjast eftir frama í hefðbundnum kvikmyndum með útspili sínu, heldur sé gamall draumur að rætast. Paris Hilton er dæmi um stjörnu sem hefur náð miklum frama eftir að klámmyndband með henni kom út.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu lék dóttir leikarans Laurence Fishburne í klámmynd sem fór í dreifingu á dögunum. Samkvæmt fréttasíðunni TMZ reyndu vinir leikarans að koma í veg fyrir dreifingu myndbandsins með því að kaupa upp lagerinn. Þeir leituðu til stjörnulögfræðingsins Yale Galenter sem hafði samband við Steve Hirsch, forstjóra Vivid, framleiðanda myndbandsins. Tilboðið hljóðaði upp á milljón dollara, eða um 120 milljónir íslenskar. Allt kom þó fyrir ekki þar sem Hirsch og félagar höfðu þegar sent myndbandið í dreifingu.

Tímaritið People birti á dögunum viðtal við hina 18 ára gömlu Montana Fishburne. Ljóst er að hana hefur aldrei skort veraldleg gæði, þannig að peningar voru ekki ástæðan fyrir uppátækinu. Hún segir í viðtalinu að hún líti ekki á það sem stórmál að leika í klámmynd.

„Mig hefur alltaf langað til að gera þetta," sagði hún. „Ég hef alltaf verið sátt við líkama minn og kynþokka." Hún segist ekki vonast til þess að myndin verði til þess að hún fái hlutverk í hefðbundnum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum, eins og raunin varð þegar klám með Paris Hilton og Kim Kardashian kom út. „Ég er ekki í klámi til að komast í leiklist," segir Fishburne. „Ég er í klámi vegna þess að mig hefur alltaf langað til þess."

Laurence Fishburne hefur verið tilnefndur til Óskarsverðlauna og leikur aðalhlutverkið í CSI-þáttunum vinsælu. Dóttir hans ráðfærði sig ekki við hann áður en hún tók þessa afdrifaríku ákvörðun. „Það var búið að framleiða myndina þegar þau komust að þessu þannig að ég gaf þeim ekki tækifæri til að tala mig til," segir Fishburne, en hún flutti úr foreldrahúsunum þegar hún varð 18 að eigin sögn: „Til að geta gert það sem ég vil án þess að foreldrar mínir reyni að koma í veg fyrir það."


NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
22 BULLETS
Ljóti andarunginn og ég — ATH! 650 kr.
Jackie Chan, Jaden Smith — The Karate Kid
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!
Knight and Day — Cruise Diaz

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| 22 BULLETS | 5.45, 8 og 10.15 | 16 |
| LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG | 2(600 kr) og 4 - ISL TAL | L |
| THE KARATE KID | 2(600 kr), 5 og 8 | L |
| SHREK 4 SÆLL ALLA DAGA 3D | 2(900 kr), 4 og 6 - ISL TAL | L |
| KNIGHT AND DAY | 8 og 10.15 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!
Jaden Smith, Jackie Chan — LÚXUS — The Karate Kid
Jackie Chan kennir ungum lærling sitthvað um Kung Fu í vinsælustu fjölskyldumynd ársins!
Missið ekki af myndinni sem sló í gegn í Bandaríkjunum og fór beint á toppinn. L
Svali ævintýradrykkur
Stórskemmtilega teiknimynd fyrir alla fjölskylduna með íslensku tali.
650 kr. Ljóti andarunginn og ég
Myndin er byggð á hinu sígilda ævintýri um ljóta andarungann. L
Shrek Forever After 3D L
Mari Tokyo, Japan — Bayar Bayanchandmani, Mongólíu — Hattie San Francisco, Kaliforníu — BABIES L
Cruise Diaz Knight and Day ★★★ -T.V, Kvikmyndir.is ★★★ -S.V., MBL 12

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG | kl. 1 - 4 - 6 (650 kr.) | L |
| KARATE KID | kl. 1 (650 kr.) 5.10 - 8 - 10.50 | L |
| KARATE KID LÚXUS | kl. 2 - 5.10 - 8 - 10.50 | L |
| PREDATORS | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| SHREK 4 3D 3D ÍSL TAL | kl. 1 (950 kr.) 3.30 - 5.45 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 1 (650 kr.) 3.30 | L |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu *aðeins sunnudag

| | | |
|---|---|---|
| LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG | kl. 4* 6 (650 kr.) | L |
| THE KARATE KID | kl. 3.30*(650 kr.) - 6.30 - 8 - 9.30 | L |
| BABIES | kl. 4* - 6 - 8 | L |
| PREDATORS | kl. 10 | 16 |
| KILLERS | kl. 3.30* - 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG | kl. 3 - 4.40 - 6.10 (600 kr.) | L |
| THE KARATE KID | kl. 3 (600 kr.) - 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| PREDATORS | kl. 10 | 16 |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN
FRÁBÆR MYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
FRÁ ÞEIM SEM FÆRÐU OKKUR PIRATES OF THE CARIBBEAN OG NATIONAL TRESURE MYNDIRNAR, KEMUR EIN BESTA ÆVINTÝRAMYND ÁRSINS
The Sorcerer's Apprentice — It's the coolest job ever.
FRÁBÆR MYND Í ANDA MATRIX OG JAMES BOND
LEONARDO DICAPRIO
ÞRIÐJA BESTA MYND ALLRA TÍMA -SKV. IMDB.COM
INCEPTION — From the director of The Dark Knight

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SORCERER´S APPRENTICE | kl. 1 - 3:20 -5:40 -8 -10:20 | 7 |
| THE SORCERER´S APPRENTICE | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| INCEPTION | kl. 4 - 7 - 8 - 10 - 11 | 12 |
| INCEPTION | kl. 2 - 5 | VIP |
| SHREK 3D M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK FOREVER AFTER M/ ensku Tali | kl. 10:50 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl. Tali | kl. 1:30 - 1:50 - 3:40 -5:50 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| SORCERER´S APPRENTICE | kl. 1:30 - 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA ísl. Tali Olísmót laugardag | Sýnd kl. 9-11-13-15-17, sýnd sun. kl. 1:30 - 5:50 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| PREDATORS | kl. 8 - 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SORCERER´S APP... | 1 - 3:20 - 5:40 -8 -10:30 | 7 |
| INCEPTION | kl. 8 - 10:20 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA 3D M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| SHREK FOREVER AFTER 3D M/ ensku Tali | kl. 5:50 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 3D M/ ísl. Tali | kl. 1 - 3:20 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 5:40 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK SÆLL ALLA DAGA 3D ísl. Tali | kl. 2 | L |
| SHREK FOREVER AFTER 3D ensku Tali | kl. 4 | L |
| THE SORCERER'S APPRENTICE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl. Tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| INCEPTION | kl. 8 - 11 | 12 |

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

SPARBÍÓ
The Sorcerer's Apprentice — ÁLF. KL. 1 - KRINGL. KL. 1 SELF. KL. 1:30 - KEFL. KL. 3
Shrek sæll alla daga — ÁLF. 1:30 Í 2D OG 3D KRINGL. 1:30-3D AK. 2 3D SELF. 1:30-2D KEFL. 3 - 2D
Toy Story 3 — ÁLF. KL. 1:30 2D - KRINGL. KL. 1 3D AK. 2 2D

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
Ódýrt í bíó
Ljóti andarunginn og ég 600 KR. SÝND KL. 2
Jackie Chan, Jaden Smith — The Karate Kid 600 KR. SÝND KL. 2
Shrek Forever After 3D SÝND KL. 2 900 KR. Í 3D
LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

TILBOÐSVERÐ Í BÍÓ
SMÁRABÍÓ BORGARBÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
650 kr. Ljóti andarunginn og ég — ALLAR SÝNINGAR-ÖLL BÍÓ
2D 650 kr. 3D 950 kr. Shrek Forever After 3D — KL.1 SMÁRABÍÓ
650 kr. Smith Chan The Karate Kid — KL.1 SMÁRABÍÓ KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ SUN. KL.3 BORGARBÍÓ

# EINSTAKT TÆKIFÆRI

til að eignast ÍSLENSKA ORÐABÓK
á hagstæðara kynningarverði en áður hefur sést

ÓSTYTT ÚTGÁFA




- Um 94.000 uppflettiorð
- 1.250 blaðsíður í einu bindi
- Fjöldi skýringa og máldæma
- Skýrar og fjölbreyttar leiðbeiningar um málsnið og málnotkun

**Hin einna sanna íslenska orðabók í handhægri mjúkspjaldaútgáfu**

Fullt verð: 9.990 kr.

**Tilboðsverð: 7.990 kr.**

*„– Ég skildi, að orð er á Íslandi til um allt, sem er hugsað á jörðu.“*

EINAR BENEDIKTSSON

FORLAGIÐ

www.forlagid.is

## > Magni fer ekki í Snæfell

Magni Hafsteinsson var orðaður við Íslandsmeistaralið Snæfells í sumar en nú er ljóst að hann mun ekki spila með Snæfelli eins og hann gerði á árunum 2004 til 2009. Magni vinnur sem lögreglumaður á Selfossi í sumar og er að leita sér að vinnu í vetur. Magni spilaði með nýliðum Fjölnis síðasta vetur og það eru mestar líkur á að hann spili áfram með Grafarvogsliðinu en hann er þó ekki búinn að ganga frá neinu. Magni var með 11,6 stig og 6,6 fráköst með Fjölni síðasta vetur og fór þá fyrir ungu liði sem var nálægt því að komast í úrslitakeppnina.



# sport

sport@frettabladid.is

**LOGI GUNNARSSON: GERÐI TVEGGJA ÁRA SAMNING VIÐ SÆNSKA STÓRLIÐIÐ SOLNA VIKINGS**

# *Í fyrsta sinn í deild með öðrum Íslendingum*

Logi Gunnarsson gekk í fyrrakvöld frá tveggja ára samningi við Solna Vikings en fyrir í sænsku deildinni eru Hlynur Bæringsson og Jakob Örn Sigurðarson sem spila með Sundsvall Dragons og Helgi Már Magnússon gæti verið áfram í herbúðum Solna-liðsins eins og á síðasta tímabili.

„Þetta er óvenju snemmt hjá mér að vera búinn að ganga frá mínum málum,“ segir Logi sem fagnar því nú þar sem hann er kominn með fjölskyldu en Logi á tvö lítil börn, 2 ára og 10 mánaða. „Það var kannski öðruvísi fyrir nokkrum árum þegar við vorum bara tvö ein. Við erum mjög sátt og sérstaklega þar sem þetta er tveggja ára samningur. Það gefur ákveðið öryggi að vera með vinnu næstu tvö árin,“ segir Logi. „Gamli þjálfarinn minn hjá TOPO í Finnlandi gerði þá að meisturum og ég fékk aðeins innsýn inn í klúbbinn í gegnum hann. Hann talaði mjög vel um liðið og sagði mér að þeir stefndu alltaf hátt,“ segir Logi og hann telur að sænski boltinn henti sér vel. „Ég held að sænski boltinn svipi til finnska boltans. Ég er búinn að vera í Finnlandi og líkaði mjög vel þar,“ segir Logi.



„Ég held að fyrsti leikurinn minn sé þegar Jakob og Hlynur koma í heimsókn til okkar með Sundsvall. Það verður gaman og ég hef aldrei á þessum níu árum sem atvinnumaður verið með Íslending í deildinni minni,“ segir Logi en hann átti möguleika á því að fá samning í öðrum löndum líka en það gerði útslagið að Svíarnir buðu honum tveggja ára samning.

„Þeir sýndu mér mjög mikinn áhuga og ég fann vel fyrir því. Ég ræddi líka við bæði Jakob og Helga og þeir töluðu vel um þetta allt saman,“ segir Logi en það eru spilaðir margir leikir í Svíþjóð.

„Ég kynntist því í Finnlandi og mér fannst það mjög gaman. Það er stundum lýjandi að vera að spila níu til tíu mánuði í þessum Evrópulöndum og vera alltaf að bíða alla vikuna eftir leik. Það er fínt að æfa minna og spila meira,“ sagði Logi að lokum.

## ÚRSLIT Í GÆR

### *Pepsi-deild kvenna*

| | |
|---|---|
| Valur-Þór/KA | 3-0 |
| 1-0 Rakel Logadóttir (30.), 2-0 Helga Sjöfn Jóhannesdóttir (45.), 3-0 Hallbera Guðný Gísladóttir (72.) | |
| Grindavík-Afturelding | 4-1 |
| 0-1 Victoria Charnley (9.), 1-1 Rachel Furness (46.), 2-1 Shaneka Gordon (65.), 3-1 Sara Hrund Helgadóttir (74.), 4-1 Anna Þórunn Guðmunds dóttir (88.) | |
| Fylkir-FH | 0-0 |
| Haukar-Stjarnan | 2-2 |
| 1-0 Megan Snell, 1-1 Katie McCoy, 1-2 Laura King, 2-2 Megan Snell. | |

**Stig efstu liða:** Valur 32, Breiðablik 26, Þór/KA 25, Fylkir 23, Stjarnan 21, KR 21, Grindavík 14.

### *1. deild karla*

| | |
|---|---|
| ÍA-Leiknir R. | 0-1 |
| 0-1 Kjartan Andri Baldvinsson (52.) | |
| ÍR-HK | x-x |
| 1-0 Björn Viðar Ásbjörnsson (29.), 2-0 Elías Ingi Árnason (83.), 2-1 Samúel Arnar Kjartansson (90.). | |

**Upplýsingar** um markaskorara eru fengar frá netsíðunni fótbolti.net.

Valskonur eru komnar með sex stiga forskot á toppi Pepsi-deildar kvenna eftir 3-0 sigur á Þór/KA:

# Svöruðum fyrir skituna í Árbænum

**FÓTBOLTI** „Þvílíkt kvöld! Þetta er frábært,“ sagði Freyr Alexandersson, þjálfari Vals, eftir að hans lið vann öruggan sigur á Þór/KA í toppslag Pepsi-deildar kvenna 3-0. Gleði Freys var tvöföld en strax eftir leik fékk hann þær fréttir að félagar hans í Leikni hefðu landað þremur stigum í toppbaráttu 1. deildar karla.

Sigur Valskvenna í gær var ansi öruggur og eftir að þær komust yfir var í raun aldrei spurning hvernig leikurinn færi. Gestirnir fengu reyndar tvö dauðafæri til að komast inn í leikinn í stöðunni 2-0 en í bæði skiptin varði María Björg Ágústsdóttir frábærlega gegn Mateju Sver.

„Við erum með markvörð til að verja og hún er best á landinu í einn á einn stöðu, sennilega í Norður-Evrópu líka. Við þökkum fyrir hennar framlag, hún var frábær,“ sagði Freyr en allt annað var að sjá til Valsliðsins frá síðasta leik gegn Fylki. „Við vorum miklu betri aðilinn í dag og svöruðum fyrir skituna á Árbæjarvelli.“ Valsliðið er komið í ansi sterka stöðu eftir þessi úrslit og þarf að misstíga sig ansi illa til að missa af Íslandsmeistaratitlinum. Freyr heldur sér samt alveg á jörðinni. „Þetta skref var eitt af átján, svo er það bara næsti leikur.“

Valur mætir Stjörnunni í næstu tveimur leikjum en sá síðari er bikarúrslitaleikur. „Það verður skemmtilegt. Það er ný upplifun að lenda í þessum leikjum á þessum tíma og það verður bara spennandi verkefni. Ef liðið er svona gírað erum við til í hvað sem er.“

Rakel Hönnudóttir, fyrirliði Þórs/KA, var ekki sammála undirrituðum í því að hennar lið hafi verið algjörlega undir í leiknum. „Ég er hundsvekkt eftir þennan leik. Við fengum alveg færi til að skora í þessum leik og áttum að nýta þau. Það hefur verið okkar vandamál í sumar að klára færin,“ sagði Rakel.



**FYRSTA MARKINU FAGNAÐ** Rakel Logadóttir kom Val í 1-0 en hún missti af Fylkisleiknum vegna meiðsla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Leikirnir gegn toppliðunum eru þeir mikilvægustu en við töpuðum báðum leikjunum gegn Val.“

elvargeir@frettabladid.is





**SJÖ MÖRK Í FJÓRUM LEIKJUM** Gilles Ondo hefur farið í gang eftir komu nýja þjálfarans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gilles Mbang Ondo:

# Sannar sig fyrir Ólafi Erni

**FÓTBOLTI** Grindvíkingurinn Gilles Mbang Ondo hefur heldur betur verið í stuði í sumar í þeim fjóru leikjum sem nýi þjálfarinn, Ólafur Örn Bjarnason, hefur verið á staðnum og stjórnað liðinu.

Gilles Mbang Ondo skoraði tvö mörk þegar Grindavík vann 3-0 sigur á Fram á fimmtudagskvöldið.

Grindavíkurliðið hefur náð í 10 af 12 mögulegum stigum í þessum fjóru leikjum og skorað tíu mörk gegn fimm. Ondo hefur skorað sjö af þessum tíu mörkum en hann hefur skorað í öllum fjórum leikjum þar af tvennu í þremur þeirra.

Grindavík hefur aðeins náð í tvö stig út úr þeim tíu leikjum þar sem Ólafur Örn var úti í Noregi og Gilles náði aðeins að skora eitt mark í þeim. - óój

**Ólafur Örn á staðnum**

| | |
|---|---|
| Leikir Grindavíkur | 4 |
| Stig Grindavíkur | 10 (af 12) |
| Markatala Grindavíkur | 10-5 |
| Mörk Gilles Ondo | 7 í 4 leikjum |

**Ólafur Örn í Noregi**

| | |
|---|---|
| Leikir Grindavíkur | 10 |
| Stig Grindavíkur | 2 (af 30) |
| Markatala Grindavíkur | 6-18 |
| Mörk Gilles Ondo | 1 í 9 leikjum |

20 ára landsliðið á EM:

# Spila um sjöunda sætið

**HANDBOLTI** Íslenska 20 ára landsliðið tapaði 27-32 á móti Svíum í gær í krossspili um 5.-8. sætið á Evrópumótinu í Slóvakíu og spilar því um sjöunda sætið á mótinu. Ísland mætir því Spáni í dag og hefst leikurinn kl. 18.00 að íslenskum tíma.

Svíar unnu seinni hálfleikinn með átta marka mun, 11-19, og tryggðu sér með því leik um fimmta sætið við Frakka. Ólafur Guðmundsson var langatkvæðamestur í íslenska liðinu með níu mörk. - óój


pepsi deildin

**Sunnudagurinn 8. ágúst**

| | |
|---|---|
| **ÍBV - Haukar** *Hásteinsvöllur* | kl. 16:00 |
| **Fram - Fylkir** *Laugardalsvöllur* | kl. 19:15 |
| **Valur - Grindavík** *Vodafonevöllurinn* | kl. 19:15 |
| **Stjarnan - Selfoss** *Stjörnuvöllur* | kl. 19:15 |
| **FH – Breiðablik** *Kaplakrikasvöllur* | kl. 19:15 |
| **Keflavík - KR** *Sparisjóðsv. Keflavík* | kl. 19:15 |


Jakob Jóhann Sveinsson úr Ægi er eini Íslendingurinn á Evrópumeistaramótinu í 50 metra laug:

# Búningaleysið hefur ekki áhrif á hann

**SUND** Bringusundsmaðurinn Jakob Jóhann Sveinsson úr Ægi er kominn til Búdapest í Ungverjalandi þar sem að hann hefur keppni á Evrópumeistaramótinu í 50 metra laug á mánudaginn.

„Þetta lítur ágætlega út. Það er búið að ganga vel í vetur og ég er búinn að synda betur á flestum mótum miðað við í fyrra," sagði Jakob. Jakob Jóhann hefur verið við æfingar í Canet í Suður-Frakklandi ásamt þjálfara sínum, Jacky Pellerin, en keppt er í útilaug í Búdapest. „Við vissum að þetta væri utanhúss og þess vegna fórum við til Suður-Frakklands til þess að búa okkur undir hitann," segir Jakob.

„Við gerðum þetta fyrir heimsmeistaramótið í fyrra og þá gekk þetta mjög vel. Ég var orðinn vanur hitanum og leið ekkert illa þegar ég keppti í útilauginni í Róm," segir Jakob.



**JAKOB JÓHANN SVEINSSON**

Jakob á Íslandsmetin í öllum sundgreinunum og setti hann þau í Róm í fyrra. „Íslandsmetin eiga alveg að geta fallið ef ég næ góðum sundi. Markmið mitt á þessu ári var að fara upp heimslistann miðað við í fyrra," segir Jakob sem sér mikinn mun á sumum sundmönnum þegar þeir mega ekki synda í sundbúningunum.

